



FJÖLMENNINGARSETUR



Öflugur framhaldsskóli  
á Vestfjörðum

# Samfélagstúlkun og íslenskt þjóðfélag



Rúnar Helgi Haraldsson

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Hluti 1, Almenn samfélagstúlkun .....	5
Samfélagstúlkun .....	5
Siðareglur túlka.....	9
Siðfræði .....	13
Aðferðir við túlkun.....	16
Forvinna.....	17
Listin að vera kurteis.....	19
Að túlka innan lítilla samfélaga .....	22
Túlkurinn sem málsvari .....	26
Trúnaður .....	31
Að þýða hið illþýðanlega .....	34
Tvö algeng vandamál.....	37
Minnisæfingar fyrir túlka .....	40
Nákvæmni í túlkun og mikilvægi hennar.....	44
Listin að taka minnispunkta.....	48
Hluti 2, samfélagstúlkun í heilbrigðiskerfinu .....	52
Varúðarráðstafanir fyrir samfélagstúlka sem starfa innan heilbrigðiskerfisins. ....	52
Að túlka í gegnum tárin .....	56
Að túlka á barnadeildum .....	61
Að túlka á geðdeildum.....	64
Andlát .....	78
Hluti 3, Fjölskyldur og skólakerfi .....	86
Skólakerfið á Íslandi.....	86
Leikskólinn .....	87
Grunnskólinn .....	93
Framhaldsskólinn .....	103
Réttindi barna og fjölskyldna.....	110
Félagsþjónustan.....	123
Útlendingastofnun.....	124
Hluti 4, samfélagstúlkun í réttarkerfinu .....	127

Viðhorf til réttarkerfisins víða um veröld .....	127
Rómarlög (civil law) .....	129
Sameiginleg lög (common law) .....	132
Lagahefðir víða um veröld.....	133
Hlutleysi túlksins.....	137
Ferill máls í réttarkerfinu.....	141
Hlutverk túlks í réttarsal.....	152
Nokkrar æfingar.....	154
Verslun og viðskipti .....	154
Heimildaskrá.....	180

## Inngangur

Rit þetta er tilkomið vegna samvinnu nokkurra aðila, Menntaskólans á Ísafirði sem hefur í tvígang keyrt námsbraut í samfélagstúlkun, Fjölmeningarseturs sem hefur bæði í orði og á borði stutt bæði brautina sem slíka og komið að námsefnisgerðinni og síðast en ekki síst Mennta og menningarmálaráðuneytis sem hefur styrkt aðlögun námsbrautar í samfélagstúlkun að nýrri aðalnámskrá framhaldsskóla og gerð þessa rits.

Samfélagstúlkun er nýtt fyrirbæri innan Íslenska framhaldsskólakerfisins og hefur átt við nokkra byrjunarerfiðleika að etja sem dæmigerð eru fyrir ný fög og má þar nefna skort á námsefni, almennt reynsluleysi í kennslu af þessu tagi og fjárskort.

Hugmyndin að baki því námsefni sem hér birtist er bæði að bæta úr skorti á kennsluefni í samfélagstúlkun en einnig að efnið verði aðgengilegt starfandi tólum sem einskona uppflattirit, þar sem megi skoða ýmis einkenni á íslensku heilbrigðiskerfi, skólakerfi og stuðningi við börn auk þess sem fjallað er um réttartúlkun í íslensku og alþjóðlegu samhengi.

Fimm meginkaflar eru í verkinu. Sá fyrsti fjallar um samfélagstúlkun á almennum nótum, siðfræði túlkunar og aðferðir. Annar kafli fjallar um samfélagstúlkun í heilbrigðiskerfinu og sá þriðji um skólakerfið og réttindi barna og fjölskyldna. Fjórði kafli fjallar síðan um túlkun í réttarkerfinu og síðast en ekki síst samanstendur fimmti kaflinn af ýmiskonar æfingum fyrir túlka sem ýmist er hægt að gera skriflega eða sem verklega æfingu.

Hvað varðar dreifingu efnisins þá verður notast við þrjár aðferðir. Í fyrsta lagi birtist efnið á vefnum ókeypis öllum sem það vilja nota. Í öðru lagi birtist efnið sem flettibók á vefnum í heilu lagi. Í þriðja og síðasta lagi verður svo hægt að panta efnið á prenti í kiljuformi í gegnum „prentað eftir pöntun“ síðu sem ber nafnið [www.lulu.com](http://www.lulu.com). Tvær fyrrnefndu aðferðirnar eru eins og áður sagði gersamlega ókeypis, en síðustu aðferðinni fylgir prentkosnaður sem verður stillt mjög í hóf.

Þegar vefsíðan fer fyrst í „loftið“ verður vinna við fimmta og síðasta kaflann ekki lokið. Af þeim sökum verður vefhlekkiritið og prentaða útgáfan ekki birt fyrr en þeirri vinna er lokið.

Líta verður á verk eins og þetta sem skjal í sífelldri framþróun og breytingum undirorpið. Öll uppbyggileg gagnrýni er þess vegna þeginn með þökkum, form ritsins gerir það að verkum að auðvelt er að bregðast við nýjum upplýsingum og gagnrýni með því að breyta textanum og uppfæra skjöl, bæði í vefhleppiútgáfunni og prentuðu útgáfunni.

# Hluti 1, Almenn samfélagstúlkun

## Samfélagstúlkun

Samfélagstúlkun er trúlegast elsta form túlkunar í heimi, líklega hafa verið til einskona samfélagstúlkur svo lengi sem manneskjur hafa talað mismunandi tungumál.

Fyrsta skrásetta dæmið um einhverskonar samfélagstúlkun er frá árinu 1534 (Deslie, 1977). Þetta vildi þannig til að franskur landkönnuðurinn Jacques Cartier tók tvo Iroquois indíána höndum og flutti þá nauðuga til Frakklands til að læra frönsku. Eftir 8 mánuði voru þeir svo fluttir aftur til Ameríku til þess að túlka á milli nýlendubúanna og hinna innfæddu. Þetta gaf misjafna raun, traust á milli manna var ekki upp á sitt besta eftir þessar trakteringar.

Í byrjun 17. aldar þegar frakkar vildu koma sér upp varanlegum bústöðum víða í Norður – Ameríku þurftu þeir að eiga samskipti við ýmsa hópa indíána, oftast vegna verslunarhagsmuna. Ráðið sem brugðið var á að nýta sér þjónustu manna sem höfðu aflað sér þekkingar á tungumáli og siðum þeirra hópa sem frakkarnir vildu eiga samskipti við. Nokkrir þessara einstaklinga urðu þekktir fyrir þessi störf sín svo sem Étienne Brülé og Jean Nichols, sem störfuðu ekki einungis sem túlkar heldur einnig sem leiðsögumenn, milligöngumenn í viðskiptum og diplómatar.

Þessi sögulegu dæmi varpa nokkru ljósi á tvær grundvallarspurningar sem túlkunarfræðin og starfandi túlkar þurfa að takast á við í störfum sínum:

- a. Hvað eiga samfélagstúlkar að fást við í störfum sínum?
- b. Hvaða afstöðu á samfélagstúlkurinn að taka til starfs síns, þar sem afstaða hans kemur til með að hafa úrslitaáhrif á störf hans?

### Skilgreining á samfélagstúlkun.

Nú er það svo að það sem við köllum í dag samfélagstúlkun hefur verið kallað ýmsum nöfnum í gegnum tíðina. Það sem allar þessar skilgreiningar eiga þó sameiginlegt er að skilgreiningarnar fela allar í sér að þar sé um túlkunarþjónustu sem eigi sér stað á einhverjum öðrum stað en inni á

ráðstefnum, svo sem inni á læknastofum, í viðskiptum, innan félagslega kerfisins, skólum og innan heilbrigðiskerfisins. Ýmsir nefna einnig túlka sem starfa innan réttarkerfisins samfélagstúlka, en ekki er full samstaða um þá notkun hugtaksins.

Samkvæmt Roberts (1995) má skipta samfélagstúlkun í þrennt, og hyggst höfundur þessa rits nota þá skilgreiningu. Roberts skiptir samfélagstúlkun niður í:

- a. Túlkun innan félagslega kerfisins og viðskipta.
- b. Túlkun innan heilbrigðiskerfisins.
- c. Réttartúlkun.

Eins og áður hefur verið minnst á er ekki samstaða um að notast við „venjulega“ samfélagstúlka í réttarsölum til dæmis. Slíkt tíðkast í Bretlandi og víða í Evrópu, en ekki hér á landi né Bandaríkjunum. Í Bandaríkjunum þarf túlkur sérstaka vottun áður en hann túlkar í réttarsal og hér á landi annast sýslumaðurinn á Hólmavík löggildingu skjala og dómtúlka.

### **Virkur þátttakandi í samskiptum**

Túlkun er almennt séð að koma orðum og setningum yfir á annað tungumál, þ.e. yfirfærsla merkingar. Þegar horft er á túlkun útfrá barnslega einföldu sjónarmiði þá er túlkurinn bara einskonar tæki sem túlkar orð nákvæmlega frá einu tungumáli yfir á annað.

Þetta sjónarmið er auðvitað út í hött. Tungumál vaxa ekki í einhverskonar menningarlegu eða samhengislausu tómarúmi. Hugtök eru náskyld heimsmynd viðkomandi menningar og bera alltaf einhvern blæbrigðamun í merkingu með sér jafnvel í náskyldum tungumálum eins og dönsku og íslensku hvað þá tungumálum sem eru jafn ólík og spretta upp úr jafn ólíkum menningarsvæðum eins og íslenska og japanska.

Aðilar samtals eru auðvitað ekki einungis virkir talendur, þeir eru einnig og á sama tíma virkir hlustendur og áhorfendur. Samskipti eiga sér nefnilega einnig stað með líkamstáknmáli sem sprettur úr sama meiði og tungumál, nefnilega viðkomandi menningu.

Sá eini sem sem hefur fullan skilning á báðum tungumálum og þar af leiðandi bestu innsýn í samskiptahætti beggja aðila samtalsins, er túlkurinn. Það er því á ábyrgð túlsins að koma meiningu talandans yfir til þess sem hlustar. Þetta merkir auðvitað að viðhorfið sem lýst var hér á undan þar sem túlkurinn er einhverskonar óvirkt tæki er fallið um sjálf sig (Roberts, 1995). Túlkurinn er þvert á móti virkur aðili í samskiptunum, aðili sem hefur mikilvægu hlutverki að gegna.

### **Aðstoðarmaður**

Skilgreiningar á samfélagstúlkun innhalda oft orð eins og þjónusta eða aðstoð, enda er litið á samfélagstúlkun sem nauðsynlega til þess að þeir þjóðfélagsþegnar sem ekki skilja hið opinbera tungumál sem talað er í landinu geti notið þeirrar þjónustu sem þeir þurfi og geti einnig notið þeirra réttinda sem þeir hafa.

Einnig er litið á samfélagstúlka sem aðila sem aðstoða opinberar stofnanir og starfsmenn þeirra til þess að gegna lögbundnu hlutverki sínu.

Þarna skilja samfélagstúlkar sig frá ráðstefnutúlkum sem líta svo á að þeir „*túlki frá einu tungumáli yfir á annað þar sem sagt er af fulltrúum eða þátttakendum ráðstefnu* (Roberts, 1995, bls. 11)“. Orðin aðstoð eða þjónusta koma þarna hvergi nærri.

Þessi munur sprettur fyrst og fremst úr því umhverfi sem samfélagstúlkar starfa innan, þeir eru kvaddir til starfa vegna þess að það er einhverskonar félagsleg þörf fyrir þá. Einnig vegur það þungt að þeir starfa oft en ekki innan stofnanna sem þjónusta fólk sem stendur höllum fæti á einhvern hátt, svo sem heilbrigðisstofnanna, innan félagslega kerfisins, réttarkerfisins o.s.frv. Stofnanir þessar líta oft en ekki á túlkana sem hluta af starfsliði sínu og leggja á þá ýmiskonar kvaðir samkvæmt því, svo sem siðferðisskyldur og kröfur um trúnað.

### **Miðlun merkingar**

Vandinn við að miðla merkingu á milli skjólstæðinga og starfsmanna stofnanna felst ekki síst í því að þessir tveir aðilar deila að öllu jöfnu ekki með sér sömu menningu. Oft en ekki tilheyrir skjólstæðingur túlks minnihlutahópi innan samfélagsins, fáir skilja tungu hans og menningu.



Það er eitt af meginviðfangsefnum samfélagstúlka að finna leiðir til að komast framhjá þessum vanda, að finna leiðir til þess að koma merkingu áleiðis jafnvel þótt að viðeigandi orð og hugtök skorti á öðru hvoru tungumálinu.

Samfélagstúlkar eru auðvitað ekki einu túlkarnir sem þurfa að komast framhjá þessum vanda, þetta er einnig vel þekkt innan ráðstefnutúlkunar, en segja má að miðlun merkingar yfir menningarleg landamæri sé meira miðlæg í samfélagstúlkun heldur en ráðstefnutúlkun (Roberts, 1995).

## Siðareglur túlka

Áður en lengra er haldið er rétt að skoða siðareglur túlka á Íslandi. Hvað finnst þér um þær? Ganga þær of langt eða alls ekki nógu langt? Getur þú ímyndað þér einhverjar aðstæður sem siðareglurnar taka ekki á, eða eiga jafnvel alls ekki við?

Siðareglur túlka á Íslandi eins og þær birtast á síðu Túlks ehf eru sem hér segir:

„1.gr.

*Hlutverk túlks er að túlka milli aðila sem ekki tala sama tungumál, á óvilhallan hátt og með virðingu málsaðila að leiðarljósi. Hann skal af fremsta megni leitast við að ávinna og viðhalda trausti málsaðila og samfélagsins á túlkunarstarfinu og faglegri hæfni túlka.*

2.gr.

*Túlkur skal vera óháður málsaðilum. Hann skal ekki taka við verkefninu þegar hann er á þann hátt tengdur öðrum málsaðilanum að hlutleysi túlksins sé stefnt í hættu.*

3.gr.

*Túlkur skal rækja störf sín af fordómaleysi og án þess að fara í manngreinaralit vegna kynþáttar, menningar, trúarbragða, færniröskunar, sjúkdóma, aldurs, kynferðis, kynhneigðar, þjóðfélagsstöðu eða stjórnmalaskoðana málsaðila sinna.*

4.gr.

*Túlkurinn skal hlýða samvisku sinni og sannfæringu. Honum ber að synja að framkvæma túlkun sem hann treystir sér ekki til að bera faglega ábyrgð á, þegar hann er ekki nægilega kunnugur málsefninu eða hugtakanotkuninni. Túlkurinn getur vísað til annars túlks telji hann hag viðkomandi betur borgið*

*með þeim hætti. Túlkurinn áskilur sér einnig þann rétt að ákveða að hætta vegna samviskuástæðna eða vegna erfiðra kringumstæða, við hótanir eða árásarhneigð málsaðila.*

*5.gr.*

*Túlkur skal vera hlutlaus varðandi efnisatriði túlkunarinnar og skal ekki láta í ljós skoðanir sínar gagnvart málsaðilum, kjósa málsstað annars aðila og láta freistast til að tjá sig um eigin viðhorf, eigin túlkun á efninu eða tilfinningar varðandi verkefnið eða hluteigandi aðila. Hann skal jafnframt vera hlutlaus varðandi framsetningu samskipta og upplýsinga. Hann skal rekja þau á sama hátt og þau koma fyrir.*

*6.gr.*

*Túlkurinn túlkar samtalið milli málsaðila eins nákvæmt og málefnalegt og unnt er, þ.e.a.s. án þess að bæta einhverju við, sleppa eða breyta einhverju. Þegar örðugleikar koma upp vegna mismuna í tungumálanotkun, merkingakerfa og hugsunarháttar vegna ólíkra menningarheima sem koma í veg fyrir eðlilegt framhald túlkunar ber túlknum skylda að tilkynna það strax.*

*7.gr.*

*Túlkur skal leitast við að gæta virðingar túlkunar sem fags og starfs, gagnvart einstaklingum og gagnvart samfélaginu. Túlkurinn skal gæta háttvísi í framkomu og sýna störfum sínum og fagi virðingu í samræmi við góðar túlkunarvenjur.*

*8.gr.*

*Túlkurinn skal standa vörð um heiður, orðstír og hagsmuni stéttarinnar. Honum ber að sýna túlkastéttinni hollustu og hann skal af fremsta megni leitast við að*

*stuðla að samheldni og samstarfi innan stéttarinnar. Honum ber að sýna starfssystkinum sínum réttvísi og drengskap.*

*9.gr.*

*Túlkur er bundinn algjörri þagnarskyldu um þá vitneskju sem hann fær við túlkun, á meðan og eftir að hann starfar sem túlkur. Hann má ekki undir neinum kringumstæðum tjá sig um efnisinnihald samtalsins við túlkunina, og ekki heldur nota þessa vitneskju til að bjóða frekari þjónustu og nota upplýsingarnar í eigin þágu eða til að geta hagnast á. Hugsanlegar undantekningu frá þagnarskyldu má einungis gera samkvæmt lagaboði eða af brýnni nauðsyn þegar almannaheill er í húfi en eingöngu að höfðu samráði við siðanefnd félags túlka.*

*10.gr.*

*Við túlkun skal túlkur aðeins túlka, hann hefur ekki önnur verkefni en túlkun. Túlkurinn skal ekki fara út fyrir starfssvið sitt og honum ber að hafna öllum beiðnum að vinna önnur störf en túlkunarstarfið.*

*11.gr.*

*Túlknum ber að setja faglegan metnað í öndvegi. Honum er skylt að kappkosta að viðhalda, bæta og endurnýja faglega þekkingu sína og færni, og vinna verk sín af álúð og kostgæfni.*

*12.gr.*

*Siðareglur þessar mega ekki teljast tæmandi upptalningu allra nauðsynlegra starfsreglna. Túlknum ber að sýna ríka ábyrgðatilfinningu og siðferðilega dómgreind í samræmi við aðstæður til að standa undir skyldum sínum og inna verkið vel af hendi“. (Túlkur ehf. Þýðingar og túlkun, 2014)*

Í næsta kafla skulum við líta nánar á þann anga heimspekinnar sem heitir siðfræði og við skulum skoða siðareglurnar í því ljósi.

## Siðfræði

Allir fagmenn hvaða nafni sem fag þeirra nefnist hafa gott af því að tileinka sér undirstöðuatriði siðfræðinnar, en svo nefnist einmitt sú fræðigrein sem hefur siðferði manna og breytni til skoðunar.

Sá sem leggur stund á siðfræði og/eða fæst við mannlega breytni kemst ekki hjá því að taka afstöðu, hvort heldur sem er að viðkomandi sé að reyna að semja siðareglur eins og þær sem sjá má í kaflanum hér á undan, eða hvort viðkomandi sé að reyna að fara eftir siðareglunum í „hinni raunverulegu veröld“.

Siðfræðin er það þessu leyti svokölluð *normatíf* grein, þ.e. það er ekki í boði að vera hlutlaus undir yfirsýni einhverskonar fagmennsku ellegar fræðimennsku, menn verða einfaldlega að taka afstöðu, nú eða þá búa sér til leiðir til þess að geta tekið afstöðu og lifað með henni. Páll Skúlason orðaði þetta þannig að siðfræðingurinn sé annars vegar eins og farastjóri sem geti vísað mönnum leiðina um heim siðferðisins en hins vegar eins og þjálfari sem geri búið menn undir ferðina um þetta svæði og styrkt stoðir vitundar okkar um siðferðið (Skúlason, 1990).

Nokkur hefð hefur myndast innan siðfræðinnar um að skipta kenningum um siðferði í 2 meginflokk; annars vegar er talað um lögmálskenningar og leikslokakenningar (Halldórsson & Jack, 2008) og (Kristjánsson, 1992).

### Lögmálskenningar

Eins og nafnið gefur til kynna er grunnhugmynd þeirra sem aðhyllast lögmálskenningar Sú að hægt sé með skynsemina að vopni að finna út algild lögmál sem gildi um siðferði manna, öllum stundum undir öllum kringumstæðum.

Einn slíkur heimspekingur var Immanúel Kant sem fæddist árið 1724;

*„Fræg er sú yfirlýsing hans að það sé alstirndur himininn og siðalögmálið sem fylli hugann lotningu. Kenning Kant er lögmálskenning og líkt og glöggir lesendur sjá þá á þetta lögmál sér bústað í brjósti okkar. Samkvæmt hugmynd Kants er maðurinn skynsemisvera og siðferðið er samofið skynseminni. Hann*

*taldi sig þannig geta sannað á röklegan hátt að siðleg hegðun væri rétt, ekki bara af því að við hefðum lært það eða höfum þannig smekk, heldur vegna þess að við erum röklega knúin til þess að fallast á það. En hvert er þetta lögmál? Segja má að lögmálið eigi sér tvær hliðar, annars vegar hið skilyrðislausu skyldusiðboð og hins vegar hugmyndina um ríki markmiða. Hið skilyrðislausu siðaboð hljómar svo: „Breyttu einungis eftir þeirri lífsreglu sem þú getur á sama tíma viljað að verði að algildu lögmáli“ (Kant, 2003) Með öðrum orðum skaltu alltaf haga þér þannig að þú fallist á að allir menn á öllum tímum hagi sér eins við sömu kringumstæður. Sá sem lætur sér detta í hug að svindla á prófi þyrfti þá að velta fyrir sér hvort að hann vildi að allir svindluðu við slíkar aðstæður. Væntanlega sæi hann að það væri rangt og leiddi auk þess til að próf misstu vægi sitt. Þannig gæti hann ekki leyft sér að svindla. Þessi regla á sér augljósa hliðstæðu í gullnu reglu Krists: „Það sem þér viljið að aðrir menn geri við yður, það skuluð þér og þeim gera.“ Munurinn er þó sá að í kristnu útgáfunni er aflið sem knýr breytnina kærleikur en í þeirri kantísku er það skynsemin.“ (Halldórsson & Jack, 2008, bls. 95-96)*

Eins og áður sagði er þó að einhverju leiti villandi að tala um skyldusiðfræði hvað Kant varðar, hann taldi nefnilega að maðurinn væri markmiðsbundinn, og sem skynsemissvera væri maðurinn þátttakandi í ríki markmiðanna. Með öðrum orðum: velferð manneskjunnar er markmið í sjálfu sér.

Siðferðið byggist þannig ekki upp á hlýðni heldur er ætlast til þess að við íhugum breytni okkar með skynsemina að vopni.

### **Leikslökakenningar**

Eins og nafnið gefur að einhverju leiti til kynna hafa höfundar leikslökakenninga afleiðingar athafna okkar í huga. Ein þekktasta leikslökakenningin er kenning John Stuart Mill (oftast kenndur við svokallaða nytjastefnu) sem fæddur er árið 1806:

*„Líkt og Kant setur hann sér það mark að skilgreina frumlögmál siðferðisins. Lögmál Mills vísar í afleiðingar athafna. Einfaldasta framasetning þess er þessi: „athafnir eru réttar að því marki sem þær stuðla yfirleitt að hamingju en rangar að því marki að því skapi sem þær hafa tilhneigingu til að valda andstæðu hennar [sársauka]“.*

*Hvað er eiginlega hamingja? Mill svara því til að það sé ánægja og vellíðan. Gagnrýnendur nytjahyggju eru fljótir til hér. Prófsvindlarinn í dæminu hér á undan verður vitaskuld ánægðari með einkunnina 8,7 en 4,3 og því ber honum samkvæmt nytjastefnu að svindla. Hér svarar Mill með tvennum hætti. Annars vegar er það að ánægja svindlarans er skammvinn. Líklegt er að í framhaldi af svindlinu fari hann inn á brautir sem hann ræður ekki við þannig að hann dregur úr ánægju sinni þegar til lengri tíma er litið. Hitt er að honum ber að taka mið af ánægju allra, því það er hamingja almennt sem er siðferðilega góð en ekki bara einhvers einstaklings. Svindl veldur óhamingju margra því það dregur úr áreiðanleika prófsins og raskar kerfi sem treyst er á. Það ber því að huga að hamingju sem flestra.*

*En hvað með val milli þess að eyða deginum yfir sjónvarpinu með tveimur lítrum af kók og stórum snakkpoka eða að fara í skólann og læra? Hér eins og varðandi prófsvindlið verður að huga að hamingjunni til langs tíma en jafnframt þessu: „betra er að vera vansæll maður en sælt svín og betra er að vera óánægður Sókrates en ánægður heimskingi“. Þannig eru ólíkar tegundir hamingju miseftirsóknarverðar. Elli er til að mynda hægt að leggja að jöfnu hamingju svíns sem gleðst yfir mygluðum eplum og Sókratesar sem brýtur siðferðið til mergjar. Meira að segja óánægja hins síðarnefnda er æðri hinu fyrri. En hver er þá mælikvarðinn? Mill setur þá reglu að ef velja þarf milli tveggja ólíkra lífsmáta réði dómur þeirra sem prófað hafi hvorutveggja og ef þá greini á skuli meirihlutinn ráða.“ (Halldórsson & Jack, 2008, bls. 97-98)*

Siðareglur túlka og siðfræðin - æfing

Nú þegar kynntar hafa verið til sögunar tvær mismunandi aðferðir við að leggja mat á siðferði langar mig að biðja þig lesandi góður að fara vandlega yfir siðareglurnar í kaflanum hér á undan. Svараðu síðan eftirfarandi spurningum eftir bestu getu (og mundu að marmið æfingarinnar er fyrst og fremst að hvetja til gagnrýnnar hugsunar):

- a. Hvort finnst þér siðareglurnar vera meira í anda Kant eða Mill?
- b. Hvað finnst þér vanta inn í reglurnar?
- c. Hver eru meginsjónarmið þeirra sem skrifuðu þær?
- d. Hverra hagsmuni og hamingju vernda þær?



## Aðferðir við túlkun

Tvær meginaðferðir eru við venjulega túlkun. Annars vegar er talað um svokallaða „consecutive interpreting“ sem höfundur kys að kalla „bitatúlkun“ og hins vegar „simultaneous interpreting“ sem útleggst sem „viðstöðulaus túlkun“. Áður en lengra er haldið í að útskýra þessar aðferðir er rétt að benda lesendum á að lesa einnig kaflann „Tvö algeng vandamál“ þar sem farið er í hvers mikilvægt það er að viðhalda góðu flæði í samskiptum fólks.

### Bitatúlkun

Bitatúlkun eða „consecutive interpreting“ gengur í stuttu máli út á að túlkurinn hlustar á tal viðkomandi einstaklings og endursegir svo hvað hann sagði annað hvort eftir minni eða með hjálp minnispunkta (Jones, 1998).

Í raun eru til tvær megingerðir af bitatúlkun. Annars vegar er um að ræða aðstæður þar sem mælandi talar lengi og túlkurinn þarf að skrifa niður minnisatriði og jafnvel að það sé einhverskonar samantekt, þetta er jafnvel hægt að kalla túlkun í stórum bitum. Aðferðin er sérstaklega algeng í réttartúlkun þar sem ekki er gert ráð fyrir því að framvinda réttarins hökti á meðan er verið að túlka.

Hin aðferðin sem hægt er að kenna við bitatúlkun er þegar mælandinn gerir hlé á máli sínu með reglulegu bili til að túlkinum gefist ráðrúm til þess að túlka. Þessa aðferð er hægt að nota þegar kringumstæðurnar eru ekki alltof formlegar og önnur af meginaðferðum sem beitt er í túlkun. Um þessa aðferð er fjallað til dæmis í undirkaflanum „gott flæði í samskiptum“.

### Viðstöðulaus túlkun

Eins og nafnið gefur til kynna gengur viðstöðulaus túlkun út á að túlkurinn túlki samstundis fyrir skjólstæðinginn það sem sagt er og snúi því sem hann segir síðan strax yfir á sitt móðurmál, jafnvel á meðan skjólstæðingurinn talar.

Gaiba lýsir aðferðinni sem svo:

*„Upplýsingarnar eru fluttar yfir á hitt tungumálið um leið og túlkurinn hefur skilið hverja einingu merkingar. Hugtakið viðstöðulaust er svolítið villandi vegna þess að túlkar þurfa að setja setningar og tal í samhengi og einingar til þess að*

*geta þýtt. Þetta bil milli upprunalegrar setningar og þess sem túlkurinn kemur er vel þekkt og nefnis **décalage** og er misjafnlega langt eftir túlkum. Undir venjulegum kringumstæðum er bilið um 7 – 8 sekúnda langt“ (Gaiba, 1998)*

Viðstöðulaus túlkun er mjög algeng aðferð í ráðstefnutúlkun þar sem menn búa við þann munað að geta hlustað á ráðstefnur í hljóðeinöngruðum klefum og haft samskipti við skjólstæðinga sína í gegnum heyrnartól en einnig vinsæl í aðstæðum sem kalla á hröð samskipti og eins þegar margir eru í viðstaddir, til dæmis í viðtali í heilbrigðisþjónustu.

## **Forvinna.**

„Skjólstæðingarnir treysta ekki túlkinum“

„Starfsfólkið treystir ekki túlkinum“

„Skjólstæðingarnir og starfsfólkið talar við mig, en ekki saman“

„Enginn stoppar nógu lengi til að leyfa mér að túlka fyrir sig“

„Skjólstæðingarnir segja mér hluti sem þeir vilja ekki að ég túlki“

Staðhæfingarnar hér að ofan eru tilvísanir í nokkur algengustu vandamál sem túlkar lenda í. Það er í raun ekki hægt að útiloka þessi vandamál að fullu, en það er hægt að komast að verulegu leyti fyrir vandann með góðri forvinnu.

### **Hvað er forvinna túlkunar?**

Forvinna túlkunar er stuttur fundur (stundum mjög stuttur) sem túlkur á með skjólstæðingum sínum (bæði starfsmanni stofnunar og skjólstæðingi stofnunarinnar) áður en byrjað er að túlka. Tilgangur forvinnunnar er að túlkurinn kynni sig sem manneskju og sem fagmann, skýra út hlutverk túlks og að kenna skjólstæðingnum og starfsmanninum að nota þjónustu túlks á sem skilvirkastan hátt. Hafa verður í huga að ef aðilar samtalsins hafa ekki notfært sér þjónustu túlks áður vita þeir ekki við hverju á að búast heldur verður að skýra það fyrir þeim.

## Hvað ber að gera?

Forvinna með skjólstæðingi er venjulega hægt að gera í rólegheitum þar sem beðið er eftir stafsmanni fyrir fund, eða þegar inn í fundarherbergi er komið. Eftirtalda hluti þarf að útskýra fyrir skjólstæðingi:

- a. Hvað þú heitir
- b. Fyrir hvaða stofnun þú vinnur
- c. Að skjólstæðingurinn eigi að tala beint við starfsmanninn
- d. Að þú komir til með að túlka allt sem sagt er eins nákvæmlega og þér er unnt
- e. Að þú eigir betur með að túlka ef skjólstæðingurinn taki sér hlé reglulega, helst á milli þess sem skipt er um umræðuefni eða eftir að skjólstæðingurinn hafi náð að tjá einhverja tiltekna hugsun.
- f. Að allar persónuupplýsingar séu trúnaðarmál
- g. Að þú getir ekki svarað spurningum sjálf(ur) né gefið ráð varðandi heilsufar

Forvinna með starfsfólki þarf yfirleitt að vinna á meiri hraða, yfirleitt strax eftir að viðtal eða skoðun hefst. Starfsmaðurinn þarf yfirleitt upplýsingar á svipuðum nótum og skjólstæðingurinn:

- a. Hvað þú heitir
- b. Fyrir hvaða stofnun þú vinnur
- c. Að þú komir til með að túlka allt sem sagt er eins nákvæmlega og þér er unnt
- d. Að starfsmaðurinn eigi að tala beint við skjólstæðinginn
- e. Að þú eigir betur með að túlka ef starfsmaðurinn taki sér hlé reglulega, helst á milli þess sem skipt er um umræðuefni eða eftir að skjólstæðingurinn hafi náð að tjá einhverja tiltekna hugsun.

Ef viðkomandi túlkur hefur unnið með starfsmanninum áður er yfirleitt ekki þörf á því að vinna forvinnuna aftur, þó gott geti verið að rifja upp ef langt er um liðið frá því síðast.

Rannsóknir í túlkafræði hafa sýnt fram á að bæði starfsmenn og skjólstæðingar hafa mikið gagn af vel unninni forvinnu, hún hjálpar mikið til við skilvirk samskipti aðila.

## Listin að vera kurteis

(Þýðing á greininni „The art of being polite“ eftir Cythia E. Roat.)

Ég man eftir fyrsta formlega bréfinu sem mér barst á spænsku. Það var skrifað af kollega mínum sem starfaði þá við heilbrigðismálaráðuneyti Ekvador. Það byrjaði eitthvað á þessa leið:

„A través de la presente, reciba Ud. Un muy cordial saludo de parte de su servidor, junto con la esperanza de que la presente la encuentre gozando de buena salud y rodeada por suyos.“

Eða:

„Megi þjónn þinn færa þér kærar kveðjur með bréfi þessu, með von um þú njótir góðrar heilsu umkringd ástvinum þínum.“

Nú er það svo að ég er alin upp í landi þar sem tíðkast að formleg bréf séu þannig uppsett að þau komi sér að efninu í fyrstu þremur orðunum, og ég man hversu undarlegt og kannski svolítið kjánalegt mér fannst að byrja formlegt bréf með þessum hætti (OK, ég var ung og kunni lítið inn á önnur menningarsvæði!). Eftir að hafa búið nokkur ár í Ekvador var ég hins vegar farin að kunna býsna vel við þetta og hafði orðið smekk fyrir hversu fallett það er að byrja bréf með þessum hætti og hversu mikla virðingu maður sýnir viðtakanda bréfsins; þetta var nefnilega ekki bara einhver sérvíska í kollega mínum að byrja bréf sitt með þessum hætti, þetta er venjan.

Hvert og eitt málsvæði (eða menningarheild) hefur venjur sem þessar, einhverjar leiðir til að sýna af sér kurteisi og virðingu gagnvart fólki þegar maður heilsar, biður um greiða, grípur inn í eða biðst afsökunar. Þessu er ekki hægt að breyta, maður gengur að þessum venjum eins og þær koma fyrir.

Stundum lærum við þessar málvenjur um leið og við lærum nýtt tungumál, en stundum ekki. Þetta hefur í för með sér að við getum vissulega staðið okkur vel í óformlegum samræðum en undir vissum kringumstæðum erum við dónaleg eða gróf. Ég get ekki ímyndað mér hvernig bréfin mín sem ég skrifaði áður en ég lærði að vera kurteis litu út í augum kollega minna frá Ekvador.

Sem þýðendur eyðum við mestu af tíma okkar í bakgrunninum, við þýðum einfaldlega það sem sagt er. Stundum þurfum við þó að tala í eigin nafni. Við

þurfum að grípa inn í, biðja um endurtekningar, benda á hugsanlegan misskilning eða biðja skjólstæðinga okkar að útskýra eitthvað betur. Ef við höfum ekki lært þetta lítum við sjálf, og aðilinn sem við vinnum fyrir út fyrir að vera ófagleg.

Til umhugsunar:

Hvernig kynnir þú fólk á Íslensku? En á tungumálinu sem þú þýðir yfir á?

Hvernig biður þú fólk um að endurtaka sig?

Hvernig biður þú fólk um að endurtaka sig?

Hvernig ferð þú að því að vera viss um að viðkomandi hafi skilið þig?

Hvernig ferð þú að því að grípa inn í þegar um menningarlegan misskilning er að ræða? (þegar hugtök þýða mismunandi hluti milli menningarsvæða, eins og hugtakið „heitur matur“ þegar verið er að ræða heilsufarstengd hugtök)

Hvernig ferð þú að því að minnast á eitthvað vandamál?

Hvernig ferð þú að því að stinga upp á hugsanlegri lausn á einhverju?

Hvernig þakkar þú fyrir?

Hvernig svarar þú þegar þér er þakkað fyrir eitthvað?

Að lokum er vert að minnast á nokkur atriði.

- a. Ekki kenna fólki um það sem miður fer, mundu að fagfólk hugsar fyrst og fremst í lausnum.
- b. Þú getur verið ósammála fólki en ekki fara út í deilur á vettvangi.
- c. Ekki grípa inn í nema þú þurfið þess alveg nauðsynlega
- d. Ekki vera fljót(ur) að dæma
- e. Byrjaðu frekar setningar á „Ég“ frekar en „Þú“. Dæmi: Í stað þess að segja „Þú sagðir þetta ekki“ segðu „Ég heyrði þig ekki segja þetta“.
- f. Vertu róleg(ur) þótt mikið gangi á, í vestrænni menningu þykir það faglegt að halda ró sinni þótt fólk reiðist eða finni til annarra sterkra tilfinninga.

Félags og mannfræðin hafa uppgötvað að allt að 70% mannglegra samskipta sé óyrt, þ.e. að skilaboðin felist ekki í orðunum heldur meðal annars hvernig þau

eru sögð. Með því að tileinka sér atriðin hér að ofan og með því að stjórna því vandlega hvernig þú talar getur þú komið þeim skilaboðum til skila að þú starfir fuðlaust og faglega og þannig stuðað að velgengni í starfi.

## Að túlka innan lítilla samfélaga

Það getur verið snúið að lifa og starfa sem túlkur innan lítilla samfélaga. En hvað er lítið samfélag? Það getur í raun verið tvennt; annars vegar lítill staður eins og þorp úti á landi, eða það getur verið lítið málsamfélag (það eru til dæmis ekki margir sem tala japönsku á Íslandi, og þeir eru þess vegna líklegir til að þekkjast innbyrðis). Fagleg fjarlægð er bara þjóðsaga þegar allir sem þú túlkar fyrir eða um það bil eru með símanúmerið þitt og hitta þig reglulega í fjölskylduboðum eða á öðrum vettvangi. Fólk býst einfaldlega við meiru af þeim sem það þekkir vel en af „einhverjum túlki út í bæ“. Vegna þessarar nálægðar geta mál verið snúin og það að starfa sem túlkur getur verið enn erfiðara undir kringumstæðum sem þessum.

Þessi vandamál koma fram með ýmsum hætti. Fólk hringir heim til túlksins í tíma og ótíma og biður hann eða hana að túlka fyrir sig (ókeypis) í aðstæðum utan vinnu, til dæmis þegar það þarf að fylla út eyðublað eða hringja í orkuveituna o.s. frv. Það kann að spyrja þig út í hagi annarra skjólstæðinga, stundum út af forvitni eða þá að það hefur áhyggjur af viðkomandi. Fólk spyr þig hvernig það getur fengið einhverja þjónustu, það getur beðið túlkinn að ljúga fyrir sig, það getur beðið túlkinn að beita áhrifum sínum til að fá einhverju framgengt, það getur beiðið túlkinn um að skutla sér og það biður túlkinn um heilsufarstengd ráð (sérstaklega algengt meðal túlka sem starfa fyrir sjúkrahús).

Það er dæmigert að fyrst um sinn bregðist túlkurinn við beiðnum sem þessum á þann hátt að hann reyni að uppfylla óskir sem þessar eftir bestu getu. Málið er hins vegar að sumt að því sem fólk kann að biðja túlkinn að gera, getur verið brot á siðareglum túlka. Annað getur verið brot á reglum þeirrar stofnunar sem túlkurinn starfar innan s.s. sjúkrahúsa, og enn annað getur einfaldlega valdið því að túlkurinn brenni upp í starfi sínu vegna þess að hann sé að reyna að gera allt fyrir alla.

En hvernig getur þú sem túlkur haldið bæði starfi þínu og vinum þínum? Hvernig ferð þú að viðhalda tengslaneti þínu bæði innan málsamfélagsins og á þínum vinnustað? Galdurinn er að gera upp við sig hvað þú ert sjálf(ur) viljug(ur) til að gera og að stjórna þeim væntingum sem gerðar eru til þín.

Hér á eftir koma nokkur dæmi úr bókinni „Health care interpreting in small bites“ um viðbrögð túlka við þessum vanda:

### **1. Settu skýr mörk milli þín og skjólstæðinga þinna jafnt innan sem utan vinnu**

Þetta er „því miður ég vinn ekki um helgar“ valkosturinn. Þetta merkir að túlkurinn gerir fyrst upp við sig hvað hann sé viljugur til þess að gera og hvað ekki, og láti skjólstæðinga sína vita á þann hátt sem ekki verður misskilinn hvað hann vill og vill ekki gera. Þetta hefur óhjákvæmilega í för með sér að fólk getur reiðst þegar það vill meira en túlkurinn vill gefa af sér og í kjölfarið geta komið ásakanir af ýmsu tagi og svikabrigsl. Þetta getur jafnvel getið af sér baktal innan samfélagsins. Ef menn velja þennan valkost þá merkir það einfaldlega að túlkurinn verður að vera kurteis en jafnframt ákveðin við skjólstæðinga sína þegar þeir koma með beiðnir sem ekki er hægt að verða við – og sætta sig jafnframt við það að það koma upp árekstrar við og við.

### **2. Taka að sér stöðu milligöngumanns**

Þetta er „nei ég var ekkert sofandi þótt að klukkan sé 2 að nóttu til“ valkosturinn. Þeir túlkar sem velja þennan kostinn kjósa að víkka sín mörk svo mikið að þeir einfaldlega gera það sem fólk biður um. Þetta kemur til með að virka vel þangað til að þeir annað hvort brenna út í starfi vegna álags eða þangað til þeir koma sér í þá aðstöðu að ganga annað hvort gegn vilja skjólstæðings síns eða reglum vinnustaðarins sem þeir eru að túlka fyrir (til dæmis sjúkrahússins). Þá þarf túlkurinn að velja; á hann að eiga það á hættu að missa vinnuna eða tengslin við skjólstæðinginn sem getur verið nátengdur til dæmis vináttu eða fjölskylduböndum.

### **3. Að hliðra til**

Í sumum samfélögum er dónalegt að segja nei. En það er hægt að segja já þannig að það merki í raun nei. Dæmi: „já ég skal hjálpa þér að fylla út umsóknina en ég hef ekki tíma fyrr en í næstu viku“. „Já auðvitað færðu far, ég þarf samt að skreppa á 3 aðra staði fyrst, er það ekki í lagi, hvernig hefur frú Gutierrez það annars?“. „Vá, ég veit ekki með bakið á þér, veistu ég held að í þínum sporum myndi ég láta lækninn þinn kíkja á þetta“.

Ef það tíðkast á því menningarsvæði sem fólk á uppruna sinn í að nota svona óbein skilaboð getur svona lagað verið í lagi og í raun betra heldur en að segja



þvert nei. Ef svo er ekki og það tíðkast að tala með beinskeyttari hætti (eins og til dæmis á Íslandi) getur fólk hreinlega móðgast þegar talað er svona undir rós og túlkurinn talinn vera með undanbrögð. Þetta er nokkuð sem fólk þarf að gera upp við sig.

#### **4. Að biðja vinnuveitandann að setja mörk**

Þetta er „ég get það ekki ég verð rekinn“ valkosturinn. Það getur verið vænleg leið að stjórna væntingum skjólstæðinganna með þeim hætti að vinnuveitandi túlsins setji túlkinum ákveðin mörk sem hann getur vísað til þegar hann er beðin um hluti sem eru óþægilegir. Þetta hefur auðvitað þann galla að þetta virkar ekki utan vinnutíma.

#### **5. Að starfa á öðrum vettvangi**

Þetta merkir að túlkurinn kýs að starfa á þann hátt að hann sé ekki að lenda í klemmum af því tagi sem áður hefur verið lýst. Túlkurinn getur valið að túlka einungis í gegnum síma og þá á milli landshluta til dæmis. Eða að túlka einungis utan nánasta umhverfis. Þetta er vissulega slæmt fyrir nærumhverfi túlsins en það hafa allir rétt á því að starfa innan umhverfis sem þeir geta blómstrað innan. Fólk þarf að velja.

Að lokum er rétt að minnast á þær ögranir sem í því felast að túlka fyrir skjólstæðinga sem túlkurinn þekkir og veit mikið um. Siðareglur túlka víða um heim banna með skýrum hætti að túlkar túlki fyrir nákomna vegna þess hversu illa gerlegt það er að vera hlutlaus þegar fólk nákomið túlkinum á í hlut. En það er þannig að í mjög smáum samfélögum þá þekkt fólk mikið innbyrðis. Þetta þýðir að túlkurinn þarf að vera mjög þagmælskur; það er slæmt fyrir túlk að fá á sig orðspor sem „Gróa á Leiti“; það treystir enginn þannig manneskju.

Það getur einnig verið þannig að þú vitir að skjólstæðingurinn sé ekki að segja satt eða sleppi mikilvægum atriðum. Undir slíkum kringumstæðum er vert að hafa í huga að það er ekki í þínum verkahring að sjá til þess að allur sannleikurinn komi fram eða að sjá til þess að fólk segi satt. Ef að sjúklingur er spurður um drykkjuvenjur sínar og viðkomandi skrökvar er það ekki í verkahring túlsins að sjá til þess að sannleikurinn komi fram. Það getur verið ákveðin byrði að lifa í smáu samfélagi eins og lýst hefur verið hér að ofan, en það bara hluti af pakkanum.

Hafðu bara í huga að starf samfélagstúlksins er mikilvægt, hann er hluti af þeirri brú sem einstaklingnum er mikilvæg til að hafa aðgengi að gæðum þessa samfélags sem við lifum í og skjólstæðingar eiga rétt til að njóta eins og aðrir þegnar þessa lands. Ef túlkar innan smárra samfélaga geta fundið jafnvægið milli þess sem þeir geta og vilja gefið af sér og þess sem skjólstæðingarnir krefjast af þeim geta þeir unnið mikilvægt starf innan síns samfélags, og einnig haldið vinum sínum.

## Túlkurinn sem málsvari

Fá umræðuefni eru tilefni jafn ákafra skoðanaskipta milli túlka og þeirra sem koma nálægt túlkun að einhverju leyti (til dæmis stjórnenda) og það sem rætt er um í þessum kafla; eiga túlkar einnig að vera málsvarar skjólstæðinga sinna?

Hvað merkir það að vera málsvari? Það að vera málsvari einhvers merkir að einhver, í þessu tilfalli túlkurinn, tekur að sér að svara fyrir og ýta við málum fyrir hönd einvers sem ekki getur gert það sjálfur. Málsvörn hefur þannig í för með sér samskipti fyrir hönd einhvers sem er órétti beittur eða fer á mis við einhver réttindi sem viðkomandi á rétt á. Þessi samskipti geta því haft áttök af ýmsu tagi í för með sér. Til að gera sér betur grein fyrir þessu er rétt að skoða nokkur dæmi, er túlkurinn að taka að sér málsvörn einhvers þegar hann:

- a. Vísar einhverjum til vegar? Hreint ekki, þetta telst vera sjálfsgöð kurteisi.
- b. Hjálpar skjólstæðingi að leggja fram kvörtun? Nei, það telst til starfsskyldna túlka að skýra út fyrir skjólstæðingi sínum hvernig hlutir virka innan þeirrar stofnunar sem hann er að túlka fyrir. Að upplýsa er með öðrum orðum ekki málsvörn.
- c. Að biðja ritara að fletta betur upp næsta viðtali þegar starfsmaður (læknir, félagsráðgjafi, kennari) hefur boðað skjólstæðinginn til annars viðtals viku seinna en ritarinn segist ekki sjá neitt viðtal? Já þetta er einskona málsvörn vegna þess að skjólstæðingurinn hefur ekki forsendur eða getu til að ganga á eftir þessu sjálfur.
- d. Að biðja starfsmanninn sem er að taka viðtal við skjólstæðing að skýra þetta betur vegna þess að túlkinum sýnist skjólstæðingurinn vera úti á túni að svipnum að dæma? Nei, það er í verkahring túlksins að sjá til þess að aðilar viðtalsins skilji hvorn annan.
- e. Að grípa inn í viðtal vegna þess að menningarlegur misskilningur er í uppsiglingu? Nei, eins og áður er það í verkahring túlksins að sjá til þess að aðilar skilji hvorn annan.
- f. Að fara til yfirmanns fæðingardeildarinnar og leggja fram kvörtun vegna þess að túlkur varð vitni að því að ljósmóðir skrifaði sjálf undir heimild (falsaði undirskrift sjúklings) þess efnis að keisaraskurður væri heimilaður jafnvel þótt að skjólstæðingur túlksins hefði hafnað því

ítrekað? Já, þetta telst til málsvarnar vegna þess að skjólstæðingurinn er ekki í aðstöðu til þess að gera eitthvað í málinu sjálf.

(Öll dæmin eru tekin úr bókinni „Health care interpreting in small bites eftir C.E. Roat“)

Það að vera málsvari einshvers hefur þannig ekkert með það að gera að upplýsa fólk um réttindi sín né heldur það að sjá til þess að aðilar samtals skilji hvor annan. Það að vera málsvari hefur það í för með sér að túlkurinn talar máli þess sem ekki getur gert það sjálfur og gætir hagsmuna viðkomandi.

Sumir innan túlkageirans og túlkunarfræðanna meina að túlkar eigi aldrei að taka að sér hlutverk málsvara skjólstæðinga sinna. Þetta viðhorf er umdeilt og margir eru á öndverðri skoðun.

Þeir sem eru á móti því að túlkar komi fram sem málsvarar skjólstæðinga sinna hafa rökstutt skoðun sína þannig að þeir túlkar sem þetta geri séu ekki lengur hlutlausir. Þeir hafi tekið afstöðu með eða á móti og sé þannig ekki lengur treystandi til að túlka af nákvæmni það sem aðilar samtals eru að segja. Það sé skýrt að túlkur sem sé málsvari hann sé að gera annað heldur en að túlka. Ennfremur geta tilvik sem þessi gert skjólstæðinginn háðan túlkinum, túlkurinn geti einnig fengið á sig það orðspor innan stofnunarinnar að hann sé óþægilegur í samstarfi og jafnvel verið rekinn. Í einhverjum öfgatilfellum geta túlkar jafnvel bakað sér skaðabótaskyldu með aðgerðum sínum í þessa veru.

Þeir sem hafa þá skoðun að túlkar skuli ef þörf krefur gerast málsvara skjólstæðinga sinna benda á að skjólstæðingar túlka komi oft frá menningarsvæðum eða hafi þannig félagslegan bakgrunn að þeir geti takmarkað staðið fyrir máli sínum gagnvart „kerfinu“. Þeir séu ekki vel upplýstir um rétt sinn og sums staðar er of mikil virðing borin fyrir starfsmönnum kerfisins (til dæmis læknum) til þess að skjólstæðingar hreinlega treysti sér til þess að segja eitthvað. Þeir sem aðhyllast þessa skoðun segja einnig að til þess að forðast það að vera stimplaður sem vandræðagæmsi þurfi túlkurinn einfaldlega að framkvæma málsvörn skjólstæðings síns þannig að hjá slíku verði komist, þetta sé bara spurning um miðla málum án þess að til átaka þurfi að koma. Að lokum benda þeir á að það sé siðferðileg skylda hvernar manneskju að gera eitthvað í málunum þegar hún verður vitni að því að fólk fær ekki þá

þjónustu eða umönnun sem hún þarfnast, líf fólks og heilsa sé sett í hættu eða fólk verði fyrir óréttlæti.

Hver hefur þá rétt fyrir sér? Það er í raun erfitt að segja en höfundur þessa rits telur að siðferðilega sé ekki rétt að túlkar skjóti sér undan ábyrgð sinni sem manneskjur vegna faglegra forsendna. Í heilbrigðiskerfinu og menntakerfinu (þar sem höfundur þekkir best til) eru ákveðnar siðferðislegar kröfur lagðar á alla starfsmenn á tillits til stöðu þeirra innan stofnunarinnar og þetta á einnig við um túlka, jafnvel þótt þeir séu í flestum tilfellum aðeins tilfallandi starfsmenn.

Til þess að rökstyðja þetta aðeins betur er rétt að skoða til dæmis siðareglur túlka innan bandaríska heilbrigðiskerfisins en þar segir:

*„Þegar heilsa sjúklings, velferð eða virðing er í hættu má túlkar taka að sér að vera málsvari sjúklings.“* (Roat, 2010, bls. 49)

Staðlanefnd bandaríska heilbrigðiskerfisins tekur í sama streng þegar þeir segja:

*„31. Túlkar má láta vita ef velferð einstaklings er í hættu“* (Roat, 2010, bls. 49)

Og

*„32. Túlkar mega taka að sér málsvörn þeirra einstaklinga eða hóp fólks sem sætir illri meðferð eða misnotkun“* (Roat, 2010, bls. 49)

Eins og sést á tilvitnunum hér að ofan á málsvörn túlka fyrir skjólstæðinga sína innan heilbrigðiskerfisins sér einungis stað að uppfylltum þröngum skilyrðum. Þessi þröngu skilyrði má yfirfæra yfir á aðrar stofnanir sem túlkar starfa innan, hægt er að mæla með því að túlkar taki einungis að sér málsvörn skjólstæðinga þegar velferð þeirra og virðing beinlínis krefjist þess. Hér á eftir má sjá nokkrar þumalputtareglur varðandi það hvenær er við hæfi að gerast málsvarar skjólstæðings og hvenær ekki:

Það er **rétt** að grípa inn í þegar:

Skjólstæðingurinn fær ekki þá þjónustu eða umönnun sem hann á rétt á.

Og:

Þegar afleiðingar þess að gera ekkert geta verið slæmar/alvarlegar.

Og:

Þegar skjólstæðingurinn vill sjálfur að þú grípir inn í.

Og:

Þegar þú ert hvorki að brjóta reglur vinnuveitenda þíns (til dæmis tilvísunarskrifstofu af einhverju tagi) eða stofnunarinnar sem þú túlkar í.

Túlkar **skulu ekki** taka að sér málsvörn skjólstæðings undir eftirfarandi kringumstæðum:

Þegar vandamálið liggur á þröngu sviði og það stafar ekki af einhverjum misskilningi (þetta á til dæmis við um ákvörðun læknis um lyfjagjöf, túlkar eiga ekki skipta sér af slíku þeir hafa engar forsendur til að vita betur).

Eða:

Þegar skjólstæðingurinn vill ekki að túlkurinn skipti sér af.

Eða:

Þegar túlkurinn væri að bregðast trúnaðarskyldu með því að skipta sér af.

Eða:

Þegar vinnuveitandi túlks eða sú stofnun sem hann túlkar innan hafa sérstaklega sett reglur sem banna það að túlkar gerist málsvarar skjólstæðinga sinna.

Þar sem túlkar eru yfirleitt ekki fastráðnir starfsmenn þeirra stofnanna sem þeir túlka fyrir getur verið erfitt að vita hvert beri að snúa sér og hvernig ber að fara að því hjálpa skjólstæðingi að leita réttar síns þegar nauðsyn krefur. Því getur verið gott að hafa eftirtalin atriði í huga:

- a. Gerðu þér skýra grein fyrir vandamálinu.
- b. Gerðu skjólstæðing þínum eins skýra grein fyrir vandamálinu eins og þú mögulega getur og fáðu síðan leyfi til þess að gera eitthvað í málinu.
- c. Reyndu að komast að því hvaða starfsmaður stofnunarinnar sé líklegastur til þess að geta gert eitthvað í málinu. Reyndu helst að velja einhvern sem þekkir þig.

- d. Kynntu bæði þig og skjólstæðinginn fyrir viðkomandi (sjá kafla um „forvinnu“) og útskýrðu vandamálið vandlega.
- e. Spurðu spurninga um það hvernig sé best að leysa málið.
- f. Forðastu að kenna einhverjum um, að niðurlægja, hækka röddina, hótanir, kaldhæðni, að rífast við fólk eða grípa í frammi fyrir. Hafðu það viðhorf að þú og manneskjan sem þú leitar til séuð liðsfélagar sem standi frammi fyrir vandamáli sem þið þurfið að leysa saman.
- g. Notaðu orðalag sem fólki finnst ekki ógnandi eins og: „ég hef áhyggjur af..“ og „ég var að velta fyrir mér hvort þú gætir hjálpað mér með..“.
- h. Gættu þess að líkamstáknmál þitt sé vingjarnlegt.
- i. Hafðu skjólstæðinginn með þér ef það er hægt og hafðu viðkomandi með í ráðum.

Það að vera málsvarar skjólstæðinga sinna er ekki það sem túlkastarfið gengur út á alla jafna. Sumir þurfa jafnvel aldrei að grípa til þess að gerast málsvarar skjólstæðinga sinna.

Það verður samt ekki hjá því litið að stundum verða túlkar vitni að miður æskilegum hlutum þar sem lífi og velferð fólks er sett í hættu. Einnig verður að hafa í huga að það er mikið valdaósamræmi milli notenda þeirrar þjónustu sem „kerfið“ býður upp á og starfsmanna þess, ekki síst milli notenda sem ekki skilja tungumálið eða menningu nýja landsins.

Túlkar þurfa þess vegna að vera í stakk búnir til þess að gerast málsvarar skjólstæðinga sinna þegar algjör nauðsyn krefur en jafnframt þurfa þeir að gera það á faglegum forsendum og í samræmi við siðareglur túlka eins og hér hefur verið fjallað um.

## Trúnaður

Eitt af því fyrsta sem túlkar skýra út fyrir skjólstæðingum sínum þegar þeir undirbúa þá undir að vera notendur túlkunarþjónustu (sjá kaflann hér á undan um forvinnu) er að á milli túlks og skjólstæðings (og reyndar einnig á milli túlks og starfsmanns) ríki trúnaður.

En er það svo víst að skjólstæðingar túlks, túlkurinn sjálfur og starfmenn stofnanna (til dæmis heilbrigðisstofnanna) skilji hugtakið trúnaður á sama hátt? Rannsóknir á meðal umræddra aðila hafa leitt í ljós að svo er ekki.

Þetta þarf ekki að koma á óvart. Eins og lesendur þessa rits gera sér vafalaust grein fyrir hefur menning áhrif á það hvaða augum við lítum umhverfi okkar og hvernig við skiljum hugtök. Það þarf því ekki að koma á óvart að fólk úr ólíkum menningarsvæðum og með ólíkan bakgrunn skilur viðkvæmt hugtak eins trúnaður á misjafnlega.

Almennt séð þá skilur vestræn menning hugtakið trúnaður einfaldlega þannig að þegar eitthvað er sagt „í trúnaði“ sé það þá leyndarmál sem sé milli tveggja aðila sem eru þá bundnir trúnaði; þeir halda leyndarmálinu frá öðru fólki.

Stofnannamenning heilbrigðiskerfisins (ef hægt er að nota það hugtak um félagslegt kerfi eins og heilbrigðiskerfið sem er auðvitað margar tengdar stofnanir með flókin tengsl sín á milli) skilur hugtakið ekki alveg á þennan hátt. Almennt séð þá er meðhöndlun trúnaðarmála eða upplýsinga með þeim hætti að einungis þeir sem þurfa á upplýsingunum að halda vegna þjónustu við eða meðhöndlun sjúklinga mega fá aðgang að þeim, og þeir mega ekki láta upplýsingar í hendur aðila utan heilbrigðiskerfisins nema með ströngum skilyrðum.

Hvernig skjólstæðingar túlka skilja þetta hugtak er mjög mismunandi og sú mynd er blasir við er flókin. Fyrir það fyrsta er vert að nefna að menningarlegur bakgrunnur fólks er mismunandi svo og félagslegur bakgrunnur. Til að bregða frekara ljósi á þetta er vert að skoða eftirfarandi dæmi:

- a. Rússneskir túlkar hafa oft rekist á það viðhorf að það að halda trúnaði merki að trúnaðarupplýsingum er **haldið frá sjúklingum**, að það sé mjög mikilvægt að halda vondum fréttum frá fólki svo það missi ekki alla



lífsvon (Roat, 2010). Aðrir rússneskutúlkar hafa ennfremur nefnt misvísandi viðhorf til trúnaðar, sumir mjög í anda þess skilnings sem vestrænt heilbrigðiskerfi leggur í hugtakið en aðrir hafa lagt áherslu mikilvægi þess að trúnaðarupplýsingar rati til nánustu fjölskyldu sjúklingsins, nokkuð sem heilbrigðiskerfið myndi fara með sem brot á trúnaði, slíkar upplýsingar eru ekki gefnar nema með vilja og vitund sjúklings (Roat, 2010).

- b. Fólki frá Suður-Ameríku hefur oftast en ekki aðrar hugmyndir um trúnað heldur en vestrænir heilbrigðistarfsmenn. Það tíðkast einfaldlega í löndum Suður –Ameríku að deila lífi sínu með þeim sem standa manni næst. Það er ennfremur mikilvægt að koma fram við fólki með virðingu, og hana sýnir maður með hluttekningu þegar eitthvað er að og gleðst með fólki þegar tilefni gefst til. Við aðstæður eins og þessar eru upplýsingar eins og heilbrigðisupplýsingar ekki trúnaðarmál eða leyndarmál. Maður gefur fólki bara færi á því að gleðjast með sér eða syrgja eftir því hvernig lífið vindur fram (Roat, 2010).
- c. Meðal Hmong manna eru svipaðar hugmyndir í gangi. Hmong fólkið kemur upphaflega frá fjallasvæðum Víetnam, Laos, Kína og Tælands en fluttist í stórum stíl til Bandaríkjana á meðan og eftir að stríðinu í Víetnam lauk (Hmong people). C. Roat skrifar um námskeið sem hún hélt eitt sinn meðal Hmong tülka í Montana. Þar kom ljós að túlkarnir sem hún vann með á námskeiðinu höfðu allt aðrar skoðanir á hlutverki sínu varðandi trúnað en túlkar almennt höfðu þar í landi. Túlkarnir sem um ræddi voru flestir leiðtogar í sínum ættarhópi (clan leader). Eitt af hlutverkum leiðtoga í ættarhópi meðal Hmong fólksins er að láta vita ef erfiðleikar steðja að til þess að samfélagið geti sýnt stuðning sinn í verki, rétt eins og gerist og gengur í Suður Ameríku. Munurinn á þessum menningarsvæðum endurspeglast í því hlutverki sem einstaklingurinn sjálfur leikur. Meðal Hmong fólksins er skammarlegt að einstaklingurinn láti sjálfur vita um erfiðleika, slíkt er hlutverk ættarleiðtogans. Klárlega þá stangast hlutverk ættarleiðtoga á við hlutverk túlksins þegar kemur að því að halda trúnaðarupplýsingum leyndum, eða eins og þeir sáu það; dreifa þeim.

En hvaða lærdóm er hægt að draga af þessu? Fyrir það fyrsta er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að fólk skilur hugtakið trúnaður með mismunandi hætti

og fólk hefur mismunandi væntingar til tólka og þeirra stofnanna sem þeir tólka innan í samræmi við þessar væntingar.

Á sama tíma er ekki hægt að gera þær kröfur til tólka að þeir beygi sig undir þessar væntingar. Tólkar sem vinna innan menntageirans, heilbrigðiskerfisins og félagsþjónustunnar þurfa að vinna innan þess lagaramma sem stofnunum er settur sem og innan siðareglna tólka.

Þetta merkir þegar á öllu er á botninn hvolft að tólkar þurfa að vera meðvitaðir um þessi mál og þeir þurfa að útskýra vel og vandlega fyrir skjólstæðingum sínum hvað það merkir að halda trúnað þegar þeir fá þá tilfinningu að mál séu óljós í huga skjólstæðingsins.

## Að þýða hið illþýðanlega

„Réttargæslumaður þinn er er staddur í kvennaathvarfinu og ætlar að hjálpa þér að sækja um félagslegt húsnæði. Á meðan á því ferli stendur langar okkur til að bjóða þér að taka þátt í sjálfshjálparhópi fyrir konur sem hafa verið beittar kynbundnu ofbeldi til þess að vinna með sjálfsmynd þína. Ef þér tekst að opna þig fyrir einhverri þar þá ættir þú að geta unnið með áfallið sem þú varðst fyrir (Roat, 2010, bls. 35). “

Réttargæslumaður, kvennaathvarf, félagslegt húsnæði, sjálfshjálparhópur og sjálfmynd. Allt eru þetta sérhæfð hugtök sem eiga upptök sín í vestrænu réttar og geðheilbrigðiskerfi. Sum, ef ekki öll þessi hugtök eru illþýðanleg eins og þau standa á mörgum tungumálum. Það að koma því áleiðis hvað þau þýða er hæfni sem túlkur öðlast með reynslunni, oft á löngum tíma.

En undir hvaða kringumstæðum getur þetta komið upp? Hægt er að skipta aðstæðum sem þessum í meginatriðum í tvennt;

- a. Þegar orðið er ekki til á öðru tungumálinu (eða hreinlega hugtakið er svo menningarbundið að það er ekki til). Dæmi um þetta eru mörg hugtök úr geðheilbrigðisgeiranum svo sem sjálfsmynd. Hugmyndir og hugtök eru að sama marki brennd, tókum til dæmis hvernig hugsað er um heitan og kaldan mat víða í Asíu (þar er ekki verið að tala um hitastig matarins) eða hugmyndina um *Chi*.
- b. Þegar orðið ber ekki alveg sömu merkingu milli ólíkra menningarsvæða. Það er til dæmis ekki mikill vandi að finna orð yfir lögfræðinga á flestum tungumálum, en þýðir það orð það sama og réttargæslumaður fórnarlamb innan íslensks réttarkerfis? Já, nokkurn vegin en samt ekki alveg, þetta myndi þarfnast nánari útskýringar.

Hversu oft vandamál sem þessi koma upp er svolítið undir því komið hvaða tungumál er verið að vinna með og þetta er einnig undir því komið hverjir eru að tala saman og undir hvaða kringumstæðum. Það er erfiðara að þessu leyti að þýða milli íslensku og khmer (þjóðartunga Kambódíu); tveggja tungumála sem eru ólík málfræðilega og spretta úr mjög mismunandi menningarlegum jarðvegi heldur en á milli íslensku og dönsku (bæði menningarlega lík samfélög og málfræðilega lík tungumál).

En hvernig er þá best að tækla þetta? Fyrir það fyrsta þarf túlkurinn að hafa í huga að hann er ekki einungis að þýða orð, hann er að vinna við að koma merkingu þess sem sagt er á milli fólks og þar af leiðandi á milli menningarsvæða. Það að hafa þetta í huga er oft lykillinn á vandanum. Þegar starfsmaður sem er að taka viðtal við skjólstaðing segir „ég er með böggum hildar yfir þessu“ þýðir túlkurinn ekki bara orðin beint, slíkt kæmi út í tómri vitleysu. Hann myndi einfaldlega þýða þetta sem: „ég hef áhyggjur af“ .

En hvað þegar ekkert hugtak eða hugmynd er til í öðru tungumálinu? Eftirfarandi samtal er tekið úr bókinni „health care interpreting in small bites“ (athugið að samtalið á sér stað í bandarísku samhengi):

*Félagráðgjafi: Þú gætir átt rétt á félagslegu húsnæði (section 8 housing).*

*Túlkur (við skjólstaðing): Þú gætir átt rétt á félagslegu húsnæði (og bætir við sem túlkurinn) ég ætla að biðja um nánari skýringu.*

*Túlkur (við starfsmann): „túlkurinn þarf nánari útskýringu á félagslegu húsnæði“*

*Félagráðgjafi: Félagslegt húsnæði (section 8 housing) er húsnæði sem er niðurgreitt af yfirvöldum.*

*Túlkur (við skjólstaðing): Félagslegt húsnæði er þannig að yfirvöld hjálpa þér að borga húsaleigu (Roat, 2010, bls. 36-37).*

Það að biðja starfsmanninn um skýringu hefur þann kost í för með sér að hann skýrir sjálfur út fyrir skjólstaðingnum hvað hann er að meina. Þessi aðferð er mjög góð en hún á einnig sína annmarka; nefnilega þá að hún hægir á samtalinu, sérstaklega þegar túlkurinn þarf að beita aðferðinni hvað eftir annað. Í staðin fyrir þessa aðferð getur túlkurinn búið til einskona málverk eða mynd af því sem um er rætt, en einungis ef hann **skilur hugtökin fullkomlega** sem verið er að nota.

Lýsingar sem þessar bera eftirfarandi einkenni:

- a. **Þær notast við skilgreiningar.** Til dæmis: sjálfmynd þýðir...
- b. **Þær eru nákvæmar.** Dæmi: Það að lýsa félagslegu húsnæði sem húsnæði þar sem yfirvöld hjálpa þér er ekki nákvæmt. Betra er að lýsa þessu sem húsnæði í eigu sveitarfélagsins þar sem húsaleiga er niðurgreidd.

- c. Þær eru skilvirkar (dæmi úr bókinni „healthcare interpreting in small bites“ þar sem matarkorti (food stamp) er lýst), en byrjum á óskilvirku dæmi: „Kort sem maður notar í matvöruverslunum, yfirvöld leggja inn á kortið, kortið færðu hjá félagsráðgjafanum þínum og þú getur notað það til þess að borga fyrir matvörur þar til peningarnir eru uppunir sem gerist venjulega í lok mánaðarins. Þetta er vissulega nákvæm skilgreining en óþarflega nákvæm og reyndar svo nákvæm að það getur valdið ruglingi. Í staðin mætti hugsa sér þetta: „ kort gefið út af yfirvöldum sem gerir þér kleyft að kaupa mat völdum verslunum“ (Roat, 2010, bls. 37).

Að lokum er vert að hafa það ávalt í huga að túlkur kemur á samskiptum milli fólks; það að eiga samskipti merkir tilflutningur merkingar milli aðila. Ef ekki eru til orð á öðru hvoru tungumálinu sem bera sömu merkingu þarf að grípa til lýsinga eða biðja um nánari útskýringar.

## Tvö algeng vandamál

Túlkun getur verið vandasamt starf. Vandamálin sem túlkar standa frammi fyrir eru mörg svo sem erfitt fólk og samtöl sem erfitt er að túlka. Hægt er að nefna tvö algeng vandamál í þessu sambandi. Í fyrsta lagi er rétt að nefna það þegar samskipti milli aðila breytast skyndilega frá því að vera vingjarnleg yfir í fjandsamleg. Í öðru lagi hefur það reynst mögum túlkum erfitt að viðhalda góðu flæði í samskiptum milli aðila. Skoðum þetta aðeins nánar:

### Fjandsamleg samskipti

Fjandsamleg samskipti er mjög algengt vandamál í starfsumhverfi símatúlka þótt aðrir túlkar kannist vissulega einnig við það. En hvernig ber þá að höndla slík samtöl? Svarið við þeirri spurningu liggur í því að túlkurinn þarf ávalt að hafa í huga að hann er ekki sá sem hefur skoðanirnar, hann er einungis að koma þeim á framfæri. Túlkurinn þarf ekki að taka það nærri sér þótt fólk sé ekki sammála, rífast og skammist eða jafnvel hrópi hvort á annað. Túlkurinn er einungis ábyrgur fyrir því að koma merkingu þess sem sagt var á framfæri við þann sem það var sagt við og að viðkomandi hafi skilið það sem að honum var beint. Þrátt fyrir þetta er erfitt að takast á við kringumstæður eins og þær sem lýst var hér á undan, ekki síst þegar aðilar samtals kenna síðan túlkinum um það hvernig fór. Hér á eftir eru nokkur ráð sem ættu að duga við slíkar kringumstæður:

- a. Túlkaðu allt sem sagt er hvernig svo sem það er sagt og meint og vertu trú(r) þeim tóni sem notaður var. **Dragðu samt úr reiðilestri, særandi og móðgandi ummælum eins og kostur er.** Þetta þýðir auðvitað ekki að þú breytir því sem sagt er, heldur einungis að þú hækkir ekki röddina og haldir ró þinni.
- b. **Minntu alla sem viðstaddir eru á að þitt starf sé að túlka allt sem sagt er,** nákvæmlega eins og það var sagt. Ef einhver aðili samtals kemur með ásakanir í garð túlksins, minntu viðkomandi þá á að túlkar túlki eins nákvæmlega þeim er unnt það sem sagt er.
- c. **Haltu ró þinni.** Það að ástunda fagleg vinnubrögð merkir í þessu sambandi að þú takir ekki inn á þig það sem sagt er. Hafðu í huga að það eru aðilar samtalsins sem eru að hrópa hvor á annan en ekki þú. Það gæti

komið fyrir að einhver tali til túlksins í hvössum tón. Þá er gott að hafa í huga að viðkomandi er líklega undir mikilli streitu og er jafnvel ekki alveg sjálfrátt. Vertu því róleg(ur) og kurteis í svörum og ekki láta aðstæðurnar ná tökum á þér. (Roat, 2010)

### Gott flæði í samskiptum

Best væri að þeir sem þurfa á túlki að halda hefðu hugsað vel og vandlega um það hvað þeir ætluðu að segja þannig að innan hverrar setningar væri gott innra samræmi, hugsanir viðkomandi væru ekki settar saman í belg og biðu og viðkomandi myndi stoppa öðru hverju til að leyfa túlkinum að túlka fyrir sig. Það væri að sama skapi gott að hver og einn túlkur væri það leikinn og með það gott minni að hann gæti munað langar setningar fullkomlega og komið þeim óaðfínanlega frá sér. Því miður er þetta ekki raunin. Flestir þeir sem þurfa á túlki að halda hafa enga þjálfun í því að notfæra sér þjónustu túlks. Túlkar reka sig iðulega á að aðilar samtals tala mikið, hratt og lengi án þess að stoppa. Slíkar einræður er mjög erfitt að túlka án þess að sleppa óvart úr mikilvægum atriðum. Einnig er minni fólks mismunandi gott, einnig túlka. Þess vegna þarf oft að brjóta niður eðlilegt flæði samtalsins sem verið er að túlka. (Roat, 2010)

En hvað er til ráða?

- a. Gott er að **taka strax til sinna ráða** í byrjun samtals og stökkva til og byrja að túlka þegar aðili samtals gerir hlé á máli sínu til að draga andann eða þegar einni hugsun sleppir og önnur tekur við. Flestir fatta nokkuð snemma að það þurfi að túlka fyrir þá með reglulegu millibili og detta tiltölulega fljótt inn í heppilegan takt. Forðastu samt að láta viðkomandi fá það á tilfinninguna að túlkurinn sé að grípa inn í. Ef þetta ráð dugar ekki tiltölulega fljótt notaðu þá það sem lagt er til í lið b.
- b. **Biddu viðkomandi um að stoppa.** Segðu til dæmis: „sem túlkurinn þinn langar mig að biðja þig um að gera aðeins oftár hlé á máli þínu, það hjálpar mér að túlka nákvæmlega það sem þú segir“. Ekki gleyma að láta aðra viðstadda vita hvað þú sagðir.
- c. **Punktaðu hjá þér** það sem sagt er. Þetta er sérstaklega nytsamlegt þegar túlkað er í gegnum síma. Símatúlkar þróa stundum með sér tákni sem þeir hripa niður í stað orða til þess að flýta fyrir sér. Punktarnir eru ekki afrit af því sem sagt er heldur einungis atriði sem hjálpa túlkinum til að muna.

- d. **Gerðu minnisæfingar.** Góður túlkur hefur vel þjálfað minni. Slíkt er hægt að þjálfa til dæmis með því að láta einhvern lesa setningar fyrir þig sem þú síðan endurtekur eða túlkar.

Vert er að hafa í huga að túlkur sem nær að viðhalda góðu flæði í samtali milli aðila nær miklu meiri árangri í starfi heldur en sá sem gerir það ekki. Því er vert að æfa sig reglulega bæði hvað varðar minni og það að viðhalda faglegru fjarlægð.



## Minnisæfingar fyrir túlka

Að hafa gott minni er hverjum túlki mikilvægt eins og sjá má af kaflanum hér á undan. Vandamálið er hins vegar að túlkar eru jafn misjafnir að þessu leyti eins og fólk almennt. Sumir hafa mjög þjálfað minni aðrir minna. Sumir hafa mikla stórt skammtímaminni (geta munað mörg atriðið í einu) en aðrir minna. Lausnin á þessu vandamáli felst í því að þeir sem eiga í erfiðleikum með að muna eftir sem sagt er geta lært ýmiskonar brögð sem að gagni geta komið:

### Einbeiting

Það að túlka fyrir einhvern krefst mikillar andlegrar orku. Túlkur sem er upptekin af einhverju, er í andlegu ójafnvægi eða er ekki að einbeita sér að einhverjum sökum er nánast ófær um að túlka almennilega. Líkt og allt annað sem er að einhverju leyti skapandi krefst túlkun algjörRAR einbeitingar. Til þess að æfa einbeitinguna er gott að gera eftirfarandi æfingu:

Sittu bein(n) í baki og láttu hendurnar hvíla í kjöltu þér. Forðastu að horfa í augu fólksins í kringum þig . Dragðu andann djúpt og hreinsaðu huga þinn af öllum áhyggju og öllu því sem hefur gerst um daginn eða stendur til að gerist. Kúplaðu þig frá öllum hljóðum sem er að finna í bakgrunninum. Hlustaðu einungis eftir því sem fólkið segir sem þú ert að túlka fyrir og líkamstáknmáli þess.

Þessi tiltölulega einfalda æfing gerir þeir kleyft að halda einbeitingunni þar sem hún þarf að vera sem er forsenda þess að þú munir.

### Hugsaðu myndrænt

Ein af öflugustu aðferðunum er að sjá hluta myndrænt fyrir sér. Þetta er sérstaklega gott þegar verið er að segja sögur af einhverju tagi. Á meðan skjólstæðingurinn er að segja frá; ímyndaðu þér að þú sért að horfa í bíómynd. Þegar röðin kemur að þér að túlka spólaðu þá myndina til baka í huganum og segðu frá.

### Minniskippi

Það má vera ljóst á umfjölluninni hér á undan að samfélagstúlkar túlka yfirleitt ekki frá orði til orðs það sem sagt er á meðan það er sagt, heldur bíða þeir þangað til að röðin er komin að þeim. Það sem þarf að komast á milli aðila er

Þess vegna merking þess sem sagt var. Þess vegna er gott að muna **lykilatriði** þess sem sagt var svo að merkingin komist til skila. Skoðum eftirfarandi setningu „ Þú þarft að fara niður á röntgenstofu til þess að láta taka mynd af þér. Síðan þarftu að koma til baka og láta lækningaritarrann hafa myndina. Síðan tókum við ákvörðun um framhaldið“.

Lykilatriði þess sem sagt var voru: „röntgenstofa, mynd, koma til baka, lækningaritari og ákvörðun“.

Ef þú getur lagt þessi minniskeppi á minnið getur þú sagt skjólstaðingi þínum nákvæmlega hvað hann á að gera.

## **Að telja**

Oftar en ekki eru túlkar beðnir um að túlka einhverskonar lista eða upptalningar af ýmsu tagi. Undir slíkum kringumstæðum er gott að hafa einhverja hugmynd um það hversu mörg atriði eru á listanum. Notaðu bara fingurna! Þegar hjúkrunarfræðingur spyr sjúkling: „Hefur þú fengið sykursýki, hjartaáfall, lágan blóðsykur eða fengið slag?“ þá hefur túlkurinn puttana til reiðu.

## **Skrifaðu minnisatriði hjá þér**

Samfélagstúlkar sem túlka í símanum eru gjarnir á að skrifa hjá sér minnisatriði. Þetta er bæði vegna þess að það er þægilegt (túlkurinn situr jú við skrifborð langt í burtu og getur leyft sér þetta) og einnig vegna þess að það er erfiðara fyrir túlkinn að hafa áhrif á flæði samtalsins í gengum síma, fólk á jafnvel til að tala mjög lengi áður en það gerir hlé á máli sínu.

## **Minnisæfing**

Áður en þú byrjar skaltu slaka á og tæma hugann. Einbeittu þér að sögu sem þú kemur til með að heyra. Veldu eina af þeim aðferðum sem fjallað hefur verið um í kaflanum; að setja minnisatrið saman í keppi, að telja lykilatriði eða að skrifa hjá þér minnisatriði. **Láttu einhvern lesa fyrir þig söguna** hér að neðan og gefa þér síðan stig ef þér tekst að muna atriðin á listanum sem fylgir með.

Hér er svo sagan: Sonur minn var að leika sér á leikvelli ásamt vini sínum sem heitir Jón. Jón er eldri en sonur minn, hann er 7 ára gamall. Þeir léku sér út um allt; í rólunum, rennibrautinni, klifurgrindinni og hringekjunni. Ég fylgdist með

þeim ásamt því að ég talaði við vinkonu mína sem er kölluð Magga. Ég missti sjónar af drengjunum í eina mínútu. Allt í einu hljóp sonur minn til mín hágrátandi. Ég sá ekki hvað gerðist en ég hélt fyrst að hann hafði dottið úr klifurgrindinni. Síðan áttaði ég mig á að hann var að hrópa nafnið hans Jóns og ég byrjaði að hlaupa að Jóni þar sem hann lá á jörðinni. Hann var meðvitundarlaus – en hann andaði, ég athugaði það. Ég var hrædd við það að hreyfa hann þannig að ég hringdi í 112.

Svo skaltu athuga hversu vel þér gekk að muna. Endursegðu söguna. Gefðu sjálfum/sjálfri þér eitt stig fyrir hvert og eitt atriði sem þér tókst að nefna í endursögninni. Atriðin eru 25. Hægt er að deila hversu mörgum atriðum þér tókst að muna með 25 til að fá einkunn. Dæmi: þér tókst að muna 20 atriði. Þá deilir þú 20 með 25 og færð út 0,8 sem eru 80% af minnisatriðunum eða einkunnin 8,0. Atriðin eru eftirfarandi:

1. Sonur þinn var að leika sér á leikvelli.
2. Vinur sonar þíns var þarna einnig.
3. Vinur sonar þíns heitir Jón.
4. Jón er eldri en sonur þinn.
5. Jón er 7 ára.
6. Drengirnir voru að leika sér út um allt.
7. Þeir voru að leika sér í rólunum.
8. Þeir voru að leika sér í rennibrautinni.
9. Þeir voru að leika sér í klifurgrind.
10. Þeir voru að leika sér í hringekju.
11. Þú varst að fylgjast með þeim.
12. Þú varst að tala við vinkonu þína
13. Vinkona þín er kölluð Magga.
14. Þú misstir sjónar af drengjunum í eina mínútu.
15. Sonur þinn kom hlaupandi.
16. Sonur þinn var grátandi.
17. Þú sást ekki hvað gerðist.
18. Þú hélt að hann hefði dottið úr klifurgrindinni.
19. Sonur þinn hrópaði nafnið hans Jóns.
20. Jón lá á jörðinni.
21. Jón var meðvitundarlaus.

22. Jón andaði.

23. Þú athugaðir hvort Jón andaði.

24. Þú vildir ekki hreyfa við Jóni.

25. Þú hringdir í 112.

Hvernig gekk þér? Mælt er með að þú búir til fleiri svona sögur eða þú fáir einhvern til þess að búa til fleiri svona sögur (eða finni þær einhverstaðar) og þú haldir áfram að æfa þig.

Þótt það virðist einfalt þá kemur þjálfun sem þessi að miklu gagni við það að æfa minnið. Eftir smá tíma verða minnisaðferðirnar sem þú æfir reglulega þér svo tamar að þú þarft ekki einu sinni að hugsa þig um áður en þú beitir þeim í túlkun.

Mundu að túlkar þurfa sífellt að vera að byggja upp orðaforða sinn og halda minninu í þjálfun. Því betra sem minnið er því þjálfi verður túlkunin og því betra flæði næst í samskipti þeirra aðila sem þú ert að túlka á milli.

## Nákvæmni í túlkun og mikilvægi hennar.

Árið 2008 birtist mikilvæg grein í læknablaðinu Chest. Greinin fjallaði um störf túlka sem túlkuðu á milli sjúklings og hjartalæknis annars vegar, og aðstandenda og læknis hins vegar. Aðstæðurnar sem voru rannsakaðar voru enda ekkert gamanmál; skoðuð voru tilvik þar sem verið var að flytja mjög slæmar fréttir eða hreinlega að slökkva á öndunarvélum (Kiemanh, Thornton, Engelberg, Jackson, & Curtis, 2008).

Rannsóknin fór þannig fram að viðtölin voru hljóðrituð og skrifuð upp frá orði til orðs. Síðan voru viðtölin greind nákvæmlega með tilliti til þess hversu nákvæm túlkunin var.

Niðurstöðurnar voru nokkuð sláandi. Í rúmlega helmingi tilfella, eða um 55% komu fram villur í túlkun. Af þessum villum voru um 75% þess eðlis að þær gætu haft áhrif á meðferð sjúklings.

Til þess að skoða þetta aðeins nánar er best að líta aðeins á siðareglur bandarískra samfélagstúlka sem túlka innan heilbrigðiskerfisins (National code of ethics for interpreters in health care) þar sem kveðið er á um nákvæmni í túlkun:

*„conveying the content and spirit of the original message, taking into consideration the cultural context“* (Roat, 2010, bls. 62)

Eða lauslega þýtt:

*„að koma til skila innihaldi og anda upprunalegu skilaboðanna ásamt því að taka til greina menningarlegt samhengi“*

Þetta þýðir, einfaldlega sagt að það má ekki bæta neinu við, sleppa neinu úr og ekki breyta því sem sagt var. Rannsakendurnir fundu fá dæmi þess að túlkarnir bættu við innhaldi sem ekki var til staðar. Það sem gerðist var það að þeir ýmist slepptu úr eða breyttu merkingu setninganna. Til að bregða nánara ljósi á þetta er best að skoða dæmi úr rannsókninni sjálfri.

### **Að sleppa úr**

Almennt séð gerðu túlkarnir sem skoðaðir voru ekki mikið að því að sleppa úr upplýsingum. Þó kom það fyrir:

*„Læknir: Ég veit ekki hvað ég get sagt annað. Ég meina, ég sagði þér í gær að hann er heiladauður. Ég veit ekki við hverju þú býst. Ég sagði þér líka í gær að það er engin leið til þess að ástand hans skáni.*

*Túlkur: Ég sagði þér í gær að hann væri heiladauður. Það er engin von til þess að ástand hans skáni“ (Kiemanh, Thornton, Engelberg, Jackson, & Curtis, 2008, bls. 113)“*

***Í þessu tilviki hefur túlkurinn verulega dregið úr harkalegum tóni læknisins með því að sleppa úr sumu sem hann sagði. Rannsakendurnir álitu reyndar að þetta væri vel innan marka (og reyndar í takt við það sem áður hefur verið rætt um átök milli starfsmanna og skjólstæðinga), en frá sjónarhól túlkunar er þetta ekki í lagi, þetta er í besta falli ónákvæm túlkun.***

Skoðum annað dæmi:

*„Læknir: Líst þér vel á þessa áætlun? Ertu með einhverjar aðrar spurningar?*

*Túlkur: Ertu sammála?“ (Kiemanh, Thornton, Engelberg, Jackson, & Curtis, 2008, bls. 114)*

***Þetta tilvik er í raun miklu alvarlegra heldur en virðist við fyrstu sýn. Þarna hefur túlkurinn sleppt því að gefa fjölskyldu viðkomandi sjúklings tækifæri á að átta sig betur á stöðunni, læknirinn bauð upp á það að þau spyrðu spurninga og létu vilja sinn í ljósi. Túlkurinn svipti fjölskylduna þessum möguleika, nokkuð sem hefði hugsanlega getað breytt þeirri meðferð sem sjúklingurinn hlaut.***

### **Að breyta innihaldi**

Það kom nokkru sinni fyrir að túlkarnir sem rannsakaðir voru breyttu innihaldi þeirra setninga sem þeir voru beðnir að túlka:

*„Læknir: Ég veit það ekki, Umm, krabbamein af þessu tagi vaxa hratt.*

*Túlkur: Hann veit það ekki vegna þess að það byrjar hægt“ (Kiemanh, Thornton, Engelberg, Jackson, & Curtis, 2008, bls. 113)*

***Þarna breytir túlkurinn innihaldi þess sem sagt var gersamlega, þannig að fjölskylda sjúklingsins fær algjörlega ranga mynd af sjúkdómsmynd sjúklingsins. Þetta getur síðan haft töluverð áhrif á þær ákvarðanir sem sjúklingurinn og aðstandendur hans taka um meðferð hans.***

Skoðum annað dæmi um breytt innihald:

*„Læknir: hefur þú rætt þessar spurningar við manninn þinn, áður en hann veiktist, hver vilji hans gæti verið í þessari aðstöðu?*

*Túlkur: Ræddir þú það við manninn þinn, áður en hann veiktist, hvað gæti beðið hans?“ (Kiemanh, Thornton, Engelberg, Jackson, & Curtis, 2008, bls. 114)*

***Það sem vakti fyrir lækninum með spurningunni var að reyna að finna út hvort að sjúklingurinn hefði látið vilja sinn í ljós með einhverjum hætti um það hvernig að meðferð hans yrði staðið við lok lífsins. Túlkurinn breytti hins vegar setningunni á þann veg að það kom út eins og læknirinn hefði spurt um hvaða mynd sjúklingurinn hefði gert sér af sjúkdómi sínum.***

Og enn annað dæmi:

*„Fjölskylda: En það sem okkur langar að vita er að eftir að honum batnar í lungunum, verður heilinn þá öðruvísi og hefur þetta áhrif á getu hans til að þekkja fólk?*

*Túlkur: Okej, hana langar til að vita um lungun, eftir að hann vaknar, um lungun, og hvað með eftir á, hefur þetta ekki áhrif á hann?“ (Kiemanh, Thornton, Engelberg, Jackson, & Curtis, 2008, bls. 114)*

***Hérna langaði fjölskylduna að spyrja lækninn um taugafræðilegt ástand sjúklings, hvort heili hans starfaði eðlilega. Túlkurinn breytti hins vegar spurningunni þannig að það kom út eins og þau höfðu bara spurt um lungu viðkomandi.***

Og að lokum:

*„Læknir: Vandamálið við þennan valkost er að hann gæti þurft að vera í öndunarvél það sem eftir er.*

*Túlkur: En vandamálið við þennan valkost er að hann verður í öndunarvél það sem eftir er.“ (Kiemanh, Thornton, Engelberg, Jackson, & Curtis, 2008, bls. 114)*

***Hérna er augljóst hver mistökin eru. Í túlkuninni kemur hvergi fram að vandamálið sé að það sé mögulegt að viðkomandi verði bundinn við öndunarvél, heldur kemur það út eins og það sé fullvíst að sú verði raunin.***

Auðvitað kann það að virðast billegt að rýna í hljóðupptökur og handrit af þeim og gagnrýna síðan túlka sem voru að starfa undir mjög krefjandi kringumstæðum. Hafa ber samt í huga að mistökin sem uppgötvuðust voru mörg mjög alvarleg.

Að temja sér ekki fyllstu nákvæmni í túlkun er löstur sem túlkar verða að temja úr sér með öllum ráðum, til dæmis með því að setja upp tilraunaaðstæður eins og lýst var hér að ofan (ekki með raunverulegum skjólstæðingum samt).

Túlkar starfa oft í aðstæðum sem eru mjög krefjandi svo ekki sé meira sagt, sérstaklega túlkar sem starfa innan heilbrigðiskerfisins. Mistök eins og þessi sem rakin eru hér að ofan eru einfaldlega ólíðandi.



## Listin að taka minnispunkta

Eins og áður hefur verið rakið (til dæmis í minniskaflanum hér á undan) er það ekki sérstaklega algengt að túlkar notist við minnispunkta (skrifleg minnisatriði) við túlkun. Slíkt getur þó verið gagnlegt undir ýmsum kringumstæðum og alveg sértaklega þegar túlkað er í gegnum síma.

Það er ákveðin kúnt að taka góða minnispunkta. Þessi kafli fjallar um þá ágætu list, en einnig undir hvaða kringumstæðum er gott að nota punkta. Lítum fyrst til þess:

### Hvenær á ég að nota minnispunkta?

- a. **Gott er að taka niður minnisatriði þegar þú ert að túlka eitthvað sem þú ert tiltölulega ókunnug(ur).** Þegar þú ert að taka að þér að túlka eitthvað sem þú hefur gert 358 sinnum áður er trúlega óþarfi að draga fram skrifblokkina vegna þess að þú getur nánast sé fyrir bæði spurningarnar og svörin. Ef þú ert aftur á móti í ókunnugum aðstæðum (til dæmis að þýða fyrir sérfræðing í grein sem þú hefur aldrei heyrt á minnst áður) dragðu þá fram blað og blýant.
- b. **Gott er að notast við minnispunkta þegar þörf er á að þú þýðir algerlega orðrétt** (eða eins nálægt því og hægt er). Þetta kemur ekki oft fyrir í samfélagstúlkun, en undir vissum kringumstæðum (til dæmis í viðtölum lögreglu) getur þetta verið ákaflega mikilvægt.
- c. **Þegar þú þarft að túlka lista** (atriðalista eða númeralista) sem innihalda fleiri atriði en þrjú. Þetta er erfitt að muna og er því gott að skrifa hjá sér (nú eða nota putta eins og áður hefur verið rakið, sjá kaflann um minnisæfingar).
- d. **Þegar þú ert þreytt(ur).** Það að túlka er andlega lýjandi. Ef þú finnur að þú sért skyndilega tóm(ur) í höfðinu, þú finnur ekki réttu orðin eða þú byrjar skyndilega að túlka frá gefnu tungumáli yfir á sama mál þá eru það skýr merki þess að þú sért farin(n) að þreytast. Best er auðvitað að fá smá hlé, en eðli starfsins vegna er það ekki alltaf möguleiki. Ef það er ekki hægt verður þú bara að gera hið næst besta; draga fram blað og blýant. (Roat, 2010)

Þeir sem túlka gegnum síma hafa sérstaka þörf til þess að vera góðir í að taka niður minnisþunta. Það er miklu erfiðara að viðhalda réttu flæði í samtali þegar túlkað er í gegnum síma en ella. Fólk hefur nefnilega miklu meiri tilhneigingu til þess að tala í belg og biðu í símaviðtölum en þegar það hittir starfsmann og túlk augliti til auglitis. Sem túlkur í viðtölum sem fara fram augliti til auglitis hefur þú fleiri verkfæri til þess að stjórna flæði viðtals; þú getur gefið merki með hendinni eða notast við annarskonar líkamstáknmál. Ef það dugar ekki að stökkva til þegar mælandi tekur sér hlé til þess að anda þá geta góðir minnisþunktar verið mjög hjálplegir.

Önnur ástæða þess hversu illa getur gengið að stjórna flæði símaviðtals er sú að þátttakendur símaviðtals eiga erfiðara með að átta sig á að þeir eru að taka við hvorn annan en ekki túlkinn. Þetta gerir það að verkum að túlkurinn getur fengið yfir sig flóð af spurningum eða leiðbeiningum á sama tíma. Eina ráðið til þess að takast á við þetta er að hafa skrifað hjá sér góða punkta.

### **Hvernig er best að skrifa góða minnisþunkta?**

Hversu nákvæmir minnisþunktarnir þurfa að vera er undir aðstæðunum komið. Ef verið er að tala um kunnugleg atriði þar sem viðmælendurnir taka sér góð hlé er einungis þörf á því að taka niður nöfn, númer, heimilisföng og annað slíkt.

Þegar viðmælendurnir tala látlaust eða eru að ræða eitthvað sem þú ert ókunnug(ur) er aftur á móti þörf á því að þú takir niður eins góða og nákvæma minnisþunkta og þú getur (nema auðvitað að þú búir yfir ofurminni).

### **Að taka niður góða punkta**

1. Hafðu í huga að þunktarnir eiga einungis að hjálpa þér að muna, þeir eru ekki handrit að samtölum. Einungis þarf að skrifa niður nógu mikið til að minna þig á það sem sagt var. Þetta er ástæða þess að þú þarft ekki að leggja það á þig að læra hraðskrift eins og einkaritarar nota, hraðskrift er nefnilega notuð til þess að skrifa niður hvert einasta orð.
2. Það sem þú ættir að vera einbeita þér að er að skilja og greina það sem sagt er en ekki að eyða allri orkunni í það að skrifa punktana. Reyndu þess í stað þess að muna heildarmynd þess sem sagt er og notaðu

punktana til þess að ná niður smáatriðunum. Þegar þú kemst upp á lagið með þetta virka punktarnir sem einskonar hjálpardekk eða hækjur fyrir minnið.

3. Best er að notast við táknakerfi þar sem því verður við komið. Maður hefur ekki tíma til þess að skrifa fjöldann allan af heilum orðum. Táknakerfi búa einnig yfir þeim góða kosti fyrir utan hraðan að maður getur lesið þau upphátt á hvaða tungumáli sem er.
4. Það er ekki til neitt eitt kerfi sem allir nota, en hér fyrir neðan verður kynnt bandarískt kerfi (notað af samfélagstúlkum innan heilbrigðiskerfisins) sem hefur gefið góða raun þar í landi og menn geta tekið upp ef þeir vilja, nú eða notast við eitthvað nýtt. Ef þú villt taka upp nýtt kerfi hafðu þá í huga að notast við eins fá tákn og þú mögulega getur og þá eins einföld tákn og hægt er.
5. Best er að nota litla minnisbók þegar verið er að skrifa niður minnispunkta í túlkun eða um 10 sentímetra. Ef þú ert að nota venjulega A4 blokk er best að skipta henni í tvennt með línu og skrifa aðeins öðru megin. Hafðu þá reglu einnig í heiðri að þegar skjólstæðingur þinn kemur fram með nýja hugmynd, settu þá hana í næstu málsgrein; þ.e. skiptu umræðuefnum niður í málsgreinar.
6. Þegar þú ert beðin um að túlka í gegnum síma, hafðu þá minnisblokkina tilbúna. Þetta kann að hljóma sjálfsagt, en það er ótrúlega auðvelt að gleyma atriðum sem þessum í dagsins önn. Undirbúningur þinn skiptir máli. (Roat, 2010)

Hér getur að líta nokkur tákn sem notuð hafa verið verið af bandarískum samfélagstúlkum. Takið sérstaklega eftir hvernig sum táknin geta bæst við og breytt merkingu táknsins á undan eða eftir:

„ Í dag: t

Á morgun: t●

Í gær: ●t

Í næstu viku: w●

Í síðustu viku: ●w

Í næsta mánuði: m●

*Í síðasta mánuði: ●m*

*Fyrir 3 vikum: ●3w*

*Eftir 3 vikur: 3w●*

*Minna – lækkandi: ↓*

*Meira – hækkandi: ↑*

*Óvissa: ?*

*Einkenni: ss*

*Próf – rannsóknir: X*

*Blóðrannsókn: bX*

*Rannsókn á þvagsýni: uX*

*Fasta: npo*

*Lyfseðill: Rx*

*Lausasöluþynging: otc*

*Byrjun: ð*

*Endir: Ω*

*Verkir – sársauki: !*

*Svimi: ≈*

*Ógleði – uppköst: n/v“ (Roat, 2010, bls. 41)*

Eins og annað í samfélagstúlkun og bara yfirleitt, þarf að æfa sig reglulega í því að taka niður góða minnisþykka. Ekki dugur heldur að búa bara til einhver tákna sem ætlunin er að nota á staðnum, það þarf að semja tákna og hafa þau á takteinum fyrirfram.

Að lokum er svo vert að minnast á þann góða vana að eyðileggja minnisþykka strax að túlkun lokinni. Kröfur um trúnað samfélagstúlka eru ríkar eins og áður hefur verið minnst á, þannig að það er best að eyða þykkanum strax, jafnvel þótt að allar líkur séu á að einungis viðkomandi túlkur geti lesið þá.

## Hluti 2, samfélagstúlkun í heilbrigðiskerfinu

### Varúðarráðstafanir fyrir samfélagstúlka sem starfa innan heilbrigðiskerfisins.

Almennt séð er samfélagstúlkun erfitt og krefjandi starf. Áður hefur verið farið í suma þá þætti sem gera starfið erfitt, eins og góðrar færni í túlkun, krafna um gott minni og mikillar getu í mannlegum samskiptum. Það að túlka innan heilbrigðiskerfisins getur auk þessa verið bæði tilfinningalega krefjandi og hættulegt. Í köflunum hér á eftir verður farið í tilfinningalegu hliðina en í þessum kafla verður farið yfir nokkrar varúðarráðstafanir gagnvart hinu líffræðilega umhverfi sem sjúkrahús eru.

Nú kynnu þeir sem aðallega sjá fyrir sér að túlka gegnum síma að hugsa sem svo að þeir séu heppnir að þurfa ekki að hugsa um þessa þætti, en reyndar er það svo að símatúlkun kann að vera mjög ákjósanleg innan heilbrigðiskerfisins, sérstaklega þegar skjólstæðingurinn er í einangrun, ýmist vegna þess að ástand ónæmiskerfis viðkomandi er svo veiklað að halda verður viðkomandi í einangrun eða þá að hann er smitaður af einhverju og verður þess vegna að vera haldið frá öðru fólki (Roat, 2010).

Hér á Íslandi kom upp umræða um hið síðarnefnda til dæmis þegar SARS (form af bráðsmitandi og hættulegri veirusýkingu sem veldur bráðlungnabólgu) „faraldurinn“ gekk í fjölmiðlum, þá var útbúið einangrunaraðstaða á Landspítalanum. Sem betur fer þurfti ekki að nota þá aðstöðu en viðbúið hefði verið að túlka þurfti fyrir einhverja þá einstaklinga sem þarf hefðu þurft að gista. Fyrri atriðið sem nefnt var, að sjúklingar með veiklað ónæmiskerfi þurfi að vera í einangrun er nokkuð algengt, til dæmis þegar fólk þarf að fara í beinmergskipti vegna hvítblæðis.

Þeir túlkar sem túlka augliti til auglitis innan heilbrigðiskerfisins þurfa því líkt og aðrir heilbrigðisstarfsmenn að taka svokallaðar „alhliða varúðarráðstafanir (universal precautions)“ gagnvart sýkingum og annarri óáran sem fyrirfinnast á sjúkrahúsum. Varúðarráðstafanir sem þessar hjálpa þér sem starfsmanni að verða að gagni en koma um leið í veg fyrir að þú veikist eða verðir fyrir ofbeldi.

Málið er því að koma sem best í veg fyrir að komist í snertingu við smitbæra hluti, svo sem: blóð, munnvatn (hráka), sæði, þvag, saur og loftborið smit.

Þar sem við getum ekki alltaf sagt fyrir um með vissu hvort að einstaklingur sé smitaður af einhverju þá eru sumar af þessum varúðarrástöfunum þess eðlis að við gerum þær alltaf, en aðrar ráðstafanir eru teknar þegar vitað er að einstaklingur sé smitaður.

### **Varúðarráðstafanir sem alltaf eru teknar**

**Handþvottur.** Það er einfaldlega regla númer eitt að þvo sér alltaf um hendurnar þegar þú ert búinn að túlka fyrir einhvern, hvort sem þú ert að túlka innan sjúkrahúss eða ekki. Að vera með hreinar hendur er einfaldasta og besta aðferð sem við þekkjum til að stöðva ýmiskonar sýkingar. Þvoðu þér með sápu, berðu sápu vandlega á hendurnar (einnig milli fingra) og hafðu sápu á höndunum í alla vega 15 sekúndur. Hreinsaðu síðan sápu vandlega af fingrunum og þurrkaðu þér með einnota bréfpurrku. Notaðu síðan bréfpurrkuna til þess að skrúfa fyrir vatnið.

Líkamleg snerting túlka við skjólstæðinga sína er ekki mikil, venjulega heilsast fólk með handabandi í upphafi túlkunar og oftast á eftir (nema þegar mikið gengur á). Það á því að nægja undir venjulegum kringumstæðum að þvo sér vel. Hafðu samt í huga að snerta ekki á neiskonar tækjum inni á læknastofunni, né heldur skaltu koma við sýni eða útbúnað til sýnatöku né heldur aðrar lækningavörur (sumt af þeim hefur verið sótthreinsað þannig að þú gætir mengað þær eða skemmt með snertingu þinni).

Mörg okkar hafa þann sið að koma við andlit okkar reglulega. **Hafðu ávalt í huga að það er ekki gott að vera að nudda augu sín eða setja fingur í munn eða nef inni á sjúkrahúsum eða stofnunum** þar sem mikið er af fólki. Stundum gerum við þetta ósjálfrátt. Þá er nú aldeilis gott að vera hreinn á höndum.

**Bólusetningar.** Margir heilbrigðisstarfsmenn gæta þess að þeir séu vel bólusettil. Sjúkrahús gera einnig í auknu mæli kröfur til þess að starfsmenn þeirra, bæði fastráðnir og aðrir séu bólusettil. Oftast eru þeir starfsmenn sem koma í beina snertingu við sjúklinga bólusettil við lifrabólgu B og inflúensu. Skoðaðu málið vel og ræddu það við heimilislækninn þinn hvort þú þurfir ekki á slíkri bólusetningu að halda.

## **Varúðarráðstafanir sem eiga stundum við**

**Grímur og hanskar og fleira.** Undir vissum kringumstæðum þurfa starfsmenn að klæðast ýmiskonar búnaði til að hindra smit (svo sem hlífðargleraugu, grímur og hanska). Það kemur sjaldan fyrir að túlkar þurfi að bera slíkan útbúnað. Það kemur þó fyrir, sérstaklega þegar skjólstæðingurinn er í einhverskonar einangrun, þegar túlka þarf á skurðstofum eða þegar skjólstæðingurinn er með smitandi berkla. Horfðu bara á fólkið í kringum þig og á tilkynningarnar á veggjunum. Ef fólkið í kringum sjúklinginn er með grímur eru góðar líkur á því að túlkurinn þurfi líka að vera með grímu. Ef þú ert í vafa, spurðu þá heilbrigðisstarfsfólkið í kringum þig.

**Geislavarnir.** Þegar þú ert að túlka fyrir skjólstæðing sem verið er að taka röntgenmyndir af, eða er í einhverskonar skanna þarftu að standa fyrir aftan þær varnir sem eru á staðnum eða vera í blýsvuntu. Undir sumum kringumstæðum þarftu einnig að vera með geislavörn fyrir hálsinn. Ef þú ert kvenkyns og grunar eða veist að þú sért ófrísk skaltu neita verkefnum sem hafa það í för með sér að þú komist í tæri við geislun af einhverju tagi, sama hvaða nafni þær nefnast (röntgenmyndir, baríumstólpípur, þegar baríum er tekið inn um munn, CT skönnun og annað).

**Á geðdeildum.** Ef þú ert að túlka inni á geðdeild skaltu ræða það við starfsmennina sem sjá um viðkomandi skjólstæðing hvernig andlegu ástandi hans sé háttað. Ef viðkomandi er í geðrofsástandi eða hefur sýnt tilhneigingu til þess að grípa til ofbeldis skaltu halda þig í meiri fjarlægð frá skjólstæðingi þínum heldur en vanalega.

## **Hvað ef?**

En hvað ef þú telur að þú hafir komist í snertingu við smitbært efni? Ef maður telur sig hafa smitast af einhverju eða fengið áverka innan sjúkrahússins þarf að fylla út skýrslu þess efnis samstundis (samdægurs). Ræddu málið við vakthafandi lækni um leið og því verður við komið um það hvort þú þurfir að taka lyf eða fá meðferð í forvarnarskyni. Ef þú hefur stungið þig eða skorið skaltu **þvo og sótthreinsa sárið strax.**

Ef þú hefur verið að túlka fyrir skjólstæðing og það kemur síðar í ljós að viðkomandi var með smitandi berkla skaltu fara strax í berklapróf til að komast

að því hvort að þú hafir áður komist í snertingu við berklabakteríuna. Farðu síðan í annað berklapróf 3 mánuðum seinna til þess að komast að því hvort að viðkomandi skjólstæðingur hafi smitað þig og þú þurfir meðferð í kjölfarið.

Það að túlka innan heilbrigðiskerfisins getur verið ákaflega krefjandi starf. Ekki nóg með það að þú getir komist í snertingu við ýmiskonar óværu heldur getur starfið tekið ákaflega á andlega. Næstu kaflar fjallar síðan um það hvernig best er að takast á við ýmiskonar erfiðar aðstæður.



## Að túlka í gegnum tárin

Eins og við lásam um í kaflanum hér á undan geta hættarnar leynst á ýmsum stöðum innan sjúkrahúsa. Það er þó óumdeilt að túlkar sem túlka mikið innan heilbrigðisgeirans lenda í því fyrr eða síðar á túlka fyrir fólk sem á í verulegum vandræðum, er í sorg eða er hreinlega dauðvona. Slíkar aðstæður taka eðlilega mikið á.

Í þessum kafla verður farið í það hvernig túlkar geta tekist á við aðstæður sem þessar almennt séð, en í köflunum á eftir verður farið í það sérstaklega hvernig er besta að tækla aðstæður eins og túlka inni á barnadeildum, geðdeildum, fyrir dauðvona einstaklinga og í framhaldinu á því hvernig er best að takast á við það að túlka bænir.

Það er best að byrja þessa umfjöllun með dæmisögu sem höfundur rakst á í bandarískri kennslubók:

*„Það er best að kalla hann Antonio. Það er ekki hans rétta nafn að sjálfsögðu, en það dugar. Hann var myndarlegur ungur maður, rétt rúmlega tvítugur, í mjög góðu líkamlegu formi enda þekktur knattspyrnumaður í sínu heimalandi. Hann hafði lengi dreymt um það að fara til Bandaríkjanna til að keppa í knattspyrnu, en hingað var hann kominn til að gangast undir beinmergskipti vegna bráðahvítblæðis.*

*Ég túlkaði einungis fyrir Antonio og fjölskyldu hans þrisvar sinnum. Í fyrsta skipti sem ég hittí hann trúði ég varla að hann væri neitt veikur, alla vega benti útlit hans ekki til þess, hann var svo hraustlegur! Nokkrum vikum seinna þegar lyfjameðferðin hafði eyðilaggt beinmergin og sterameðferðin hafði eytt ónæmiskerfinu var útlit hans gerbreytt. Ég fékk hnút í magann við að sjá hann. Hann leit veiklulega út og andlit hans var stokkbólgið vegna lyfjanna. Hann gat varla talað. Þriðja skiptið sem ég túlkaði fyrir fjölskylduna var erfiðast. Tilgangur viðtalsins var að segja Antonio og fjölskyldu hans (sem var nánast öll viðstödd) að beinmergskiptin hefðu misheppnast. Batahorfur voru nánast engar, og lækarnir bjuggust við að Antonio myndi deyja. Nokkru síðar frétti ég að hann væri látinn. „ (Roat, 2010, bls. 177)*

Dauði, Varanleg örorka, slæm lýti, erfðasjúkdómar, erfiðir sjúkdómar og slæmar batahorfur. Allt slæmar fréttir sem heilbrigðisstarfsmönnum kvíðir fyrir að flytja fólki og túlkum kvíðir fyrir að túlka. Samt sem áður tilheyrir allt þetta og meira til starfi túlks sem starfar innan heilbrigðisgeirans og verður því að vinna af eins miklum heilindum og kostur er.

Túlkur verða að höndla þessar aðstæður sem best þeir geta, bæði túlkunina sjálfa og eigin tilfinningar. Hvoru tveggja getur verið mjög erfitt. Stundum kjósa starfsmennirnir að nota óljóst líkingamál sem skilst vel á því máli sem það er sagt, en þýðist mjög illa. Á öðrum stundum eru heilbrigðisstarfsmennirnir mjög beinskeyttir og reyndar svo beinskeyttir að sjúklingi myndi aldrei verða sagt annað eins í því menningarlega umhverfi sem viðkomandi er alinn upp í. Sum tilfelli eru líka bara svo sorgleg að manni langar til að hjálpa – bara einhvernvegin. Allt þetta getur valdið því að túlkurinn hreinlega geti ekki meir, kulni út í starfi eða finni fyrir þunglyndiseinkennum.

Hvert og eitt tilfelli er sérstakt. Í hverju tilfelli fyrir sig þarf næmni fyrir aðstæðum og túlkurinn þarf að hafa hlutverk sitt á hreinu og hann þarf að hafa það að meginmarkmiði sínu að sinna því hlutverki.

### **Túlkunin sjálf**

Mikilvægast er að hafa það ávalt í huga að reyna að vera róleg(ur) og einbeita sér að því að hugsa um það sem er tilgangurinn með nærveru túlksins; að túlka. Það er ekki hægt að leggja nógu mikla áherslu á að túlkurinn einbeiti sér að túlkuninni sama í hversu miklu uppnámi hann er eða hversu mikið hann finni til með fólkinu. Hann er þarna til þess að samskipti geti átt sér stað og að merkingin sem aðilar samtalsins eru að reyna að koma frá sér komist til skila.

**Túlkur sem brotnar saman er vita gagnslaus**, og verður þar með enn ein hindrunin sem viðkomandi aðilar þurfa að yfirstíga. Túlkurinn verður ávalt að hafa í huga að hann er sá sem fjölskyldan og starfsmaðurinn treysta á.

Þú getur grátið eftir að þú ert komin út í bíl eða lagt hefur verið á, ekki gera það í túlkuninni sjálfri, á meðan á henni stendur hefur þú skyldum að gegna.

En hvað með þau tilvik þar sem líkur eru á að heilbrigðisstarfsmaðurinn verði of beinskyttur varðandi það að flytja fólki slæmar fréttir? Staðreyndin er sú að á vesturlöndum hefur undanfarna áratugi myndast sú sú skoðun að siðferðilega

best sé að segja sjúklingi eins umbúðalaust og hægt er hvert hans vandmál sé og hverjar batahorfur hans séu og læknum (sérstaklega ungum læknum) er sagt að framkvæma þetta þannig. Þannig er þessu alls ekki háttáð víða um heim. Túlkar eru sérfræðingar í viðkomandi menningu. Þeir þurfa því að vera viðbúnir því að lenda á milli í menningarlegum árekstri hvað þetta varðar. Þegar þetta kemur upp þá er mikilvægt að hafa siðareglur túlka í huga og heiðri. Túlkur **má ekki breyta** skilaboðunum á þann veg að viðkomandi sjúklingur móðgist ekki eða á neinn annan hátt. Túlkurinn **má hins vegar tala við heilbrigðisstarfsmanninn** fyrirfram og láta hann vita af hugsanlegum menningarárekstri þannig að hann sjálfur geti hagað orðum sínum með viðeigandi hætti. Þetta verður heilbrigðisstafrátturinn sjálfur að meta.

Ef þú sem túlkur finnur að þú einfaldlega getur ekki haldið áfram tilfinninga þinna vegna eða heilbrigðisstafrátturinn vill ekki breyta þeirri áætlun sinni að segja sjúklingi sínum og fjölskyldu hans slæmar fréttir á beinskeyttan hátt (oftar en ekki í andstöðu við vilja fjölskyldunnar) getur þú sem túlkur íhugað að segja þig frá málinu. Það að hætta við að túlka í aðstæðunum er samt sem áður kostur sem þarf að íhuga vel og vandlega. Í fyrsta lagi þarf þá að panta nýjan tíma fyrir viðkomandi þannig að upplýsingagjöf dregst. Í öðrum lagi aukast þá líkurnar á því að annar túlkur taki við sem hafi ekki hlotið menntun í faginu, sé bara dreginn inn af götunni. Hvoru tveggja getur leitt meiri sársauka og hörmungar yfir viðkomandi sjúkling og fjölskyldu hans, sérstaklega ef túlkurinn klúðrar túlkuninni, það getur því í mörgum tilfellum verið viturlegt að hætta ekki við þótt aðstæðurnar séu krefjandi.

### **Eftir að túlkun er lokið.**

Eftir að túlkuninni er lokið þá getur verið að þú sem túlkur hafir þörf fyrir að tjá viðkomandi sjúklingi eða fjölskyldu hans samúð þína. Þetta er fullkomlega í lagi sé það gert á þann hátt sem hæfir viðkomandi menningarsvæði. Passaðu þig samt á því að gefa fólki ekki falskar vonir og reyndu ekki að faðma viðkomandi eða koma við það á annan hátt (handaband er þó í lagi).

Þegar andlát ber að garði er í lagi að vera viðstaddur jarðarför eða minningarathöfn. Margir heilbrigðisstarfsmenn gera það reglulega, sérstaklega þegar þeir hafa séð um umönnun viðkomandi lengi. Ef þú kýst að tjá samúð

þína frekar og gerast fjölskylduvinur verður þú að átta þig á að þar með eru orðin óhæf(ur) til þess að túlka fyrir viðkomandi fjölskyldu í framtíðinni.

### **Að takast á við eigin tilfinningar**

Það er fyllilega eðlilegt að finna fyrir vanlíðan eftir að hafa túlkað í erfiðum aðstæðum. Sumir túlkar segja að þeir eigi gott með að skilja vinnuna eftir á staðnum og taka hana ekki með sér heim en flestir þurfa meiri tíma til að vinna úr því sem þeir hafa gengið í gengum. Kannanir hafa verið gerðar á því hvað fólki finnst gott að gera eftir að hafa túlkað í erfiðum aðstæðum. Skoðum nokkur dæmi um svör starfandi túlka við þeirri spurningu hvernig þeir takast á við sorg:

*„Ég tala við manninn minn um það sem hefur gerst, en ég passa mig á því að nefna engin nöfn eða neitt annað sem viðkomandi gæti þekkt á. Ég deili einfaldlega með honum kringumstæðunum. Hann er mjög skilningsríkur, og það hjálpar.*

*Ég trúi því að þegar fólk deyr þá safnist það til almættisins og sé þá komið á betri stað. Ég hafði eitt sinn skjólstaðing sem lést. Ég kveikti á kerti og bað fyrir sálu hans og guð að gæta fjölskyldunnar. Ég fékk á tilfinninguna þegar ég var búin að ég hefði allavega gert eitthvað fyrir fjölskylduna og mér leið betur á eftir.*

*Þegar ég hef gengið í gengum það að þurfa að túlka í mjög erfiðum aðstæðum þá fer ég í gönguferð út í skóg.*

*Ég vinn á sjúkrahúsi ætlað börnum. Sumt sem ég sé þar veldur mér miklum sársauka. Stundum brest ég í grát á leiðinni heim. En ég verð þakklátari fyrir mína eigin fjölskyldu fyrir vikið.*

*Eftir að hafa sagt fólki slæmar fréttir í vinnunni hef ég þá reglu í heiðri að fara eitthvað og gera eitthvað skemmtilegt með minni eigin fjölskyldu. Það minnir mig á að það er ekki allt tómmt svartnætti.“ (Roat, 2010, bls. 179)*

Málið er að hver og einn verður að koma sér upp einhverskonar rútinu til að takast á við slæma hluti sem ber á góma í túlkun innan heilbrigðiskerfisins. Ef eitthvert tiltekið tilfelli situr í þér, og þér finnst þú vera döpur/dapur lengi á eftir (kannski 2-3 vikum) skaltu leita þér hjálpar. Margir vinnustaðir eru með

teymi sem hægt er að leita til eða eitthvert fyrirkomulag á þeim hlutum. Hugsanlega geta túlkar tengdir viðkomandi vinnustað einnig leitað þangað. Að tala við þá sem skipuleggja túlkajónustuna getur einnig verið hjálplegt. Sértu meðlimur í trúarhópi eða tilheyrandi kirkju getur verið gott að leita til presta. Einnig er hægt að leita til samtaka um sorg og sorgarviðbrögð sem geta bent þér á leiðir.

Hvað svo sem þú gerir skaltu undir engum kringumstæðum **ekki láta eins og ekkert hafi gerst**. Bæði skjólstæðingar þínir og heilbrigðisstarfsmennirnir treysta á það að þú sinnir andlegri heilsu þinni, og það er kannski það sem dugar best að hafa í huga; ímyndaðu þér bara að Antonio og fjölskylda hans hafi þurft að ganga í gegnum allt saman án faglegrar túlkajónustu, að hann hefði þurft að horfast í augu við dauðann án þess að geta tjáð sig við lækna og hjúkrunarfólk. Ímyndaðu þér einnig að litla systir Antonio hefði þurft að túlka fyrir fjölskylduna á þessum erfiðu tímum vegna þess að faglærður túlkur var ekki á staðnum. Það að hafa vel menntaðan og færan túlk undir kringumstæðum sem þessum er stórlega til bóta.

## Að túlka á barnadeildum

Að túlka inni á barnadeildum getur verið mikil áskorun. Túlkarlega séð er erfiðara að túlka fyrir börn heldur en fullorðið fólk, bæði vegna þess að stundum er merking þess sem þau segja óljós (sérstaklega yngir börnin) og einnig getur verið mjög mikið álag í viðtalinu vegna aðstæðna.

### Að ná sambandi

Sem túlkur þarftu að ná einhverskonar sambandi við skjólstæðing þinn, sama á hvaða aldri hann er. Þegar þú ert að túlka fyrir barn skaltu heilsa foreldrunum fyrst og svo barninu. Yngri börnin kunna að taka fálega í það þegar þú kynnir þig en bjart bros og glaðleg heilsa geta ekki skaðað, og hjálpa frekar til en hitt þegar kemur að trausti. Ekki reyna að snerta barnið nema það sé einhver sérstök ástæða til þess.

Ef barnið er nægilega gamalt til þess að heilbrigðisstarfsmaðurinn spyrji barnið beinna spurninga þarftu að skýra hlutverk þitt í samtalinu fyrir barninu. Þetta er auðvitað best að gera á þann hátt sem hæfir aldri þess. Eldri börnin koma til með að skilja að þú sért einungis að endursegja orð læknisins, foreldranna og annarra viðstaddra og jafnvel skilja orð og orð á stangli. Yngri börnin koma vafalaust til með að beina orðum sínum til þín. (Roat, 2010)

Undir slíkum kringumstæðum, þegar skjólstæðingurinn beinir orðum sínum beint til þín er best að skipta frá fyrstu persónu yfir í þriðju (frá því að segja **ég** held að þú sért með.... yfir í **hann** heldur að þú sért með.....

Að sama skapi skaltu sitja á öðrum stað en vanalega. Settu þig inn í samskiptalínuna þannig að barnið nái augnsambandi við þig á meðan þú ert að túlka.

### Að stjórna flæðinu

Það að hafa eðlilegt flæði í samtalinu er meiri áskorun á barnadeild heldur en á öðrum stöðum. Fyrir þessu eru tvær ástæður. Annars vegar vegna þess það eru oft miklu fleiri aðilar viðstaddir viðtalið og hins vegar vegna þess að börn gleyma mjög oft að taka hlé á máli sínu til þess að leyfa túlkinum að vinna. Hér á eftir koma nokkur atriði sem vert er að hafa í huga þegar túlkað er fyrir börn:

- a. „Byrjaðu á því að fara fram á það við lækinn að stjórni viðtalinu þannig að aðeins einn tali í einu. Þetta gefur þér betra tækifæri á að túlka nákvæmlega.
- b. Ef allir byrja að tala í einu skaltu hætta að túlka og bíða þar til fólk róar sig niður.
- c. Ef einhver byrjar að tala rétt eftir að einhver hefur lokið máli sínu og þú hefur ekki náð að túlka, skaltu gefa til kynna með hendinni að viðkomandi eigi að bíða.
- d. Ef sjúklingurinn byrjar allt í einu að tala íslensku við heilbrigðisstarfsmanninn skalt þú skipta yfir í að túlka viðstöðulaust fyrir foreldrana hvað hann segir.
- e. Ef heilbrigðisstarfsmaðurinn spyr barnið spurningar og annað foreldrið svarar skaltu bara þýða það sem sagt er, og láta heilbrigðisstarfsmanninn leiðrétta stefnu samtalsins ef hann kýs svo.
- f. Stundum gleyma börn (sérstaklega þau yngri) að gera hlé á máli sínu fyrir túlkinn að vinna. Oftar en ekki kemur þetta ekki að sök; börn eru nefnilega ekki mjög málgefin á læknastofum, svona yfirleitt. Af og til gætir þú samt lent á einstaklingi sem er sérstaklega málgefinn. Í slíkum tilvikum gildir það sama og í símatúlkun; vertu ávalt tilbúin með blaðið og blýantinn þegar þú ferð að túlka fyrir börn og taktu niður nótur.

## Málþroski

Börn eru að þroskast málfarslega séð alveg fram á kynþroskaaldur. Þetta á bæði við orðaforða og málfærni. Það er af þessum sökum sem barnalæknar til dæmis velja orð sín af kostgæfni þegar þeir tala við börn. Þetta þarft þú líka að gera. Að auki skaltu ekki reyna að túlka fyrir barn yfir á mál fullorðins. Túlkaðu málfar barnsins eins og það er í raun og veru eða eins nálægt því og þú kemst. Þetta hjálpar heilbrigðisstarfsmanninum að meta þroska barnsins og þar með að stilla sig inn á viðbrögð þess.

## Fagleg fjarlægð

Það getur verið erfiðara að túlka inni á barnadeildum heldur en á venjulegum deildum sjúkrahúsa tilfinningalega séð. Það er fullkomlega eðlilegt að taka þjáningar og dauðsföll lítilla barna nær sé heldur en fullorðinna.

Af þessum sökum er ennþá mikilvægara heldur en áður að viðhalda ákveðinni faglegri fjarlægð frá starfinu. Hlutverk tólksins er allt annað en hlutverk foreldra og hjúkrunarliðs. Þeirra hlutverk er að koma á samskiptaleiðum fyrir fólk, og þó að það sé takmarkað hlutverk er það mjög mikilvægt.

Vertu því viss um að nota þér einhver þeirra ráða sem fjallað var um fyrir í ritinu (sjá kaflann „Að túlka gegnum tárin“) og hafðu í huga að nærvera þín sem tólks gerir það að verkum að viðkomandi barn og fjölskylda þess nýtur betri umönnunar en ella.



## Að túlka á geðdeildum

Þegar maður nefnir geðheilbrigðismál við fólk sjá margir fyrir sér lokaðar deildar og illa veika einstaklinga. Það getur vissulega verið þannig en í raun er hið geðræna svið heilbrigðiskerfisins er ansi fjölbreytilegt og víðfeðmt svið, allt frá lokuðum deildum yfir í venjuleg viðtöl innan heilsugæslunnar.

Að mörgu leiti þurfa túlkar að kljást við sömu vandamál inni á sjúkrahúsum og á heilsugæslustöðvum þegar um geðræna sjúkdóma er um að ræða, en að sumu leiti ekki. Stundum þarf að skipta um tækni hvað túlkun varðar eftir aðstæðum, og stundum þarf túlkurinn að hlusta eftir og túlka með mismunandi blæbrigðum eftir því sem við á.

### Geðræn vandamál innan heilsugæslunnar

Af öllum heilbrigðisstéttum sem túlkar þurfa að túlka fyrir takast heimilislæknar á við og greina mestan fjölda einstaklinga í geðrænum vanda (Roat, 2010). Hvort sem um er að ræða reglulega skoðun eða verið sé að veita meðferð við einhverjum öðrum vanda þá koma geðræn vandkvæði reglulega upp í viðtölum heimilislækna við sjúklinga sína. Mjög oft minnst skjólstæðingarnir einungis á vanda sinn í framhjálaupi eða gera minna úr honum en efni standa til. Á slíkum stundum er bráðnauðsynlegt fyrir túlkinn að vera eins nákvæmur og hann mögulega getur til þess að læknirinn geti náð að átta sig á því sem sjúklingurinn er að gefa í skyn.

Algengt er að heimilislæknar vísi sjúklingum með geðræn vandamál áfram, en þeir geta einnig kosið að veita sjúklingi meðferð og gera það töluvert. Sem dæmi má nefna í því sambandi að bandarískar tölur sýna að þunglyndislyf eru þau lyf sem mest er vísað á þar í landi og þeir sem mest vísa á slíkt eru einmitt heimilislæknar (Roat, 2010).

### Matsviðtal

Þegar sjúklingi er vísað áfram með sín vandamál þarf að meta vandamálið og ástand sjúklingsins. Þetta er gert í svokölluðu matsviðtali sem á sér oft stað inni á göngudeild sjúkrahúsa. Markmiðið er að leggja mat á þjónustupörf sjúklingsins, sjúkdómsgreina hann og gera síðan tillögur um hvað sé best að gera framhaldinu. Ef ákveðið er að taka sjúklinginn í viðtalsmeðferð þá sest

sálfræðingurinn/geðlæknirinn niður með viðkomandi og setur markmið, tímaviðvið og önnur mörk varðandi meðferðina.

Einnig kemur það fyrir að ákveðið sé að leggja viðkomandi inn á geðdeild í framhaldinu. Þá er oft farið með sjúkling í skoðunarferð um deildina og útskýrt hvernig hlutum sé þar við komið sé viðkomandi að leggjast inn í fyrsta sinn.

### **Óformleg ráðgjöf**

Það er töluvert um að heilbrigðisstarfsmenn og annað starfsfólk sjúkrahúsa eins og prestar sinni þjónustu sem gróflega mætti flokka sem geðheilbrigðisþjónustu eða sálgæslu. Slíkt telst vera óformleg ráðgjöf. Sem dæmi um slíkt má nefna þjónustu prests sem heimsækir mikið veikan einstakling, ljáir honum eyra og aðstoðar viðkomandi við að leysa úr krísum og klemmum. Það að túlka vel og nákvæmlega í slíkum kringumstæðum er alveg jafn mikilvægt og þegar túlkað í formlegum viðtölum.

### **Samtalsmeðferð**

Formleg ráðgjöf eða samtalsmeðferð er aðferð sem töluvert er beitt innan geðheilbrigðisgeirans. Mismunandi er hvaða markmið eru með slíkri meðferð; stundum er markmiðið að skjólstæðingurinn átti sig á misvísandi og ruglandi tilfinningum, stundum er markmiðið að hjálpa skjólstæðingnum að hætta neikvæðum hegðunarmynstrum (eins og til dæmis ofneyslu áfengis) og á öðrum stundum er markmiðið að hjálpa fólki að takast betur á við erfiðar aðstæður.

Það eru margir straumar og stefnur í samtalsmeðferð en þær aðferðir sem einna mest eru notaðar hér á landi eru annars vegar „hugræn atferlismeðferð“ og hins vegar svokölluð „sporakerfi“. Ekki verður farið nánar út í þessar aðferðir hér en það nægir að benda á að val á þeirri meðferð sem beitt er, er mikið komið undir þeim sem veita meðferðina og þiggja hana.

Það getur verið gífurlega krefjandi tilfinningalega að túlka í samtalsmeðferð. Þess vegna er það sérstaklega mikilvægt að viðhalda hinni „faglegu fjarlægð“ frá viðfangsefninu og skjólstæðingnum, annars er mikil hætt á að túlkurinn brenni út í starfi. Túlkar sem túlka í samtalsmeðferð þurfa því stöðugt að vera á varðbergi gagnvart neikvæðum afleiðingum þess að starfa við þær aðstæður og leita sér samstundis hjálpar ef þeir verða varir við slíkar afleiðingar. Þeir þurfa

einnig að vera vakandi fyrir því að stundum geti þeir ekki meir og þurfi að taka sér hlé frá því að túlka fyrir viðkomandi eða hætta því jafnvel alveg. Um það gilda í raun sömu grundvallarreglur og farið var yfir í kaflanum „Túlkað í gegnum tárin“.

Áður en lengra er haldið er rétt að fara aðeins yfir þau einkenni sem túlkar og aðrir starfsmenn sem koma að samtalsmeðferð, aðstoð við flóttamenn og fleira geta þróað með sér.

### **Neikvæðar afleiðingar – einkenni**

Einkenni þess að vera undir of miklu álagi vegna vinnutengdra upplifana eru auðvitað þau sömu fyrir túlka og aðrar stéttir. Einkennum þessum má skipta niður í nokkra flokka, en þeir eru líkamleg einkenni, hegðunarleg einkenni, hugræn einkenni og tilfinningaleg einkenni. Einkenni þessi eru mörg hver klassísk streitueinkenni (Valero-Garcés, 2012).

**Líkamleg einkenni** geta verið hár blóðþrýstingur, brjóstverkir, bak og höfuðverkir auk velgju.

**Hegðunareinkenni** geta verið andfélagsleg hegðun af ýmsu tagi, svefnleysi, breytingar á matarlyst (ýmist að borða og mikið eða of lítið), ofneysla áfengis eða lyfjanotkun. Öfgakenndustu einkennin í þessum flokki eru síðan sjálfsvílastílaunir eða hegðun sem má segja að sé sjálfseyðandi.

**Hugræn einkenni** geta verið ruglingslegar hugsanir, að illa gangi að átta sig á samhengi hluta, ofsóknarkenndar hugsanir, sektarkennd og erfiðleikar við einbeitingu.

**Tilfinningaleg einkenni** geta að lokum verið depurð, kvíði, pirringur, ótti og sú tilfinning að hafa upplifað áfall.

Öll þessi einkenni koma síðan fram með mismunandi hætti hjá einstaklingum bæði á hinu faglega sviði og svo í einkalífi viðkomandi. Hvað hið faglega svið varðar getur verið að túlkar upplifi svokallað „**gagnyfirfærslu fyrirbæri**“ þ.e. að hann upplifi að einhverju leiti sömu einkenni og reynslu og sjúklingurinn hafi gengið í gegnum. Í kjölfarið verður vart við mikinn kvíða og streitu hjá viðkomandi, viðkomandi verður útsettur fyrir hjartakvillum eins og hröðum

hjartslætti eða óreglulegum og ef ekkert er að gert kulnar viðkomandi hratt í starfi.

Hvað einkalífið varðar, verða einstaklingar innan stétta sem starfa við að hjálpa fólki sem hefur lent í erfiðum aðstæðum (til dæmis ofbeldi af ýmsu tagi) stundum fyrir því að þróa með sér óbeina áfallastreituröskun sem á ensku er ýmist kallað „indirect post traumatic stress syndrome“ eða „vicarious syndrome“ (Valero-Garcés, 2012). Óbeinni áfallastreituröskun er lýst á eftirfarandi hátt:

*„Endalausar frásagnir af: ofbeldi, grimmd, misnotkun og voðaverkum; að vera sífellt að setja sig í spor þess sem upplifir ótta, sársauka og kvíða; og það að vera sífellt að velta sér upp úr myrkustu hliðum mannlegrar tilveru geta kallað fram einkenni sem eru keimlík þeirri áfallastreituröskun sem sjúklingurinn sjálfur er að glíma við“ (Blair & Ramones, 1996, bls. 24)*

### **Hópmeðferð**

Hópmeðferð kallast sú aðferð að kalla saman einstaklinga sem eiga við svipuð vandamál að etja og fá þá til að veita hver öðrum stuðning og samhug. Hvað túlkun varðar þá kalla slíkar aðstæður á aðra nálgun við túlkun heldur en venjulega. Yfirleitt samanstanda slíkir hópar af einum einstaklingi sem talar ekki íslensku og nokkrum íslenskumælandi einstaklingum. Þetta kallar á tækni sem er stundum nefnd „*chuchutage*“ en þá hvíslar túlkurinn að skjólstæðingi sínum því sem sagt er, jafnóðum og það er sagt, og talar á íslensku fyrir skjólstæðinginn jafnóðum og hann segir frá (skjólstæðingurinn hvíslar þá í eyra túlksins). Þetta er gert til þess að eyðileggja ekki eða þvælast ekki fyrir þeirri hópadynamík sem er á staðnum. (Roat, 2010).

### **Áfengismeðferð**

Að túlka fyrir fólk í áfengis og/eða vímuefnameðferð krefst yfirleitt nokkuð sérhæfðs orðaforða, þannig að þegar túlkar fara í fyrsta skipti í slík verkefni er best að kynna sér hugtakanotkunina sérstaklega.

### **Inngrip**

Tölur frá bandaríkjunum sýna að bráðainngrip sem þarfnast túlkunar eru oftast túlkuð í gegnum síma (Roat, 2010). Slík símtöl koma oftast frá neyðarlínum af

ýmsu tagi (911 sem er 112 á Íslandi, hjálparlínunum fyrir fórnarlömb kynferðisofbeldis, vinalínu, hjálparlínunum vegna sjálfsvíshugsana, hjálparlínunum vegna heimilisofbeldis o.s.frv.). Tilgangur slíkra inngrípa er að koma einhverjum til hjálpar sem þarfnast aðstoðar tafarlaust.

Vegna eðlis samtalsins þarf túlkurinn oftast bæði að túlka hugtök sem varða mat á geðrænu ástandi og leiðbeiningar varðandi staðsetningu stofnana sem geta veitt aðstoð.

Oft getur verið erfitt að skilja nákvæmlega það sem skjólstæðingurinn segir vegna þess að viðkomandi er í miklu uppnámi. Þrátt fyrir það er mjög mikilvægt að túlkurinn túlki eins hratt og honum er unnt enda hefur það sýnt sig að skjólstæðingar eru fljótir að leggja á ef þeim finnst þeir finna fyrir tregðu af hendi hjálparaðila.

### **Mat á geðrænu ástandi**

Þegar lagt er mat á geðrænt ástand fólks eru ýmsir þættir teknir með í reikninginn, eins og hugræn virkni, félagsleg færni/virkni og tilfinningalegt ástand. Sjúklingum er ýmist vísað á geðdeildir af slysavarðstofu, í gengum heilsugæslu, réttarkerfið eða sjúklingurinn leitar þangað sjálf(ur), ýmist með stuðningi og hvatningu vana og fjölskyldu eða án. Megintilgangur matsviðtala er að greina vanda sjúklings og leggja mat á það hvernig áframhaldandi meðferð skuli háttað, sé yfirleitt þörf á því.

Sérstök áhersla er yfirleitt lögð á það af hendi matsaðila (hvort heldur sem er sálfræðings eða geðlæknis) að meta geðrænt ástand og hvort að skjólstæðingurinn sé hættulegur sjálfum sér eða öðrum (þetta fer samt mikið eftir því hvert vandamálið er af augljósum ástæðum). Matsviðtöl teljast yfirleitt ekki með sem eiginleg meðferð heldur er megináherslan á að meta ástand og ákveða framhaldið.

### **Fjölskylduviðtöl**

Oftast eru viðtöl með fjölskyldu skjólstæðings tekin á sjúkrahúsi eða sambærilegum stöðum. Tilgangur slíkra viðtala getur verið tvíþættur. Í fyrsta lagi vill heilbrigðisstarfsmaðurinn oftast ræða þá sjúkdómsgreiningu sem liggur fyrir og hvað hún þýðir fyrir líf og batahorfur skjólstæðings. Í öðru lagi þarf heilbrigðisstarfsmaðurinn að ræða þá meðferð sem stendur til að veita og fá

skoðanir og viðhorf aðstandenda. Mjög oft er skjólstæðingurinn ekki í aðstöðu til þess að taka þátt í því ferli sjálfur, geðræns ástands síns vegna.

Túlkunarlega séð geta þessi viðtöl verið vandasöm. Oft þarf að túlka samstundis vegna þess að samskiptin geta verið mjög hröð. Það getur verið vandamt að stjórna flæði samskipta þar sem allir tala hver ofan í annan. Einnig getur verið að heilbrigðisstarfsmenn noti tiltölulega tæknilegan orðaforða til að útskýra veikindi skjólstæðingsins, orðaforða sem túlkurinn þarf að hafa á takteinum.

Að lokum getur verið sérstaklega erfitt að túlka í fjölskylduviðtölum vegna þess hversu erfitt það getur verið fyrir aðstandendur að taka fregnum þess eðlis að ættingi þeirra eigi við geðrænan vanda að etja; bæði það að þetta er mikið áfall en einnig vegna neikvæðra viðhorfa í garð geðrænna vandamála innan margra menningarsvæða. Þessi viðhorf geta haft þær afleiðingar að andrúmsloftið getur orðið mjög lævi blandið á meðan á viðtalinu stendur.

Innlögn á geðdeild

Fólk leggst inn á geðdeildir undir tvennskonar kringumstæðum. Í fyrsta lagi þegar bæði skjólstæðingurinn og læknir viðkomandi eru sammála um að innlögn sé það rétta í stöðunni og skjólstæðingurinn leggst þá sjálfviljugur inn. Þannig er þessu oftast háttað.

Hins vegar gerist það öðru hvoru að fólk þarf að leggjast inn á geðdeild óviljugt. Á Íslandi er því þannig háttað að læknar geta lagt einstaklinga inn í 48 stundir ef þeir meta það svo að viðkomandi sé hættulegur sjálfum sér og öðrum (Landspítalinn, 2013). Sé um lengri innlögn að ræða þarf úrskurð ráðuneytis og þá er hámarkið 21 dagur (Guðmundsson R. , 2003). Sjálfræðissvipting er síðan harðasta úrræði sem yfirvöld geta beitt. Einungis dómari að undangenginni umsókn þess efnis getur beitt slíku úrræði og þarf þá læknisvottorð að liggja fyrir. Eftirfarandi upplýsingar er að finna á umsóknareyðublaði ráðuneytisins um sviptingu sjálfræðis:

***„Úrdráttur úr lögræðislögum nr. 71/1997***

***Úr 19. gr.***

***1. Sjálfráða maður verður ekki vistaður nauðungur í sjúkrahúsi.***

2. Þó getur læknir ákveðið að sjálfráða maður skuli færðurog vistaður nauðungur í sjúkrahúsi ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða verulegar líkur eru taldar á að svo sé eða ástand hans er þannig að jafna megi til alvarlegs geðsjúkdóms. Sama gildir ef maður á við alvarlega áfengisfíkn að stríða eða ofnautn ávana- og fíkniefna. ...

3. Með samþykki ráðuneytisins má vista sjálfráða mann gegn vilja sínum í sjúkrahúsi til meðferðar í allt að 21 sólarhring frá dagsetningu samþykkis ráðuneytisins ef fyrir hendi eru ástæður þær sem greinir í 2. mgr. og nauðungarvistun er óhjákvæmileg að mati læknis.

4. Lögreglu er skylt að verða við beiðni læknis um aðstoð við að flytja mann nauðugan í sjúkrahús skv. 2. og 3. mgr. og skal læknir þá fylgja honum ef nauðsyn þykir bera til.

## **20. gr.**

Beiðni um nauðungarvistun manns í sjúkrahúsi skv. 3. mgr. 19. gr. geta þeir aðilarlagt fram sem taldir eru í a-, b- og d-liðum 2. mgr. 7. gr.

[í 2. mgr. 7. gr. segir m.a.:

a. Maki varnaraðila, ættingjar hans í beinan legg og systkini.

b. Lögráðamaður eða ráðsmaður varnaraðila

d. Félagsmálastofnun eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar á dvalarstað varnaraðila þegar talið er réttmætt eða gera kröfuna vegna tilmæla aðila sjálfs, vandamanna, læknis hans eða vina, eða vegna vitneskju um hag aðila er fengist hefur á annan hátt.]

## **Úr 21. gr.**

1. Beiðni um nauðungarvistun skv. 3. mgr. 19. gr. skal vera skrifleg og beint til ráðuneytisins. Beiðni skal að jafnaði rituð á eyðublað sem innanríkisráðuneytið lætur í té.

3. Með beiðni skal fylgja læknisvottorð sem eigi má vera eldra en þriggja daga þegar það berst ráðuneytinu, nema alveg sérstaklega standi á. ...

4. Kostnaður af læknisvottorði greiðist úr ríkissjóði.

## **29. gr.**

*1. Nauðungarvistun manns í sjúkrahúsi má aldrei haldast lengur en yfirlæknir telur hennar þörf og eigi lengur en 48 klst., sbr. 2. mgr. 19. gr., nema samþykki ráðuneytisins komi til. Nauðungarvistun, sem samþykkt hefur verið af ráðuneytinu, má aldrei haldast lengur en yfirlæknir telur hennar þörf og eigi lengur en 21 sólarhring frá dagsetningu ákvörðunar ráðuneytisins, sbr. 3. mgr. 19. gr. laga þessara.*

*2. Þó má framlengja nauðungarvistun manns ef krafa hefur verið gerð fyrir dómi um að hann verði sviptur sjálfræði sínu. Þegar krafa hefur verið gerð um að maður, sem vistaður er nauðungur í sjúkrahúsi, verði sviptur sjálfræði skal dómari án tafar senda yfirlækni á sjúkrahúsi þar sem hinn vistaði dvelst staðfestingu á að slík krafa sé fram komin og hvenær hún hafi borist dómimum. Skal þetta gert með símskeyti eða öðrum tryggilegum hætti.“*

(Innanríkisráðuneytið, 1997)

Hafa ber í huga að sjálfræðissvipting er lögformlegt ferli sem kallar á mikla nákvæmni af hendi túlks.

### **Mat á sakhæfi.**

Sakhæfismat er framkvæmt til að komast að því hvort að einstaklingur hafi verið sjálfrátt gerða sinna þegar hann framdi afbrot eða hvort viðkomandi nægilega heilbrigður til þess að ætla megí að refsing beri einhvern árangur eða vista þurfi viðkomandi á stofnun. Tilgangur slíkra viðtala er því ekki að veita skjólstæðingi meðferð af neinu tagi. Túlkar þurfa að vera viðbúnir því að menn takist á í viðtalinu og séu mjög á öndverðri skoðun. Einnig mega þeir búast við því að niðurstaða viðtalsins verði vefngd fyrir dómi.

Hér að ofan hefur verið farið í helstu viðfangsefni viðtala í geðheilbrigðisgeiranum. Stundum eru þessi viðtöl eins og hver önnur viðtöl sem samfélagstúlkur þurfa að kljást við en stundum þarf túlkurinn að að nota svolítið aðrar aðferðir en venjulega. Þá hjálpar það til að vita svona nokkurn vegin eftir hverju heilbrigðisstarfsmaðurinn er að leita og eftir hverju hann er að hlusta. Því betri skilning sem túlkur hefur á þessu, því betur er hann fær um að túlka innan geirans.

**Eftir hverju eru geðlæknar að hlusta eftir og horfa til?**



Í viðtölum geðlækna við skjólstæðinga sína eru þeir helst að leita eftir vísbendingum um það hversu vel sjúklingurinn er áttaður á aðstæðum sínum, hvert hugrænt ástand hans er og hvert tilfinningalegt ástand hans er. Lítum aðeins nánar á þær vísbendingar sem hann leitar eftir:

- a. **Sjónrænar vísbendingar** geta verið margskonar; er sjúklingurinn hreinn? Er hann klæddur í samræmi við veður? Er hann með ör eða sár? Einnig er leitað eftir ósjálfráðum hreyfingum (kippum til dæmis), kækjum eða öðru atferli sem sker sig úr.
- b. **Er viðkomandi vel áttaður?** Veit sjúklingurinn hver hann er? Hvar hann er? Hvaða dagur er o.s.frv.? Með öðrum orðum: Er sjúklingurinn áttaður hvar og hver hann er í tíma og rúmi?  
Túlkar geta þess vegna þurft að túlka svolítið skrýtnar spurningar, eins og: Veistu hver ég er? Hver ert þú? Hvar ert þú? Veistu hvaða dagur er í dag? Ekki láta spurningar sem þessar koma þér á óvart, túlkaðu þetta bara eins og þetta er sagt og ekki reyna að skýra þetta eitthvað fyrir skjólstæðingi þínum, hann á að geta áttað sig sjálfur á spurningunni, og ef ekki þá er það læknum mikilvæg vísbending um veikindi. Ef skjólstæðingur þinn hikar eða tafsar láttu það þá koma vel fram í túlkuninni.
- c. **Skap og tilfinningar** eru atriði sem skipta miklu máli. Það fyrsta sem þarf að huga að er **vídd** tilfinninga sjúklingsins. Eru grunntilfinningar hans, eins og reiði, depurð eða kvíði viðeigandi? Ef viðkomandi er mjög æstur yfir einhverju lítilfjörlegu eða nokkurn vegin sama um eitthvað sem myndi kalla fram sterk viðbrögð öllu jafna þá er **tilfinningalíf viðkomandi trúlega ekki viðeigandi**. Þegar fólk er nokkurn vegin sama um hluti sem koma öðrum úr jafnvægi er sagt að viðkomandi sé tilfinningalega flatur. Læknar reyna iðulega að leggja mat á **styrk** tilfinninga, þ.e. hversu sterkar tilfinningar og skoðanir sjúklingar hafa á einhverju. Einnig er mat lagt á hversu **stöðugar** tilfinningar viðkomandi sjúklings eru, og **hversu vel tengdar** tilfinningar hans eru við það sem sjúklingurinn er að segja frá.

Hvað túlkun varðar þá er eins og áður langmikilvægast að túlka nákvæmlega. Ef skjólstæðingurinn sveiflast stöðugt frá gleði yfir í reiði er rétt að túlka það eins og það kemur fyrir. Láttu raddbeitinguna fylgja

tilfinningalegu innihaldi samtalsins svo að smáatriðin sem skipta miklu máli í þessu sambandi haldi sér.

Hvað tilfinningar varðar þá þurfa túlkar stundum að hafa í huga að menningarlegur mismunur getur verið á því hversu leyfilegt það er að sýna tilfinningar sínar við mismunandi aðstæður, og að tilfinningalíf fólks er að einhverju leyti menningarlega ákvarðað. Gott dæmi um þetta er að í sumum menningarsvæðum er það álitid óviðeigandi að sýna sterk viðbrögð við slæmum atburðum, nokkuð sem gæti komið íslenskum heilbrigðisstarfsmönnum á óvart, og þeir haldið að viðkomandi væri tilfinningalega flatur. Undir slíkum kringumstæðum væri rétt af túlkinum að minnast á þau gildi sem ríkja í þeirri menningu sem viðkomandi skjólstæðingur er frá, það er jú eitt af hlutverkum túlka að koma á samskiptum milli aðila og sjá til þess að merking skili sér.

Hafa ber í huga að þó að gildi séu mismundandi milli menningarsvæða eru túlkar alltaf að túlka fyrir einstaklinga sem eru mismunandi og því er ber túlki að halda sig við það að skýra frá menningu viðkomandi en koma ekki með skýringar af neinu tagi sem gætu átt viðum hegðun þess tiltekna einstaklings sem túlkað er fyrir hverju sinni.

- d. Tal og innihald. Geðlæknar hlusta ekki einungis eftir því hvað sjúklingar segja heldur einnig hvernig þeir segja það. Talar sjúklingurinn óeðlilega hratt eða er eins og hann geti varla komið orðunum út úr sér? Hvernig orðar sjúklingurinn hlutina? Notar viðkomandi sama orðið aftur og aftur? Er orðanotkun viðkomandi óviðeigandi eða sérkennileg? Ruglast sjúklingurinn á orðum „óviljandi“ sí eindurtekið? Talar sjúklingurinn kannski þannig að hann ryður út úr sér ótengdum orðum (stundum kallað orðasalat)? Allt þetta getur verið vísbendingar um hugræna, geðræna eða líkamlega kvilla.

Geðlæknar og sálfræðingar hlusta einnig grannt eftir því hvernig skjólstæðingurinn tengir hugsanir sínar sínar saman. Flæða hugmyndir viðkomandi eðlilega og í rökréttri röð eða stekkur hugsun viðkomandi um víðan völl? Tengir skjólstæðingurinn saman setningar sem eiga ekki saman? Endurtekur viðkomandi einhvern frasa aftur og aftur? Öll þessi einkenni geta bent til ýmiskonar vandamála sem ekki er rými til að rekja hér.

Samhengislaust tal er mjög erfitt að túlka. Túlkar vinna yfirleitt þannig að þeir hlusta eftir merkingu þess sem viðkomandi er að segja, leggur hana á minnið og túlkar síðan eins nákvæmlega eins honum er unnt. Með öðrum orðum; samfélagstúlkar reyna að koma merkingu skilaboða til skila eins nákvæmlega eins og þeim er unnt. En hvað ef skilaboðin eru algjörlega samhengis og merkingarlaus? Eins og gefur að skilja er þá meginatriðið að túlka framsetningu talsins eins vel og unnt er þannig að heilbrigðisstarfsmaðurinn geti notað tal viðkomandi skjólstæðings við sjúkdómsgreiningu. Þetta er gríðarlega erfitt fyrir túlkinn (kannski má segja að þetta sé fyrir lengra komna!) og á einhverjum punkti gæti þurft að koma til þess að túlkurinn segi bara eins og er: „túlkur vill láta koma fram að það sem skjólstæðingur minn er að segja er merkingarlaus / tómt rugl“.

- e. Haldvillur. Það kemur fyrir að skjólstæðingar skýra frá hlutum sem geta engan vegin átt sér stað og virðast ekki vera tengdir við raunveruleikan. Fólk í slíku ástandi á við haldvillur að etja. Fyrirbærið nær einnig til þess að fólk skynjar hluti sem ekki eru til staðar (oftast ofsjónir eða ofheyrnir). Mat á raunveruleikaskyni fólks er mikilvægur þáttur í greiningu andlegra vandamála.

Eitt af vandamálunum við að meta raunveruleikaskyn fólks af öðru menningarsvæði en maður er sjálfur, er að sumir hlutir teljast eðlilegir innan eins menningarsvæðis en ekki annars. Fólk frá Víetnam gæti tekið upp á því að tala um heimsóknir látinna ættingja. Fólk frá spænskumælandi löndum Suður Ameríku gæti tekið upp á því að tala um það að það hafi verið beitt göldrum. Hvoru tveggja telst vera eðlilegur hugsanagangur í viðkomandi löndum. Huldufólk íslendinga er af svipuðum meiði sprottið.

Þarna þarf túlkurinn að gerast menningarmiðlari eins og í dæminu hér á undan (með mismunandi tilfinningaleg viðbrögð).

Heilbrigðisstarfsmaðurinn þarf að vita af þessum menningarlegu fyrirbærum þegar og ef þau koma upp. Síðan er það annað mál að manneskjan frá Víetnam eða Suður Ameríkubúinn gætu allt eins verið með haldvillur, en heilbrigðisstarfsmaðurinn hefur þá alla vega einhverskonar menningarlegan viðmiðunarpunkt til að miða sig útfrá áður en hann kemur með slíka greiningu.

Nú þegar farið hefur verið yfir við hverju má búast í viðtölum innan geðheilbrigðisgeirans er rétt að beina sjónum okkar að þeirri tækni sem vænlegast er að beita þegar slík vitöl eru túlkuð.

## Spurningar frá geðheilbrigðisstarfsmönnum og túlkun þeirra

Það er list að spyrja, og þeirri list er oft beitt mjög skipulega innan geðheilbrigðisgeirans; þar á bæ spyrja menn sjaldnast spurninga út í loftið. Oftast spyrja menn opinna spurninga, sjaldnar leiðandi spurninga og lokaðra spurninga. En hver er munurinn? Lítum á eftirfarandi dæmi:

**Opin spurning:** ertu til í segja mér hvernig þér líður núna? (það er greinilegt að það er ætlast til að sjúklingurinn segi frá í sínum eigin orðum)

**Lokað spurning:** Ertu í uppnámi? (hér getur sjúklingur svarað með já eða nei)

**Leiðandi spurning:** Þú ert í uppnámi er það ekki? (það er greinilegt að heilbrigðisstafsmaðurinn er á þeirri skoðun að svo sé)

Það er nokkuð mismunandi milli tungumála hvaða form er almennt haft á spurningum (lokað, leiðandi eða opið). Það er þess vegna mikilvægt fyrir túlka að gera sér grein fyrir því að þeir mega alls ekki breyta til dæmis opinni spurningu yfir í leiðandi spurningu í geðheilbrigðisviðtali. Heilbrigðisstarfsmaðurinn hefur spurt á ákveðin hátt af ásetningi og þann ásetning verður túlkurinn að virða.

Ef heilbrigðisstarfsmaðurinn notar uppfyllingarhljóð eins og „hmm“ eða annað álíka er best að túlkurinn segi ekkert og láti ekki freistast til þess að fylla upp í þögnina, það er mikilvægt að skjólstæðingurinn fái ráðrými til þess að tjá sig.

## Nokkur heilræði um túlkun í geðheilbrigðisgeiranum

- a. **Gott er að vinna forvinnuna með heilbrigðisstarfsmanninum aðeins ýtarlegar ef hægt er.** Spurðu hann um hvers er að vænta, og hver tilgangur viðtalsins er. Spurðu sérstaklega um hvernig hegðun skjólstæðings þíns sé, og hvort það sé eitthvað sem þú þurfir að vita fyrirfram.
- b. **Lagaðu staðsetningu þína að aðstæðum.** Það getur verið varasamt að staðsetja sig eins og samfélagstúlkar sitja yfirleitt (lítillega fyrir aftan skjólstæðing); skjólstæðing með ofsóknarkennd gæti þótt slík staðsetning mjög óþægileg og það getur verið gott að vera ekki of nærri skjólstæðingum sem sýna af sér ofbeldishegðun. Ræddu staðsetningu þína í herberginu við heilbrigðisstarfsmanninn og farðu eftir þeim leiðbeiningum sem þér eru gefnar.
- c. **Vertu viðbúin því að þurfa að túlka viðstöðulaust.** Skjólstæðingar sem hafa orðið fyrir áfalli af einhverju tagi eiga oft erfitt með að byrja að tjá sig. Þegar þeir síðan byrja er eins og stífla bresti og þeir geta talað viðstöðulaust lengi. Ekki reyna að stjórna flæði samtalsins undir þessum kringumstæðum, túlkaðu heldur í lágum hljóðum viðstöðulaust. Undir þessum kringumstæðum getur verið að það borgi sig að færa sig hægt og rólega nær heilbrigðisstarfsmanninum og túlka með lágum rómi.
- d. **Gættu þín á yfirfærslu og gagnyfirfærslu.** Yfirfærsla er það fyrirbæri þegar sjúklingur meðferðaraðila yfirfærir erfiðleika í persónulegu sambandi yfir á sambandið við meðferðaraðilann og samskipti sín við hann. Skjólstæðingar eiga það til að gera þetta einnig við túlka. Hafðu því varan á þegar skjólstæðingar láta í ljósi sterkar tilfinningar eða skoðanir sem eiga sér ekki endilega stoð í raunveruleikanum, og ekki taka þessar skoðanir of alvarlega.

Hið gagnstæða á getur einnig komið upp, meðferðaraðilar geta yfirfært persónuleg sambönd sín yfir á sjúklinga sína. Þetta þykir ekki góð latína og reyndar er það svo að meðferðaraðilar hljóta sérstaka þjálfun í því að forðast aðstæður sem slíkar og taka á þeim ef þær

koma upp. Eins og með yfirfærslu þá geta túlkar einnig lent í þessu. Ef þú lendir í því að hafa sérstaklega sterkar skoðanir eða tilfinningar í garð skjólstæðings, hvort heldur sem þær eru neikvæðar eða jákvæðar er tími til kominn að staldra við. Talaðu við fagmann ef þú þarft; það er mikilvægt að viðhalda faglegri fjarlægð í þessum málum sem öðrum og mundu að þú kemur engum að gagni ef þú ert sjálf(ur) í rusli.

Túlkar sem vinna í geðheilbrigðisgeiranum verða vitni að allskonar atriðum sem geta haft djúpstæð áhrif á þá, bæði geta þeir endurupplifað áfall sem þeir hafa orðið fyrir eða þeir geta fengið óbeina áfallaröskun einfaldlega með því að hlusta á frásagnir af öllu því hræðilega sem fólk gerir hvort öðru. Þetta getur verið sértaklega erfitt þegar túlkur er að túlka í fyrstu persónu (dæmi: mér var nauðgað).

Hugsanlega eru heilbrigðisstarfsmenn ekki nógu duglegir að vinna með túlkum úr þeirri reynslu sem þeir verða fyrir í störfum sínum með skjólstæðingum. Þess vegna er það að verulegu leyti undir túlkinum komið að vinna úr reynslu sinni. Hafðu þess vegna varan á þér ef svefnvenjur þínar breytast, þú færð martraðir eða þú upplifir sorgar eða reiðiköst.

Það að hafa einhvern til að tala við hjálpar. Leitaðu aðstoðar hjá prestum, sálfræðingum/geðlæknum eða starfsfélögum allt eftir því sem þér hugnast og þér finnst eiga við en gættu um leið að brjóta ekki trúnað.

## Andlát

Það er vandasamt en að sama skapi mikilsvert verk að túlka fyrir sjúklinga, fjölskyldur og heilbrigðisstarfsfólk þegar dauðinn knýr dyra. Í þessum kafla verður fjallað um nokkur atriði sem skipta máli þegar andlát ber að höndum. Í fyrri hlutanum verður vikið að þeim aðstæðum sem túlkar geta búist við að þurfa að túlka í og í seinni hluta kaflans verður vikið að menningarlegum þáttum.

### Endalok lífs

Á 20. öld hafa breytingar og framfarir í læknávisindum (a.m.k. í hinum vestræna heimi) gert það að verkum að við megum búast við því að enda ævi okkar við allt aðrar kringumstæður en forfeður okkar. Hér áður fyrr dó fólk yfirleitt í heimahúsi eða á slysstað. Fólk var berskjaldað fyrir sýkingum og bráða og gjörgæslulækningar voru ekki til staðar að því marki sem nú er. Dauðinn var fólki nálægur.

Nú til dags deyja flestir vesturlandabúar af langvarandi sjúkdómum eins og hjarta og æðasjúkdómum auk krabbameina af ýmsu tagi. Margir vesturlandabúar hafa aldrei séð andlát bera að með eigin augum, aldrei séð lík og eru almennt ekki mjög tilbúnir til að tjá sig um dauðann.

Framfarir í læknávisindum hafa gert það að verkum að það er hægt að halda fólki á lífi, jafnvel mikið veiku og meðvitundarlausu fólki, miklu lengur heldur en áður. Þetta gerir það að verkum að fólk þarf í auknum mæli að taka ákvarðanir um það á hvaða tímapunkti beri að hætta meðferð og leyfa náttúrunni að hafa sinn gang.

Almennt séð þá hafa vesturlönd og Ísland þar með löggjöf sem miða að því að virða óskir og réttindi einstaklings. Þetta á einnig við um endalok lífs. Til þess að vernda þessi réttindi eru ýmis ákvæði til staðar í lögum og ber sérstaklega nefna ákvæði varðandi svokallað lífsskrá og umboðsmann sjúklings.

### Lífsskrá

Lífsskrá er skjal sem:

*„greinir frá óskum fólks um meðferð við lífslok, geti það ekki sjálft tekið þátt í ákvörðunum um meðferðina vegna andlegs eða líkamlegs ástands.*

*Tilgangur slíkrar skrár er að einstaklingur fái að deyja með reisn og að aðstandendur séu eins sáttir við ákvarðanir sem teknar eru við lífslok og kostur er.*

*Í lífsskrá eru tvö mikilvæg atriði, annars vegar óskir um meðferð við lok lífs og hins vegar tilnefning umboðsmanns sem hefur umboð til að koma fram fyrir hönd viðkomandi, taka þátt í umræðum um óskir varðandi meðferð við lífslok, hvort heldur það er að þiggja, hafna eða draga til baka meðferð.*

*Í lífsskránni er einnig gefinn kostur á því að taka afstöðu til þess hvort fólk vill gefa líffæri eða vefi og gefinn kostur á nánari skýringum þar um. Ekki er þó þörf á að fylla þennan hluta út þótt gengið sé frá öðrum hlutum skrárinnar. „ (Landlæknisembættið, 2005)*

Lífsskrá er hægt að finna á heimasíðu Landlæknisembættisins, á skrifstofu þess sama embættis, blóðbankanum og fleiri stöðum.

## **Endurlífgun**

Sjúklingur getur farið fram á í lífsskrá, eða umboðsmaður sjúklings í hans stað að ekki verði gripið til þess að endurlífga sjúkling hætti hjarta hans að slá. Sé farið fram á slíkt skrifar læknir viðkomandi undir skjal þess efnis og verður viðkomandi þá ekki endurlífgaður komi slík staða upp.

## **Hjartastopp**

Ef fyrirmæli hafa verið gefin um það að viðkomandi sjúklingur skuli ekki endurlífgaður er ekkert gert þegar viðkomandi fer í hjartastopp. Hafi slík fyrirmæli ekki verið gefin kemur hópur fólks hlaupandi til aðstoðar, bæði læknar og hjúkrunarfræðingar.

Við fyrstu sín virðist vettvangurinn vera býsna óreiðukenndur en í raun er þetta allt þaulæft og hver og einn einstaklingur hefur sínu hlutverki að gegna.

Hlutverk þitt sem túlks er: 1. Að vera rólegur. 2. Að vera ekki fyrir heilbrigðisstarfsmönnum, jafnvel þótt það merki að þú farir út úr herberginu



og takir jafnvel fjölskyldumeðlimi með þér fram. 3. Segðu fjölskyldunni að viðkomandi sé í erfiðleikum, að senan sem þið eruð vitni að sé eðlileg í þessum kringumstæðum og að heilbrigðisstarfsfólkið geri allt sem það geti til að koma ástvin þess til aðstoðar. 4. **Ekki segja fjölskyldunni að allt verði í lagi** og ekki reyna að túlka allt sem sagt er; slíkt kemur bara til með að auka á ringulreiðina.

### **Líffæragjafir**

Líffæragjafir eru viðkvæmt mál innan flestra menningarsvæða og eru vesturlönd engin undantekning þar sem skoðanir eru mjög skiptar. Sumir kunna að vera á móti slíku af trúarlegum ástæðum en aðrir einfaldlega vegna þeirrar menningarlegu bannhelgi sem hvílir á því að höndla með líkamsleifar fólks.

Þrátt fyrir þetta eru líffæragjafir mikilvægar og bjarga hundruðum mannlífa á hverju ári. Fylla má út slík eyðublöð hjá landlækni (bæði á skrifstofu og heimasíðu), blóðbankanum og fleiri stöðum.

### **Að ræða saman um endalok lífs**

Almennt séð eru heilbrigðisstarfsmenn á vesturlöndum (og þar á meðal á Íslandi) viljugir til þess að ræða um endalok lífsins við sjúklinga sína og aðstandendur þeirra. Þetta á sér rætur í þeirri hugmyndafræði að fólk eigi rétt á því að fá að vita sem mest um meðferð sína og sjúkdóm og einnig í þeirri skoðun að þátttaka sjúklings í ákvörðunum varðandi meðferð þeirra við lífslok hreinlega auðveldi fólki að skilja við í þeim skilningi að fólk sé rólegra og sáttara við örlög sín.

Fjölskylda sjúklingsins tekur yfirleitt þátt í þessu ferli nema sjúklingurinn óski sérstaklega eftir því að það sé ekki gert. Markmið meðferðarinnar eru rædd; hvort heldur sem um er að ræða beina meðferð sem kemur til með að lengja líf sjúklings (jafnvel þótt að lækning sé ekki möguleg) eða líknandi meðferð sem hefur það fyrst og fremst að markmiði sínu að auka lífsgæði sjúklingsins þann tíma sem hann á eftir.

Viðhorf þau sem hér hefur verið lýst eru dæmigerð fyrir þá menningu og hugmyndafræði sem er ríkjandi innan vestrænna heilbrigðisstofnanna. Almennt séð þá eru hugmyndir fólks um það hvað sé sjúklingi fyrir bestu, þar á meðal hversu mikið viðkomandi eigi að vita um komandi skapadægur mjög fjölbreyttar víða um heim. Hugmyndir vestrænna heilbrigðisstarfsmanna um

rétt sjúklinga til upplýsingagjafar geta verið hneykslanlegar, ruddalegar eða jafnvel banvænar sjúklingnum í augum fólks sem alíst hefur upp við allt aðrar menningarlegar aðstæður en þekkjast á vesturlöndum.

Túlkar eru eins og áður sagði sérfræðingar í því að flytja merkingu milli fólks, þar á meðal þá duldu merkingu sem felast í orðum og gerðum fólks. Þegar túlkar sjá fram á slíkan menningarlegan árekstur í uppsiglingu ber þeim skylda til að vekja athygli á honum. Best er að vekja athygli heilbrigðisstarfsmannsins á þessu svo hann geti rætt við fjölskylduna. Þar með er hlutverki túlksins lokið hvað þetta varðar. Hann túlkar síðan bara á milli en lætur heilbrigðisstarfsmanninum og fjölskyldunni eftir að taka ákvörðun í málinu.

Fólki er oft bent á þann kost að nýta sér þjónustu líknardeildar. Líknardeild starfar eftir þeirri hugmyndafræði að dauðinn sé eðlilegur þáttur lífsins, og í stað þess að veita ágenga meðferð við lok lífsins skuli gera sjúklingum og fjölskyldum þeirra kleift að njóta eins mikilla lífsgæða og kostur er. Meðferðin sem boðið er upp á líknardeild á sér stað bæði innan deildarinnar og heima fyrir.

### **Líknandi meðferð**

Líknandi meðferð (eins og líknardeild veitir) er fólgin í því að sjúklingurinn velur að hafna frekari meðferð við sjúkdómi sínum. Þess í stað er veitt meðferð sem dregur úr sjúkdómseinkennum eins og hita, verkjum, ógleði og svo framvegis. Einnig er reynt að draga úr öðrum óþægindum eins og legusárum og sjúklingurinn er losaður undan því að vera tengdur miklu af tækjabúnaði.

### **Andlátíð sjálft**

Dauðinn er ferli. Þegar einstaklingur er við það að skilja við verður erfitt að ná sambandi við viðkomandi og hann virðist ruglaður. Viðkomandi hafnar mat og drykk, getur misst hægðir og saur, verður oft þvalur og kaldur viðkomu og með bláleitt litarhaft. Öndun breytist; fólk andar yfirleitt grunnt og í óreglulegum takti auk þess sem fólk á það til að gefa frá sér hryglukennd hljóð. Allt þetta eru einkenni þess að líkamskerfi viðkomandi eru að hætta starfsemi sinni, eitt af öðru. Ferlið endar svo með því að hjartað hættir að slá.

### **Eftir andlátíð**

Þegar andlát hefur átt sér stað er kallað á lækni til að úrskurða viðkomandi einstakling látinn (hafi hann ekki verið á staðnum). Fjölskyldunni er leyft að vera í herberginu eins lengi og hún vill til að kveðja viðkomandi. Þegar fjölskyldan er farin er farið með líkið í kæligeymslu þar til krufning fer fram (ef krufning fer á annað borð fram).

*„Læknir hins látna gefur út dánarvottorð. Ef krufning hefur hins vegar farið fram gefur krufnings- eða héraðslæknir það út. Aðstandendur fara með vottorðið síðan til sýslumanns og tilkynna andlátið. Sýslumaður gefur út útfararleyfi sem skal afhent þeim er sér um útförina, fyrir athöfnina.“*  
(Útfararstofa Hafnarfjarðar, án dags.)

Eftir krufningu sækir útfararstjóri hinn látna og geymir í líkhúsi. Hvað síðan gerist er undir viðkomandi fjölskyldu og trúfélagi komið.

### **Hverjir eru nánustu aðstandendur?**

Sjúkrahús skilgreina nánustu aðstandendur yfirleitt frekar þröngt; hugtakir nær til foreldra, systkina og barna. Upplýsingaskylda sjúkrahúsa nær til þessara aðila. Fjarskyldari ættingjar eiga yfirleitt ekki formlegan rétt til að vera hluti af því sem fram fer.

Þetta viðhorf sjúkrahúsa (ekki bara á Íslandi heldur almennt séð á vesturlöndum) á sér rætur í þeirri staðreynd að stórfjölskyldan hefur hefur misst þann sess sem hún áður hafði í lífi fólks. Málum er oftast en ekki farið með öðrum hætti utan vesturlanda. Þar skipta ættartengsl fólk almennt séð meira máli og oft hafa eldri ættingjar menningarlegan „rétt“ til að skipta sér af og taka ákvarðanir sem vesturlandabúar telja að eigi fyrst og fremst að vera á hendi einstaklingsins sjálfs að taka.

Til að flækja málin enn frekar þá eru viðhorf þeirra sem yngri eru (og hafa oftast en ekki alist upp innan vestræns menningarumhverfis) stundum á skjön við þá sem eldri eru og upplifa inngrip ættingjanna sem íþyngjandi.

Eins og áður þá er hlutverk túlksins fyrst og fremst fólgið í því að upplýsa aðila um vandamál ef túlkurinn sér að þau eru í uppsiglingu. Viðkomandi einstaklingur, fjölskyldan og heilbrigðisstarfsmennirnir verða síðan að ná lendingu í málinu.

## **Trúarlegar þarfir**

Kapellur fyrirfinnast í mörgum heilbrigðisstofnum hérlendis enda er saga sjúkrahúsa á vesturlöndum samofin kirkjunni á margan hátt. Í því sambandi nægir einfaldlega að benda á hlutverk kirkjunnar í umönnun sjúkra og fátækra á miðöldum og þátttöku reglna eins og st. Jósefssystra í rekstri sjúkrahúsa á Íslandi á 19. og 20. öld.

Þetta kerfi er að nokkru leyti enn við líði þótt óneitanlega sé það minna í sniðum; við flest stærri sjúkrahús eru starfandi sjúkrahúsprestar.

Fjölmeningarsamfélagið gerir auknar kröfur til stofnanna á þessu sviði eins og öðrum. Reynsla annarra þjóða eins og til dæmis bandaríkjamanna bendir til þess að það er bæði sjúklingnum og fjölskyldu hans í hag að sýna sveigjanleika. Það hefur til dæmis færst í vöxt á til dæmis bandarískum sjúkrahúsum að fólk megi stunda ýmiskonar trúarlega starfsemi innan þeirra á undanförnum áratugum. Sem dæmi um þetta má nefna að í Kaliforníu hafa andalæknar Hmong fólksins haldið athafnir á sjúkrahúsunum, Indíánar hafa haldið þar hefðbundnar heilunarathafnir (menn hafa stundum þurft að slökkva á brunaboðum þess vegna) og líkamar múslima sem látist hafa á sjúkrahúsinu hafa fengið að vera miklu lengur í rúminu heldur en venja er; til þess að ættingjar viðkomandi geti komið og vottað hinum látna virðingu sína (Roat, 2010).

Sá aðili sem sjúklingar og fjölskyldur ættu fyrst og fremst að snúa sér til með spurningar og vandamál af þessu tagi eru starfandi sjúkrahúsprestar, oftast en ekki geta þeir liðkað til.

### **Táknræn merking þess að fjarlægja öndunarvélar og slík tæki**

Fáar ákvarðanir sem einstaklingar geta á annað borð staði frammi fyrir eru eins hjartaskerandi erfiðar eins og að þurfa að taka ákvörðun um það hvort og hvenær ástvinur skuli tekin úr öndunarvél.

Ákvörðun sem þessi snýst oftast en ekki um það að setta sig við orðin hlut í augum heilbrigðisstarfsmanna. Sjúklingnum kemur ekki til með að batna og honum er engin greiði gerður með áframhaldandi meðferð.

Aðstandendur upplifa þetta oft á annan hátt. Þetta getur verið erfitt trúarlega fyrir viðkomandi, fólki getur fundist að það sé að grípa fram í fyrir hendur almættisins, eða hreinlega verið að leggja ábyrgð á dauða skyldmennis á herðar þess.

Til þess að takast á við þetta þurfa heilbrigðisstafsmenn að skilja hvað þessi athöfn, að fjarlæga öndunaraðstoð til dæmis, merkir fyrir viðkomandi fjölskyldu í þessum tilteknu aðstæðum (Roat, 2010).

### **Hugtakanotkun þegar rætt er um dauðan**

Fyrir utan alla þá menningarlegu fjölbreytni sem endurspeglast í viðhorfum okkar og hegðun þegar kemur að dauðanum þá hefur fólk komið sér upp sérstökum orðaforða varðandi dauðann. Víða um heim tíðkast að breiða einskonar blæju yfir hugtök sem tengjast dauðan þannig að umræðan verði ekki eins harkaleg, en samt þó að allir skilji um hvað er rætt.

Íslendingar grípa oft til orðatiltækja eins og: „að fá hinstu hvíld“, „að fá friðinn“, „að fara yfir móðuna miklu“ o.s.frv.

Þessi talsmáti getur verið töluverð áskorun fyrir túlkinn. Hún er fólgin í því að túlka nákvæmlega en koma jafnframt þessum mýkri talsmáta til skila. Sem dæmi um þetta má nefna að þegar lækna tala um að nú sé kominn tími til að veita líknandi meðferð þá gera þeir um leið ráð fyrir að aðstandendur og sjúklingar viti að þeir séu um leið að tala um dauðan og þeir geti ekki lengur gert neitt varðandi sjúkdóminn. Það er enginn trygging fyrir því að svo sé. Líknandi meðferð er fyrst og fremst vestrænt fyrirbæri eins og áður hefur verið rakið og það er mikilvægt að skjólstæðingar túlksins verði upplýstir um það hvað hugtakið merkir.

Önnur áskorun í þessu sambandi er þegar túlkurinn og skjólstæðingur hans deila tungumáli en ekki trúarbrögðum. Það getur verið að túlkurinn sé beðin um að túlka í trúarathöfnum sem hann þekkir ekki og bænir sem hann trúir ekki á. Þetta getur verið erfitt bæði andlega og tæknilega; orðin sem notuð eru við trúarathafnir eru bæði formleg og fastmótuð innan tiltekinna hefða. Best er að hafa kynnt sér slíkan orðaforða og æft sig í honum áður en farið er af stað í slíkar túlkanir.

Það að túlka fyrir fólk við enda lífsins er krefjandi. Túlkar eru mannlegir og þeir syrgja skjólstæðinga sem þeir hafa túlkað fyrir, jafnvel ítrekað og tengst böndum.

Aðstæðurnar setja túlka og aðra þá sem að málinu koma einnig í þá aðstöðu að þeir þurfa að standa andspænis dauðanum í öllu sínu veldi, það getur verið að andlát ættingja og vina rifjist upp og fólk veltir óhjákvæmilega fyrir sér óumflýjanlegum endalokum ástvina og sjálfs sín.

Þetta eru eðlilegar tilfinningar og hugsanir. Best er að byrgja þetta ekki inni. Sjúkrahúsprestar og heilbrigðisstarfsfólk (til dæmis á krabbameinsdeildum) hafa til dæmis mikla reynslu af því að standa frammi fyrir andláti skjólstæðinga sinna. Þennan reynslubrunn geta túlkar sótt sér í eða þeir geta leitað aðstoðar útfyrir sjúkrahúsið.

Til að loka umræðunni um túlkun við lífslok er best að vitna í C. Roat sem er reynslumikill túlkur inni á sjúkrahúsum:

*„Það er bæði ábyrgð og forréttindi að fá að koma á samskiptum milli sjúklinga, aðstandanda og heilbrigðisstarfsfólks við lífslok. Þetta er ekki eins og fara með fólk í skoðun til heimilis eða augnlæknis þótt það sé auðvitað mikilsvert. Það er list í sjálfu sér að túlka við þessar aðstæður, list sem felur í sér þekkingu, innsæi og samúð. Fyrir suma túlka eru það forréttindi að fá að túlka fyrir hina deyjandi, fyrir aðra er það mikilvæg þjónusta og enn aðra mikil byrði. Hvað svo sem manni finnst um þetta sjálfum þá er það að koma á samskiptum á svo mikilvægum og viðkvæmum tíma lífsins einhver dýrmætasta gjöf sem manneskja getur gefið“ (Roat, 2010, bls. 114).*

## Hluti 3, Fjölskyldur og skólakerfi

Eitt af hlutverkum túlka er að túlka innan skólakerfisins. Til þess að túlkar séu í stakk búnir til þess að túlka milli kennara / skólastjórnenda og foreldra / nemenda þurfa þeir að þekkja helstu innviði Íslensks skólakerfis. Í þessum hluta er farið í helstu hugtök og skipulag Íslensks skólakerfis, fjallað um innra skipulag skólanna, lög og reglugerðir (aðalnámskrár) og túlkun innan skólakerfisins, bæði hagnýt atriði og rétt foreldra og nemenda til túlkunar.

### Skólakerfið á Íslandi

Íslenskt skólakerfi skiptist niður 4 skólastig. Leikskólastigið, grunnskólastig, framhaldsskólastig og háskólastig. Með nokkrum undantekningum má segja að skólakerfið sé nokkuð samræmt (með nokkrum undantekningum þó) og að mestrar fjölbreytni gæti á leikskóla og háskólastiginu.

Rekstrarform skóla á Íslandi er þannig háttað að flestar stofnanirnar eru reknar af hinu opinbera eða fjármagnaðar að minnsta kosti af opinberu fé. Aftur gætir mestrar fjölbreytni að þessu leyti á leikskóla og háskólastiginu.

Að sama skapi eru opinberir aðilar ábyrgir fyrir starfsemi skólanna, þ.e. ýmist ríki eða sveitarfélög eru eftirlitsaðilar skóla. Yfirleitt eru það skóla og fjölskylduskrifstofur hvers sveitarfélags fyrir sig sem hafa slíkt eftirlit með höndum, en það er svolítið komið undir skipuriti hvers þeirra komið hvað eftirlitsaðilinn heitir. Tökum leikskóla sem dæmi. Í Reykjavík er það Leikskólasvið Reykjavíkurborgar sem hefur slíkt eftirlit, en í smærri sveitarfélögum eins og á Ísafirði er það Skólalþjónusta Ísafjarðarbæjar sem hefur eftirlit með bæði leikskólum og grunnskólum.

Yfirumsjón með öllum skólamálum í landinu er á höndum Mennta og Menningarmálaráðuneytis. Alþingi setur lög um starfsemi skóla og Mennta og Menningarmálaráðuneyti setur reglugerðir um starfsemina, þar á meðal aðalnámskrá fyrir hvert skólastig.

Hér á eftir verður fjallað um hvert og eitt skólastig fyrir utan háskólastigið, með það fyrir augum að lesandinn öðlist ákveðin grundvallarorðaforða sem á við

þegar túlka þarf innan íslenska skólakerfisins auk þess að fá innsýn inn í það hvernig kerfið virkar.

## Leikskólinn

Töluverð fjölbreytni er innan íslenska leikskólakerfisins bæði hvað varðar rekstrarform og áherslur í starfi skólanna. Leikskólar á Íslandi eru reknir fyrir almannafé en foreldrar borga þó hluta af þeim kostnaði sem til fellur beint (nánar verður fjallað um vistunartíma og gjöld síðar í kaflanum). Skólarnir skiptast almennt séð niður í tvo flokka; annars vegar þá sem eru sjálfseignarstofnanir eða í einkaeigu og hins vegar þá leikskóla sem eru í eigu og alfarið í rekstri sveitarfélaganna.

Hugmyndafræði leikskólanna er ekki endilega tengd við rekstrarformið. Það eru til leikskólar sem aðhyllast ekki neina sérstaka hugmyndafræði aðra en þá sem er tilgreind í aðalnámskrá leikskólastigsins og að sama skapi eru til leikskólar sem eru í eigu sveitarfélags og alfarið reknir af því en aðhyllast samt sem áður róttæka hugmyndafræði sem gengur miklu lengur að sumu leiti en aðalnámskrá kveður á. Aðallega er um 2 stefnur að ræða sem hafa náð útbreiðslu á landinu, annars vegar svokallaða Hjallastefnu sem kennd er við leikskólann Hjalla í Hafnarfirði og hins vegar Anthrosophie stefnu Rudolf Steiner. Hjallastefnan hefur náð mikilli útbreiðslu víða um land og verður henni gerð skil síðar í þessum kafla. Áður en kemur að þeirri umfjöllun verður þó að gera hlutverki leikskólanna í landinu skil og hvernig þeir eru mannaðir.

## Túlkaskylda í leikskólum

### 9. grein

Í lögum frá 2008 nr. 90 12. Júní segir:

*„Eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt þessari grein.“*

(Alþingi, 2008)

## Hlutverk og markmið leikskólans



Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011 skilgreinir hlutverk og markmið leikskóla á eftirfarandi hátt:

„Í leikskólum á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla á að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla eiga að mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru að:

- a. fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- b. veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- c. hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- d. stuðla að vísýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- e. leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- f. rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.“ (Mennta og menningarmálaráðuneytið , 2011, bls. 30)

Fyrir utan þessi markmið og leiðarljós er kveðið á um sömu grunnþætti menntunar og í grunn og framhaldsskólum (nánar verður fjallað um grunnþætti menntunar í kaflanum um framhaldsskólann).

Öll starfsemi leikskólans miðast að því að koma á mót við nemendur sína á þeirra þroskastigi, og þar af leiðandi að kenna börnunum í gegnum leik og skapandi starf.

### **Fagleg störf í leikskólum**

Leikskólar á Íslandi hafa hátt hlutfall ófaglærðar starfsmanna. Starfsmenn þessir ganga í ýmis störf sem til falla á leikskólanum, þeir starfa inni á deildum og eru þá í návist barnanna en einnig starfa þeir inni á eldhúsum skólanna (flestar leikskólar á Íslandi elda mat á staðnum og víða tíðkast að starfsmenn og nemendur snæði saman inni á deildum).

Þeir sem bera mesta ábyrgð á starfi leikskólanna eru þeir faglærðu starfsmenn sem þar vinna; þ.e. leikskólakennara og leikskólastjóra. Í aðalnámskrá leikskóla er hlutverk þeirra skilgreint svo:

### **„Hlutverk leikskólastjóra**

Leikskólastjóri er faglegur leiðtogi og í forystu um þróun metnaðarfulls leikskólastarfs. Hann leiðir lýðræðislegt samstarf ólíkra hópa sem starfa innan leikskólans, stuðlar að jafnrétti og uppbyggilegum samskiptum með velferð barna að markmiði. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að starf leikskólans sé metið reglulega með innra mati og að niðurstöður séu notaðar til úrbóta í þágu starfsins. Honum ber að sjá til þess að starfsfólk fái tækifæri til að bæta við þekkingu sína og vera í stöðugri starfsþróun. Það er hlutverk leikskólastjóra að sjá til þess að farið sé eftir aðalnámskrá leikskóla og enn fremur lögum og reglugerðum sem snerta leikskólann.

### **Hlutverk leikskólakennara**

Leikskólakennari á að vera leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfsins, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Hann á að vera góð fyrirmynd í starfi með börnum og leitast við að styrkja faglegt hlutverk leikskólans. Litið er á leikskólakennara sem leiðandi samverkamann barna, foreldra og annars starfsfólks leikskóla. Honum ber að sjá til þess að hvert barn sé virt að verðleikum og að námsumhverfið sé skipulagt á þann veg að börn fái notið bernsku sinnar.“ (Mennta og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 31)

### **Dvalartími barna og kostnaður foreldra**

Sveitarfélögin innheimta gjald fyrir dvöl barna í leikskóla. Nokkuð misjafnt er hversu hátt gjaldið er eftir sveitarfélögum. Einnig er nokkuð misjafnt hvernig reglur eru um afslátt hjá mismunandi sveitarfélögum. Sum sveitarfélög eru með afslátt fyrir alla þá hópa sem njóta forgangs en önnur ekki. Töflur 2 og 3 hér að neðan sýna hvernig afslátturinn kemur út fyrir einstæða foreldra, námsmenn og

fjölskyldur með fleiri en eitt barn í leikskólum viðkomandi sveitarfélags; svonefndan fjölskylduafslátt:

Tafla 2: fjölskylduafsláttur sveitarfélaga (taflan sýnir fjölda sveitarfélaga og hlutfall afsláttar)

	Annað barn	Þriðja barn
25%	4	
30%	6	
50%	13	5
60%		2
70%	1	1
75%	1	3
80%		
90%		1
100%		13

(Halldórsson V. R., 2011, bls. 5)

Tafla 3: Afsláttur til námsmanna og einstæðra foreldra (taflan sýnir fjölda sveitarfélaga og hlutfall afsláttar).

	Námsmenn	Einstæðir foreldrar
20%	1	0
25%	2	2
30%	11	11
35%	4	4
40%	5	6
45%	1	1

(Halldórsson V. R., 2011, bls. 6)

Heildarverð sem foreldrar greiða fyrir dagvistun barna í leikskólum er um 14% af þeim kostnaði sem fellur til við vistun barns (Halldórsson V. R., 2011). Það veltur síðan á hversu lengi barnið dvelur á leikskólanum hversu mikið foreldrar greiða. Ofan á grunngjald kemur gjald fyrir mat og hressingu (brauð og/eða ávextir og þvíumlíkt). Foreldrar geta yfirleitt ekki valið hvort barnið fær mat í leikskólanum eða ekki, ef barnið er á staðnum á matartíma þá fær það að borða.

Árið 2011 var gerð úttekt á kostnaði foreldra við það að hafa barn á leikskóla. Taflan hér að neðan sýnir niðurstöður þeirrar úttektar. Síðan þá hafa tölurnar í töflunni hækkað í samræmi við vísitölu og annað en hún sýnir samt sem áður nokkuð raunhæft yfirlit um þessi mál víða um land:

„Tafla 5: kostnaður foreldra – með mat

	4 klst. + morgunmatur	6 klst. + morgun- og hádegismatur	8 klst. + morgun- og hádegismatur + síðdegishressing	9 klst. + morgun- og hádegismatur + síðdegishressing
Fjöldi sveitarfélaga	24	24	25	23
Meðaltal	11.957	21.134	29.083	33.610
Lægsta fjárhæð	8.922	16.644	21.764	27.230
Hæsta fjárhæð	15.667	26.899	35.688	40.284

(Halldórsson V. R., 2011, bls. 7)

### Forgangur að dvöl í leikskóla

„Sveitarfélögin eru með misjafnar reglur um forgang barna inn á deildir leikskóla. Við athugun hjá 25 fjölmennustu sveitarfélögum landsins kom í ljós að flest sveitarfélög miða við að börn sem búa við einhverskonar fötlun hafi forgang og einnig börn sem búa við félags- og/eða fjárhagslega örðugleika. Nokkur sveitarfélög setja sér ítarlegri reglur varðandi þetta. Frekari upplýsingar má sjá í töflu 1.

Tafla 1: Hverjir njóta forgangs?“

	Fjöldi sveitarfélaga	% af íbúafjölda landsins
Börn sem búa við félags- og fjárhagslega örðugleika	22	87,3%
Börn sem búa við einhverskonar fötlun	21	86,6%
Börn einstæðra foreldra	11	64,0%
Börn námsmanna	7	22,0%
Börn starfsmanna	6	21,2%
Tvítýngd börn	6	3,0%

(Halldórsson V. R., 2011, bls. 4)

### Hjallastefnan

Ekki er hægt að tala um leikskóla á Íslandi án þess minnst lítillega á hjallastefnuna. Hún er kennd við leikskólann Hjalla í Hafnarfirði en kenninga og hugmyndafræðilega er stefnan runnin undan rifjum Margrétar Pálu Ólafsdóttur leikskólustjóra. Hjallastefnan er rekin sem einkahlutafélag og hefur gert þjónustusamninga við sveitarfélög víða um land; 10 leikskóla og 3 grunnskóla (Hjallastefnan, 2011).

Hugmyndafræði Hjallastefnunnar gengur í örstuttu máli út á að móta hegðun barna í samræmi við jafnréttishugsjónir. Þetta er framkvæmt þannig að:

*„Kynjaskipting er notuð til að tryggja jafnræði stúlkna og drengja og gefa báðum kynjum uppþót á þeim sviðum sem ekki tilheyra hefðbundnum kynjahlutverkum. Þannig hafa kynin farið á mis við ólíka þjálfun í samfélagi sem ekki hefur enn náð jafnréttismarkmiðum sínum“* (Hjallastefnan, 2011)

Hugmyndafræði sem þessi er ekki óumdeild, hvorki meðal fræðimanna, starfólks leikskóla almennt né heldur foreldra. Þessu riti er alls ekki ætlað að leggja mat á gæði eða hugmyndafræði Hjallastefnunnar, en túlkar þurfa að hafa í huga að foreldrar þeir sem túlkað er fyrir kynnu að hafa allt aðrar skoðanir á uppeldismálum og jafnréttismálum en starfsfólk Hjallastefnunnar (þetta getur einnig átt við um almenna leikskóla).

### **Túlkun innan leikskólans**

Tvennskonar túlkun fer aðallega fram innan leikskóla, annars vegar túlkun þar sem barnið er viðstatt og hins vegar hrein og klár foreldraviðtöl.

Viðtöl þar sem barnið er viðstatt er oftast en ekki greiningarviðtöl af ýmsu tagi þar sem verið er að leggja mat á þroska barns til dæmis með Íslenska Þroskalistanum sem er hannaður til að leggja mat á þroska barna á aldrinum 3 til 6 ára með tilliti til mál og hreyfiþroska (Endurmenntun Háskóla Íslands, 2013). Gott er að hafa í huga leiðbeiningarnar sem voru gefnar fyrir túlkun inni á barnadeildum í kaflanum um túlkun innan heilbrigðiskerfisins þegar börn eru viðstödd í viðtölum. Ung börn (á leikskólaaldri) eiga oft erfitt með að skilja að túlkurinn er ekki sá sem þau eru að tala við í raun og túlkurinn þarf þess vegna að staðsetja sig á annan hátt í herberginu og í stað þess að túlka beint það sem viðkomandi segir er gott að segja „hann / hún segir“ á undan túlkuninni. Forvinna þarf einnig að beinast að barninu.

Önnur viðtöl innan leikskólans, þ.e. foreldraviðtöl eru meira í takt við almenna samfélagstúlkun, en hafa verður í huga að foreldrar eru viðkvæmir þegar kemur að börnum sínum og mikil spenna getur myndast þegar verið er að fjalla um erfið mál (til dæmis í svokölluðum skilaviðtölum þegar foreldrum eru birtar niðurstöður prófana eða greininga) sem lúta að samskiptum barna og starfsfólks, þroska barna eða hegðunarerfiðleika sem þau geta átt við að stríða.

## Grunnskólinn

Grunnskólar á Íslandi eru reknir fyrir almannafé og eru flestir þeirra reknir af sveitarfélögunum enda er ábyrgð á málaflokknum á þeirra hendi. Að auki eru starfandi nokkrir sjálfstætt starfandi grunnskólar sem njóta fjárframlaga frá viðkomandi sveitarfélagi (slíkir skólar eru til dæmis 6 í Reykjavík).

Í Reykjavík er umsjón með grunnskólum borgarinnar á hendi Skóla og Frístundasviðs Reykjavíkur. Í smærri sveitarfélögum er umsjón og eftirlit með skólum á hendi skólaskrifstofu viðkomandi sveitarfélags.

Hver skóli er tiltölulega sjálfstæð eining sem starfar samkvæmt lögum um grunnskóla frá 1 júlí 2008 og aðalnámskrá grunnskóla.

Skólastjóri hvers grunnskóla fyrir sig er ábyrgur fyrir faglegu starfi innan sinnar stofnunar auk þess sem hann fer með fjármál skólans að því marki sem fjármagn er ekki sérstaklega eyrnamerkt í tiltekin verkefni af hálfu sveitarfélagsins eins og til dæmis sérkennslu.

Skólastjóra til aðstoðar eru síðan aðstoðarskólastjórar og deildarstjórar yngsta stigs (1 til 4 bekkur), miðstigs (5 til 7 bekkur) og unglíngastigs (8 til 10 bekkur). Þetta er samt sem áður mikið til komið undir stærð skólans, í minnstu skólum á Íslandi er skólastjórinn jafnvel eini starfsmaðurinn í fullu starfi en í þeim stærstu finnast öll þessi starfsheiti.

Námsráðgjafa er að finna í stærri skólum. Starfssvið þeirra er að sinna ráðgjöf við nemendur og foreldra þeirra auk þess sem þeir eru skólastjórnendum til ráðgjafar þegar velferð nemenda er til umfjöllunar.

Störf kennara skiptast almennt í tvennt: Annars vegar er um fagkennslu að ræða (aðallega í eldri bekkjum) og svo umsjónarkennslu. Allir nemendur skólans tilheyra einhverjum umsjónarkennara sem á að hafa umsjón með námi og velferð nemandans (sjá nánar í undirkaflanum „hlutverk umsjónarkennara“.

Aðrir starfsmenn sem hafa samskipti við nemendur og foreldra eru ritari skólans (sem tekur til dæmis við tilkynningum um forföll), húsvörður og gangaverðir. Gangaverðir eru oftast ekki í miklum samskiptum við nemendur og eru lykilstarfsmenn varðandi atriði eins og skólabrag og samskipti nemenda utan skólastofunnar.

### **Aðalnámskrá grunnskóla**

*„Aðalnámskrár grunnskóla kveður á um markmið og fyrirkomulag skólastarfs í grunnskóla. Í námskránni er fjallað um hlutverk aðalnámskrár, almenna menntun og grunnþætti, mat á skólastarfi og fleira. Í námskránni er að finna nánari útfærslu á ákvæðum laga um grunnskóla og reglugerða um nám og kennslu í grunnskóla. Hún tekur til nemenda og starfsfólks skóla og setur sameiginleg markmið náms og kennslu í öllum grunnskólum landsins. Í aðalnámskrá grunnskóla er kveðið á um uppeldis- og menntunarhlutverk grunnskólans og sett fram meginstefna um kennslu og kennsluskipan.“ (Mennta og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 9)*

Eins og sést í tilvitnuninni hér á undan á starfsemi grunnskóla á Íslandi að vera í samræmi við aðalnámskrá. Námskránni er hægt að nálgast í heild sinni á vef Mennta og menningarmálaráðuneytis bæði á íslensku og ensku.

Í aðalnámskránni er einnig að finna eftirfarandi um nemendur af erlendum uppruna:

*„Það er mikilvægt fyrir sjálfsmynd nemenda með annað móðurmál en íslensku að tekið sé tillit til þekkingar þeirra og færni í eigin móðurmáli og nauðsynlegt að þeir viðhaldi því. Það er ávinningur fyrir hvern mann að hafa vald á fleiri en einu tungumáli og dýrmætt fyrir þjóðfélagið. Sterkt móðurmál styrkir fjölskyldubönd og tengsl við menningarlega arfleifð. Því er afar mikilvægt að foreldrum sé gerð grein fyrir mikilvægi móðurmálsins fyrir nemandann og þeir hvattir og studdir til að sinna máluppeldi á heimilinu sem felst í að rækta móðurmál hans. Sjálfsagt er að skóli og foreldrar leiti stuðnings hjá þeim sem*

*geta veitt aðstoð, svo sem hjá stofnunum og einstaklingum sem hafa þekkingu á máltöku annars máls og fjölmenningu. Starf af þessu tagi kemur einnig námi í íslensku til góða og stuðlar að virku tvítyngi.*

*Í grunnskólalögum (16.gr.) er kveðið á um að skólar skuli taka á móti nemendum sem eru að hefja nám sitt hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf. Í sömu grein segir að gunnskólum sé heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli. Mikilvægt er að bjóða nemendum kennslu í eigin máli þar sem þeir eiga þess kost að læra um mál, bókmenntir og menningu og fá þjálfun í málnotkun.“ (Mennta og menningarmálaráðuneyti , 2011, bls. 106-107)*

Tilvitnun þessi er um margt áhugaverð. Þarna er kveðið á um að sveitarfélögin skuli hafa tilbúna móttökuáætlun fyrir nemendur sem hafa annað tungumál en íslensku og þeir skulu veita þeim og foreldrum þeirra ráðgjöf. Annað atriði sem er áhugavert er að þarna er **ekki kveðið á um að skólum sé skylt að veita nemendum kennslu á þeirra móðurmáli**, heldur ber þeim einungis að hlúa að og styðja við máluppeldi heimafyrir.

### **Túlkunarskylda í grunnskóla**

Í lögum frá 2008 nr. 91 12. Júní segir:

#### **16. grein**

*„Grunnskólar taka á móti nemendum sem eru að hefja skólagöngu, eru að skipta um skóla eða hefja nám sitt hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Foreldrum skulu á þeim tímamótum veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólastarfið almennt **og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum greint frá rétti þeirra til túlkapjónustu.***



*Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf.*

*Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Með kennslunni er stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda og að þeir geti stundað nám í grunnskólum og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli.“*

## **18. grein**

*„Eigi í hlut foreldrar sem ekki tala íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt þessari grein.“ (Alþingi, 2008)*

## **Heilsuvernd í grunnskóla**

Skólahjúkrunarfræðingar sinna almennri heilsuvernd grunnskólabarna og minniháttar slysaþjónustu. Meðal verkefna skólahjúkrunarfræðinga eru:

- Fyrsta stigs forvarnir; heilbrigðisfræðsla, heilsuefling, ónæmisaðgerðir o.fl.
- Annars stigs forvarnir; skimanir og heilbrigðisþjónusta í skólum.
- Þriðja stigs forvarnir; aðbúnaður og umönnun barna með langvinnan heilsuvanda o.fl. (Embætti Landlæknis, 2013)

## **Móttaka nýbúa**

Grunnskólum er skylt samkvæmt aðalnámskrá að hafa móttökuáætlun fyrir nemendur af erlendum uppruna. Sveitarfélögum er einnig lögð sú skylda á herðar að sjá nemendum fyrir kennslu í sínum heimaskóla hvort sem um er að ræða nemendur með sérúrræði, fatlanir eða annað. Þetta á einnig við um erlenda nemendur. Stefna þessi er kölluð **skóli án aðgreiningar** og gengur í

stuttu máli út á að skólinn eigi að nálgast nemendur á þeirra forsendum en ekki öfugt. Hér á eftir er að finna dæmi um móttökuáætlun grunnskóla. Dæmið er tekið af vefsíðu Klébergsskóla í Reykjavík:

*„Í Klébergsskóla er ekki einsleitt samfélag. Viðurkenning á fjölmeningarlegu samfélagi er styrkur skólans sem stuðlar að jákvæðum viðhorfum og samskiptum nemenda og starfsfólks. Sérhver nemandi í Klébergsskóla er metinn af verðleikum sínum en ekki á grundvelli einhvers hóps sem hann kann að tilheyra. Allir starfsmenn skólans eru íslenskukennarar erlendra nemenda.*

*Við móttöku nýbúa í Klébergsskóla er stuðst við eftirfarandi:*

- *Ákveðið hverjir taka þátt í móttöku nemenda.*
- *Gögnum fyrir viðtal safnað saman.*
- *Fundur með foreldrum og nemanda.*
- *Foreldrum og nemanda er kynntur skólinn (leiðsögn um skólann) og starfslið hans.*
- *Nauðsynlegt er að hafa túlk með á þessum fyrsta fundi. Hér þarf að afla ýtarlegra upplýsinga um bakgrunn nemandans (á þar til gerðu eyðublaði, hjá ritara).*
- *Við komu í skólann þurfa foreldrar erlendra nemenda að fá í hendur stundaskrá (helst myndræna) og skóladagatal.*
- *Kynna þarf fyrir foreldrum skólareglur, forföll og leyfi, frímínútur, klæðnað, nesti og heimanám.*
- *Leggja þarf áherslu á við foreldra að hafa gott samstarf við skólann.*
- *Foreldrar erlendra nemenda þurfa að fá upplýsingar um bólusetningu, vigtun og fleira og þeim gerð grein fyrir að öll börn á Íslandi fara í gegnum þetta ferli, ekki aðeins þeirra börn.*
- *Sérstakur tengiliður innan skólans sem foreldri / forráðamenn geta leitað til.*
- *Erlendir nemendur eru hvattir til að taka þátt í félagslífi hvort sem það er á vegum skólans eða félagsmiðstöðvarinnar. Einnig er mikilvægt að kynna fyrir þeim upplýsingar um tómstundastarf.*

- *Erlendur nemandi fær vin/vini í skólanum.*
- *Erlendir nemendur eiga rétt á íslenskukennslu. Reynt er eftir fremsta megni að taka þá ekki út úr verklegum tímum eða þemavinnu.*
- *Mikilvægt er að allar upplýsingar sem skólinn sendir frá sér skili sér einnig til foreldra erlendra nemenda.*“ (Klébergsskóli, 2013)

### **Hlutverk umsjónarkennara**

Hlutverk umsjónarkennarans er margþætt. Á yngri stigum grunnskólanáms á Íslandi er umsjónarkennari nemandans sá aðili sem kennir nemandanum flest þau fög sem kennd eru og hann ræður að mestu leyti stundatöflu bekkjarins að því undanskyldu að það er ákveðið fyrirfram af skólaskrifstofu og skólastjórnendum hversu mikill tími fer í hvert fag fyrir sig.

Umsjónarkennari ber einnig að flestu leyti ábyrgð á samskiptum skólans við foreldra og ætti að vera viðstaddur öll þau viðtöl sem starfsmenn skólans eiga við nemendur og foreldra (nema foreldra fari fram á annað og þá einungis vegna samstarfsörðuleika við viðkomandi kennara).

Umsjónarkennari ber einnig ábyrgð á því að fylgjast með velferð nemenda sinna innan skólans og á að hafa samband við foreldra ef út af ber, hvort heldur sem um er að ræða námsleg atriði eða samskipti nemandans við starfsfólk og samnemendur. Einnig ber umsjónarkennurum að skýra barnaverndaryfirvöldum frá ef hann verður var við vanrækslu eða ofbeldi gagnvart nemendum af hendi fjölskyldu eða annarra. Að þessu leyti er kennurum og öðru fagfólki lagðar ríkari skyldur á herðar en almenningi. Yfirleitt velja umsjónarkennarar að sinna þessari skyldu með því að leggja mál fyrir nemendaverndarráð skólans sé það fyrir hendi (sjá undirkaflann „Nemendavernd“).

Eftir því sem nemendur eldast eyða þeir minni tíma með umsjónarkennara sínum vegna þess að kennsla í ýmsum greinum eins og stærðfræði, tungumálum, íslensku, félags og náttúruvísindagreinum o.s.frv. færist yfir á hendur **faggreinakennara**. Flestir faggreinakennarar eru þó umsjónarkennarar en þeir kenna sínum umsjónarnemendum kannski einungis 4-5 kennslustundir á viku.

## Samræmd könnunarpróf

Samkvæmt grunnskólalögum (nr 39 frá 2008) ber nemendum í 4. og 7. bekk að þreyta samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði. Nemendum í 10. bekk ber að taka samræmd könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku (Alþingi, 2008).

Hvað undanþágur varðar þá skulu skólastjórar:

*„tilkynna Námsmatsstofnun um þá nemendur sem fá undanþágu frá því að þreyta könnunarprófin og tilgreina ástæður undanþágu.*

*Um er að ræða undanþágu fyrir:*

*Nemendur með annað móðurmál en íslensku sem geta fengið undanþágu frá því að þreyta samræmt könnunarpróf í íslensku í 4., 7. og 10. bekk. Jafnframt er heimilt að veita þessum nemendum undanþágu frá því að þreyta samræmt könnunarpróf í stærðfræði hafi þeir dvalið skemur á landinu en eitt ár.*

*Nemendur í sérskólum, sérdeildum og aðra þá nemendur á skyldunámsaldri sem taldir eru víkja svo frá almennum þroska að þeim henti ekki samræmd könnunarpróf.*

*Nemendur sem orðið hafa fyrir líkamlegu eða andlegu áfalli sem gerir þeim ókleift að þreyta samræmt könnunarpróf.“ (Mennta og menningarmálaráðuneyti, 2010)*

## Námsgögn og ritföng

Nemendum ber að fá námsgögn frá skólanum. Með námsgögnum er átt við textabækur og vinnubækur sem nemendur þurfa að nota. Foreldrar þurfa sjálfir að standa straum af ritföngum fyrir nemendur. Með ritfögum er átt við penna og blýanta, línu og rúðustrikaðar bækur til að skrifa í, möppur og annað þess háttar.

Skólar gefa yfirleitt út lista með þeim ritföngum sem nemendur þurfa að hafa með sér. Foreldrar geta nálgast þessa lista í skólanum eða af heimasíðum viðkomandi skóla. Það hefur einnig færst í vöxt undanfarið að skólar semji við ritfangaverslanir um afslætti þegar keyptar eru vörur fyrir viðkomandi bekk í

einum pakka. Foreldrar geta þó allaf valið hvort þeir nýta sér slík tilboð eða ekki.

## **Nemendavernd**

Skólum ber að halda utan um velferð nemenda hvort heldur sem er um að ræða tilfinningalega, námslega eða félagslega velferð. Um þetta er fjallað í reglugerð nr. 338/1996. Þar er kveðið á um svokölluð nemendaverndarráð þar sem fjallað er um málefni þeirra nemenda sem eiga í erfiðleikum.

Nemendaverndarráð er vettvangur þar sem kennarar og skólastjórnendur geta fjallað um og komið málum áleiðis til stoðþjónustu skóla sem rekin er af viðkomandi sveitarfélagi og þá um leið til barnaverndaryfirvalda. Í reglugerðinni segir meðal annars:

*„16. gr.*

*Samræmingarhlutverk skólastjóra grunnskóla.*

*Skólastjóri grunnskóla skal samræma innan hvers grunnskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðiþjónustu, náms- og starfsráðgjöf og skólaheilsugæslu með stofnun nemendaverndarráðs skv. 40. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Jafnframt skal skólastjóri grunnskóla stuðla að samráði við félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málefna einstakra nemenda eða nemendahópa eftir því sem þurfa þykir.*

*17. gr.*

*Hlutverk nemendaverndarráðs.*

*Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.*

*18. gr.*

*Skipan nemendaverndarráðs. Skólastjóri skipar nemendaverndarráð til eins árs í senn og er ábyrgur fyrir starfrækslu ráðsins sem skal taka mið af aðstæðum í hverjum skóla. Skólastjóri eða fulltrúi hans stýrir starfi nemenda-verndarráðs. Í*

*nemendaverndarráði grunnskóla eiga sæti skólustjóri og/eða fulltrúi sem hann tilnefnir, umsjónaraðili kennslu nemenda með sérþarfir, fulltrúi skólaheilsugæslu, fulltrúi sérfræðipjónustu sveitarfélags og náms- og starfsráðgjafi. Einnig geta fulltrúar frá félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöldum tekið þátt í starfi nemendaverndarráðs þegar tilefni er til.“ (Mennta og menningarmálaráðuneyti, 2010)*

## **Námsörðugleikar**

Nemendur sem sem eru marktækt á eftir jafnöldrum sínum í námi teljast vera með námserfiðleika. Námserfiðleikar geta verið af ýmsu tagi og eiga sér fjölbreyttar orsakir. Þeir geta orsakast af félagslegum þáttum, tilfinningalegum, persónuleikatengdum þáttum auk þess sem ýmsar taugafræðilegar raskanir geta hindrað fólk í námi. Námserfiðleikar flokkast almennt séð í tvennt: Almenna námserfiðleika og sértæka námserfiðleika.

**Almennir námserfiðleika** má yfirleitt rekja til þroskaskerðingar þar sem greind viðkomandi er undir meðallagi. Viðkomandi er þá eftir jafnöldrum sínum bæði í þroska og námi.

Nemendur sem eru með meðalgreind (og jafnvel yfir) en eiga samt í námserfiðleikum á tilteknum sviðum náms teljast eiga við **sértæka námserfiðleika** að etja. Þeir lýsa sér í vanda tengdum grunnþáttum náms eins og lestri, skrift og reikningi. Um 70% sértækra námserfiðleika má rekja til erfðapátta (Guðmundsson & Úlfarsdóttir, 2008).

Skólar geta brugðist við námslegum erfiðleikum nemenda með ýmsum hætti. Fyrst ber að nefna sérkennslu sem er yfirleitt sinnt af sérmenntuðum kennurum; **sérkennurum**. Sérkennsla fer almennt séð annað hvort fram innan bekkjarins eða í sérstofu. Einnig geta nemendur átt rétt á stuðningi innan bekkjarins sem er þá yfirleitt sinnt af **stuðningsfulltrúa**.

Í sumum skólum er einnig rekið svokallað skólasel eða athvarf þar sem nemendum með ýmsar sérþarfir fá þjónustu.

Skólar fá úthlutað fé til sérkennslu í samræmi við þarfir nemenda og það fjármagn sem sveitarfélagið leggur til málaflokksins á hverju ári. Hversu mikið fé er um að ræða er pólitísk ákvörðun hverju sinni en það er síðan stjórnenda skólans að meta hvernig fénu er best varið.

## **Uppbyggingarstefna**

Er stefna sem hefur verið að ryðja sér til rúms í íslensku skólakerfi undanfarin ár. Stefnan er byggð á hugmyndum svokallaðrar mannúðarsálfræði.

Stefnan hefur verið hrint í framkvæmd í skólum bæði í Reykjavík og víða um land, til dæmis á Ísafirði. Textinn hér fyrir neðan er tekinn af heimasíðu Foldaskóla í Grafarvogi.

*„Uppbyggingarstefna (Restitution) í skólastarfi er hugmyndakerfi sem í felst bæði aðferð og stefnumörkun skóla til bættra samskipta. Megin atriðið er að kenna börnum og unglingum sjálfsaga og sjálfstjórn.*

*Höfundur uppbyggingarstefnunnar er Diane Chelsom Gossen frá Saskatoon í Kanada.....Uppbyggingarstefna Diane Gossen hagnýtir sér m.a. þessa sjálfstjórnarkenningu í hugvísindum en skilgreining á kenningunni er á vefsíðu IAAC-samtakanna og er á þessa leið:*

*Sjálfstjórnarkenning er kenning um það hvað stýrir mannlegri hegðun. Hún kemur með vísindalega útskýringu á innri áhugahvöt.*

*Hún hjálpar okkur að skilja það, hvernig manneskjan leitast stöðugt við í ákveðnum tilgangi og á mörgum vitundarstigum, að ná markmiðum sínum og fullnægja þörfum sínum í síbreytilegu umhverfi.“ (Foldaskóli, án dags.)*

## **Olweusaráætlun**

Einelti hefur lengi verið landlægt í íslenskum skólum sem og annarsstaðar. Til þess að berjast gegn þessu hafa margir íslenskir skólar tekið þátt í Olweusaráætluninni:

„Olweusaráætlunin er forvarnarverkefni unnið í samvinnu menntamálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands auk þátttöku samtakanna Heimilis og skóla og með sérstökum stuðningi Kennaraháskóla Íslands. Verkefnið er kerfisbundin áætlun fyrir tvö skólaár og er markmiðið að koma í veg fyrir einelti í grunnskólum. Allir starfsmenn skólanna og fulltrúar íþróttasamtaka auk annarra hittast reglulega í tvö skólaár til að innleiða fræðin. Markmiðið er að skapa skólabrag og bekkjaranda þar sem einelti nærast ekki og unnið er kerfisbundið í eineltismálum. Skólinn talar einum rómi þegar kemur að þessum alvarlegu málum og úrvinnslu þeirra. Hverjum

einasta nemanda á að tryggja öryggi og foreldrar eiga ekki að þurfa að hafa áhyggjur af því að barnið þeirra sé lagt í einelti.“ (Mennta og menningarmálaráðuneyti, 2003)

### **Að túlka innan grunnskólans**

Almennt séð gilda sömu reglur um túlkun innan grunnskólans (og skóla heilt yfir séð) og um samfélagstúlkun yfirleitt. Það eru þó nokkrar þumalputtareglur sem vert er að hafa í huga:

1. Almennar reglur um tilkynningarskyldu gagnvart brotum gegn börnum gilda umfram þá trúnaðarskyldu sem túlkar fara eftir venjulega. Þetta merkir einfaldlega að verði túlkur áskynja um vanrækslu eða önnur brot gagnvart barni ber honum að tilkynna það til barnaverndaryfirvalda.
2. Að öðru leyti gilda sömu reglur um trúnað innan grunnskóla og gilda á sjúkrahúsum.
3. Töluverður valda og aðstöðumunur er á milli aðila þegar foreldrar fara í viðtöl í skólanum, þetta á hvergi betur við en þegar farið er á fund hjá stjórnendum skóla vegna einhverra viðvarandi vandamála hjá nemendum. Vegna þessa er gott að túlkurinn staðsetji sig annað hvort fyrir aftan skjólstæðing sinn eða fyrir enda borðs þannig að úr verði „samskiptaþríhyrningur“.
4. Gott er vinna forvinnu vel áður en farið er í viðtal og leggja áherslu á að stjórna flæði samtalsins vel, almennt eru skólamenn ekki vanir að nota þjónustu túlka (ekkert frekar en heilbrigðisstarfsmenn).

### **Framhaldsskólinn**

*„Samkvæmt lögum nr .92/2008, um framhaldsskóla, er nám á framhaldsskólastigi skipulagt sem framhald af námi á grunnskólastigi .Í lögunum er hlutverk framhaldsskóla skilgreint í annarri grein .*

#### **2 .gr .Hlutverk**

*Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi .Framhaldsskólar búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og*



*frekara nám .Þeir skulu leitast við að efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfar þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar .Framhaldsskólar sinna miðlun þekkingar og þjálfun nemenda þannig að þeir öðlist færni til að gegna sérhæfðum störfum og hafi forsendur til að sækja sér frekari menntun“*

(Mennta og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 29) .

Framhaldsskólar á Íslandi eru flestir reknir beint af ríkinu. Þeir skólar sem ekki eru beinlínis reknir af ríkinu (eru t.d. sjálfseignarstofnanir) eru fjármagnaðir með framlögum frá því. Framhaldsskólamenntun er nemendum að kostnaðarlausu fyrir utan innritunargjald (6 þúsund krónur þegar þessi bók er rituð) og þjónustugjald sem borgast einu sinni á ári (8.500 krónur við ritun þessa kafla). Fyrir utan það borga verknámsnemendur efnisgjald (Menntaskólinn á Ísafirði, 2013).

Fyrir aðeins nokkrum áratugum voru aðeins 7 framhaldsskólar á Íslandi. Þá voru einungis um 30% fólks eða um það bil sem fór í framhaldsskóla. Síðan þá hefur orðið bylting í þessum málum. Nú eru framhaldsskólarnir orðnir 33 og um 95% hvers árgangs hefur nám í framhaldsskóla.

Miklar breytingar standa nú yfir í íslensku framhaldsskólakerfi, bæði hvað varðar áherslubreytingar í kennslu og einnig hvað kerfið sjálft varðar.

Árið 2011 gaf Mennta og menningarmálaráðuneytið út nýja námskrá fyrir framhaldsskóla sem enn er ekki komin til fullra framkvæmda. Þegar þessi orð eru skrifuð hefur verið gefið út að nýja námskráin verði komin til framkvæmda árið 2015.

Ný námskrá framhaldsskóla byggir á annars konar einingakerfi heldur en fyrri námskrár. Í fyrri námskrám voru tengingar fyrst og fremst milli kennslustunda og þess einingafjölda sem áfangi gaf. Til dæmis má nefna að venjulegur bóknámsáfangi var með 6 40 mínútna kennslustundir á viku og gaf 3 einingar. Nýja námskráin gerir fyrst og fremst ráð fyrir tengingu milli þeirrar vinnu sem nemendur inna af hendi í áfanganum. Hver ný eining (sem nefnist

framhaldsskólaeining eða feining) miðast við 3 daga samfellda vinnu nemandans. Miðað við núverandi skipulag kennslu væri hver áfangi vera 5 feiningar í stað 3 áður.

Stúdentspróf í nýja kerfinu á að miðast við 180 feiningar. Það merkir í stuttu máli að nemendur muni að jafnaði útskrifast einu ári fyrr í nýja kerfinu. Eftir sem áður hafa nemendur töluvert frelsi varðandi námshraða sinn, þeir geta útskrifast fyrr eða seinna eftir vilja, námshraða og getu.

Í kaflanum verður farið yfir helstu atriði varðandi íslenska framhaldsskóla, hvernig þeir eru uppbyggðir og hvaða reglum þeir starfa eftir.

### **Aðalnámsskrá framhaldsskóla**

Starf í framhaldsskólum landsins mótast af aðalnámsskrá rétt eins og í leik og grunnskólum. Í nýrri aðalnámsskrá er kveðið á um þá þætti eða í raun þau námslegu gildi sem eiga að liggja að baki starfinu. Það má ef til vill segja að þessir þættir eða gildi séu ekki ný af nálinni í skólastarfi á Íslandi, en það hefur ekki gerst áður að **grunnþættirnir** séu settir fram á þennan hátt.

Grunnþættirnir eru sem hér segir:

- „læsi,
- sjálfbærni,
- heilbrigði og velferð,
- lýðræði og mannréttindi,
- jafnrétti,
- sköpun .

*Grunnþættirnir eiga sér stoð, hver með sínum hætti, í löggjöf fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla .Einnig er sótt til annarrar löggjafar þar sem finna má ákvæði um menntun og fræðslu í skólakerfinu, svo sem í lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla .Enn fremur er stuðst við stefnu stjórnvalda í ýmsum málaflokkum, t .d .ritinu Velferð til framtíðarum áherslur í stefnu um sjálfbæra þróun .Einnig er tekið tillit til alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að, svo sem barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og stefnu alþjóðlegra stofnana sem Ísland er aðili að .Þar má nefna stefnumörkun UNESCO um almenna menntun og um sjálfbæra þróun og stefnumörkun Evrópuráðsins um lýðræði og mannréttindi .Við mörkun stefnunnar sem birtist í*

*skilgreiningu grunnþáttanna er einnig höfð hliðsjón af hugmyndum um fagmennsku kennara og reynslu úr þróunarstarfi í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum í landinu“ (Mennta og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 14).*

Hér að ofan hefur verið farið yfir þá þætti sem snúa að ytra skipulagi framhaldsskólans og þá þætti sem kennarar eiga að hafa að leiðarljósi við kennslu áfanga. En hvað með áfangana sjálfa, hvernig er þeim raðað niður?

Áföngum framhaldsskólans er raðað niður í tvívíðu kerfi ef svo má að orði komast. Annars vegar er áföngum raðað niður eftir því hvort þeir eru **kjarnaáfangar, kjörsviðsáfangar** eða **valáfangar**. Hins vegar er þeim einnig raðað eftir hversu miklar námslegar kröfur eru gerðar til nemenda og hvað þeir hafa lært í viðkomandi grein áður. Lítum aðeins nánar á þetta:

### **Kjarna, kjörsviða og valáfangar**

Þeir áfangar sem allir nemendur skólans sem hafa innritað sig á tilekna braut verða að taka eru kallaðir kjörsviðsáfangar. Sérstakt leyfi eða undanþágu þarf til að sleppa því að taka einhvern af þessum áföngum og útskrifast samt af brautinni. Nýja kerfið útfærir kjarnaáfanga á aðeins annan hátt. Þar eru um 65 feiningar sameiginlegir öllum bóknámsnemendum og um 35 einingar sem tilheyra kjarna viðkomandi brautar eða svokallaður **brautarkjarni**.

Kjörsviðsáfangar eru áfangar í tilteknum greinum sem nemandi hefur ákveðið að sinna sérstaklega. Í núverandi kerfi þarf nemandi að ljúka 3 kjörsviðum til stúdentsprófs eða alls 9 einingum í viðkomandi sviði. Það er að einhverju leyti óljóst hvernig þetta kerfi verður útfært í nýja skipulaginu þegar þetta er skrifað, trúlega verða kjörsviðin einungis 2 og þá 10 feiningar. Að einhverju leyti verður hverjum skóla falið að útfæra þetta fyrir sig.

Valáfangar eru áfangar sem nemandi hefur valið að taka og ræður eigin vilji og áhugi nemandans því vali. Í raun geta nánast allir áfangar sem kenndir eru í viðkomandi skóla eða í fjarnámi við annan skóla talist vera valáfangar nemandans, ef viðkomandi áfangi er ekki í kjarna eða kjörsviði og viðkomandi nemandi hafi lokið nauðsynlegum undanfaraáföngum ef gerðar eru kröfur til slíks.

### **Röðun áfanga eftir námslegum kröfum**

Bæði í nýja og gamla kerfinu er áföngum raðað eftir því hversu miklar kröfur eru gerðar til fyrra náms nemandans og þeirra krafna sem miðað er við að nemandinn hafi mætt að áfanga loknum.

Nýja kerfið raðar eða þrepaskiptir áföngum á eftirfarandi hátt:

*„Á framhaldsskólastigi eru þrepin fjögur. Fyrsta þrepið er á mörkum grunn- og framhaldsskóla og felur í sér almenna menntun. Þar tengjast kröfur um lýðræði, mannréttindi, jafnrétti og sjálfbærni daglegu lífi og virkni einstaklingsins í þjóðfélaginu. Nemandi sem hefur náð þessari lykilhæfni sýnir í daglegu lífi og samskiptum að hann beri virðingu fyrir öðru fólki, lífsgildum þess og mannréttindum. Nám á fyrsta þrepi getur enn fremur falið í sér almennan undirbúning undir störf í atvinnulífinu sem ekki krefjast mikillar sérhæfingar og eru unnin undir stjórn eða eftirliti annarra. Á námsbrautum með námslok á fyrsta hæfniprepi getur krafa um námsframvindu verið óhefðbundin og námsmat fyrst og fremst leiðbeinandi um hvernig nemendur geta náð settum markmiðum.*

*Námslok á þrepi tvö einkennast af fremur stuttri sérhæfingu, sem miðar einkum að faglegum undirbúningi undir frekara nám eða störf sem krefjast þess að starfsmenn geti sýnt ábyrgð og sjálfstæði innan ákveðins ramma og/eða undir yfirstjórn annarra. Þá er gert ráð fyrir að hinni almennu hæfni til að vera virkur þjóðfélagsþegn sé náð og sjónum beint að virkni og ábyrgð innan vinnuumhverfis.*

*Námslok á þriðja hæfniprepi einkennast af enn meiri kröfum um þekkingu, leikni og hæfni tengdar sérhæfingu og fagmennsku. Þar fer fram sérhæfður undirbúningur undir háskólanám, lögvarin störf, sérhæft starfsnám og listnám. Eftir námslok á þriðja þrepi eiga nemendur að geta unnið sjálfstætt, borið ábyrgð á skipulagi og úrlausn verkefna og metið eigin störf.*

*Fjórða þrepið felur í sér nám sem ýmist fer fram innan eða á vegum framhaldsskóla eða háskóla. Námslok á fjórða þrepi einkennast ýmist af aukinni sérhæfingu og/eða útvíkkun sérhæfingar í tengslum við stjórnun, leiðsögn, þróun eða nýsköpun“ (Mennta og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 42).*

## **Stjórnun í framhaldsskólum**

Skólustjórur í íslenskum framhaldsskólum geta borið tvennskunar starfsheiti. Annars vegar er um starfsheitið skólameistari að ræða (aðstoðarskólustjóri í viðkomandi skóla myndi þá heita aðstoðarskólameistari) og hins vegar starfsheitið rektor (aðstoðarskólustjóri í viðkomandi skóla héti þá konrektor). Um sama starf er að ræða, skólameistarar bera fjárhagslega og faglega ábyrgð á sínum skóla.

Skólameistarar hafa vel flestir aðstoðarskólameistara sér við hlið. Oftar en ekki láta þeir ýmiskonar dagleg mál sem snerta nemendur í hendur þeirra, svo sem agamál, mætingar og fleira þess háttar.

Flestir þeir skólar sem eru með áfangakerfi (sjá undirkaflann hér á eftir) eru með áfangastjóra. Áfangastjóri fylgist með vali nemenda, námsframvindu, töflugerð og fleira þess háttar. Oftar en ekki eru áfangastjórar í hlutastarfi.

Flest allir framhaldsskólar eru með einn eða tvo námsráðgjafa á sínum snærum. Hlutverk námsráðgjafa í framhaldsskóla er fyrst og fremst að veita nemendum náms og starfsráðgjöf, til dæmis með því að hjálpa til við val, leggja fyrir áhugasviðspróf og þess háttar en einnig að vera einskonar málsvarar nemenda í kerfinu og standa vörð um hagsmuni þeirra.

Fjármálastjórar eru einnig við störf í mörgum framhaldsskólum. Nemendur og aðstandendur þeirra þurfa sjaldan að eiga samskipti við fjármálastjóra en það getur komið fyrir, til dæmis varðandi umsóknir um dreifbýlisstyrk (styrkur sem nemendur á framhaldsskólastigi eiga rétt á, þurfi þeir að stunda nám fjarri heimahögum) eða leigu á heimavist þar sem þær eru til staðar.

### **Að innritast í framhaldsskóla**

Innritun í framhaldsskóla á Íslandi er rafræn. Þegar nemandi hefur lokið grunnskólanámi á Íslandi skilar viðkomandi grunnskóli einkunnum nemandans inn til skráningar. Það eina sem nemandinn þarf að gera er að sækja um skólavist í viðkomandi skóla á [menntagatt.is](http://menntagatt.is). Þar þarf hann einnig að skoða þær upplýsingar sem þegar hafa verið færðar inn og ganga úr skugga um að þær séu réttar.

Hvað varðar erlenda nemendur sem eru að innritast beint inn í íslenskan framhaldsskóla án þess að hafa stundað nám í íslenskum grunnskóla er best að hafa samband við viðkomandi skóla varðandi umsókn um skólavist. Sumir

skólar eins og til dæmis Fjölbrautarskólinn í Breiðholti bjóða upp á svokallaða innflytjendabraut þar sem áherslan er á íslenskukennslu fyrir nemendur með annað móðurmál en Íslensku.

### **Breytileiki innan framhaldsskólakerfisins**

Hér að ofan hefur verið tæpt á áfangakerfinu sem slíku, eins og röðun áfanga, þrepaskiptingu og fleira. Umfjöllunin hefur þó ekki tekið á ýmiskonar breytileika sem er til staðar innan framhaldsskólakerfisins. Þar ber fyrst að nefna að sumir framhaldsskólar skipuleggja kennslu sína ekki í einstökum áföngum heldur í bekkjum. Þá er svokölluð framvindutafla (einskonar flæðirit sem sýnir dæmigerða framvindu náms nemenda á tiltekinni braut eftir árum) náms mun stífari og námshópar búnir til sem halda saman þau ár sem nemendur eru í skólanum. Þetta merkir þó auðvitað ekki að skólarnir fari ekki eftir aðalnámskrá, þeir skipuleggja námið bara á annan hátt.

Annað sem getur verið breytilegt er að sumir framhaldsskólar bjóða upp á verknám eingöngu (til dæmis hárið, bifvélavirkjun o.s.frv.), aðrir upp á bóknám eingöngu (til dæmis félagsfræði, stærðfræði, dönsku o.s.frv.) og enn aðrir upp á samland af bóknámi og verknámi. Þeir skólar sem einungis bjóða upp á verknám eru til dæmis Iðnskólinn í Reykjavík og Hafnarfirði og Tækniskólinn. Þeir sem einungis bjóða upp á bóknám eru til dæmis Menntaskólinn við Sund, Hamrahlíð, Akureyri og Reykjavík. Þeir sem eru með einhverskonar blöndu af þessu tvennu eru til dæmis Verkmenntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Egilstöðum, á Ísafirði og á Sauðarárkróki auk Fjölbrautarskólans við Ármúla og í Kópavogi.

Réttur til túlkunar í framhaldsskólum:

Í lögum um framhaldsskóla frá 2008 nr. 92 frá 12. júní segir:

*„Framhaldsskólar skulu setja sér áætlun um móttöku nemenda. Móttökuáætlun framhaldsskóla skal vera aðgengileg nemendum og foreldrum, þar sem m.a. koma fram upplýsingar um námið og skólastarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum er greint frá möguleikum á túlkajónustu. Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra,*

*tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Í reglugerð skal kveðið nánar á um rétt nemenda til kennslu í íslensku, svo og um tilhögun og mat á náminu.“ (Alþingi, 2008)*

## **Að túlka innan framhaldsskólans**

Það að túlka innan framhaldsskólans er að flestu leyti svipað og að túlka innan grunnskólans, þ.e. svipuð mál geta komið upp og hugtakanotkun er svipuð.

Að einu leyti er þó munur á; þ.e. eldri nemendur við framhaldsskóla eru orðnir sjálfráða. Þetta merkir að trúnaður túlksins verður þá við nemandann en ekki foreldra hans. Sjálfræðisaldur á Íslandi er 18 ár. Það merkir að:

- Einstaklingurinn er fjárráða og má stofna til samninga.
- Hann má stofna til hjónabands.
- Hann ræður að fullu búsetu sinni og persónulegum málum.
- Hann ræður því hverjir fái upplýsingar um sig.
- Hann má þó ekki neyta áfengis fyrr en hann er tvítugur.

Þessum réttindum má ekki ganga framhá þrátt fyrir þrýsting foreldra og annarra, alveg sama hvaða skoðun viðkomandi þjóðfélagshópur hefur á því máli.

Framhaldsskólinn sjálfur hættir allri skipulagðri upplýsingagjöf til foreldra þegar nemandinn verður 18 ára. Það er enn fremur hlutverk kennara, námsráðgjafa og skólastjórnenda að gefa upplýsingar um nemendur til þeirra sem eiga rétt á þeim upplýsingum, túlkar ættu ekki að standa í slíku utan hefðbundins hlutverks síns.

## **Réttindi barna og fjölskyldna**

Þar sem túlkar eru oftast en ekki beðnir um að túlka fyrir fólk sem á í samskiptum við hið opinbera þurfa þeir að vera í stakk búnir til þess að geta túlkað umræður um réttindi fólks, bæði almennt séð og réttindi innflytjenda sérstaklega.

Í þessum kafla verður því fjallað um ýmiskonar réttindi; bæði barna og fullorðinna, félagsþjónustu á Íslandi sem og útlendingastofnun. Þar sem Ísland

hefur staðfest bæði barnasáttmála sameinuðu þjóðanna sem og mannréttindasáttmála sömu samtaka er best að byrja kaflann á því að fjalla um innihald þessa sáttmála.

## **Barnasáttmálinn**

Ísland fullgilti barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna árið 1992. Þar með öðluðust ákvæði hans lagalegt gildi á Íslandi. En um hvað fjallar barnasáttmálinn? Jú hann fjallar um þau réttindi sem ekki er fjallað um í almennum ákvæðum Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna, þ.e. réttindum sem snúa að börnum sérstaklega:

*„Í inngangi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er farið yfir þau grunngildi sem liggja að baki sáttmálanum og meðal annars vísað til Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 1948 og annarra mannréttindasamninga.*

*Efnisreglur Barnasáttmálans er að finna í 1. til 41. gr. sáttmálans. Þar er fjallað um ýmis mikilvæg réttindi barna. Í grófum dráttum má skipta réttindum barna í þrjá flokka; vernd, umönnun og þátttöku.*

### **Vernd**

*Barnasáttmálinn kveður á um vernd tiltekinna grundvallarmannréttinda barna, svo sem réttinn til lífs, friðhelgi fjölskyldu- og einkalífs, félaga-, skoðana-, tjáningar- og trúfrelsis.*

### **Umönnun**

*Barnasáttmálinn leggur þær skyldur á aðildarríkin að grípa til aðgerða til að tryggja velferð barna, m.a. á sviði mennta-, heilbrigðis- og félagsmála.*

### **Þátttaka**

*Barnasáttmálinn tryggir börnum rétt til þess að láta í ljós skoðanir sínar á öllum málum sem varða þau með einum eða öðrum hætti. Taka ber tillit til skoðana barna í samræmi við aldur þeirra og þroska.*

### **Grundvallareglurnar fjórar**

*Þó að öll réttindi Barnasáttmálans séu mikilvæg er almennt gengið út frá því að fjögur ákvæði feli í sér svokallaðar grundvallareglur, sem tengja saman ólík*



ákvæði hans.. Grundvallarreglurnar fjórar ganga sem rauður þráður í gegnum allan sáttmálann og er því sérstaklega mikilvægt að hafa þær í huga þegar önnur ákvæði hans eru túlkuð, ekki síst ef ákvæði sáttmálans vegast á.

## **2. grein Jafnræði – bann við mismunun**

Öll börn skulu njóta réttinda Barnasáttmálans án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmalaskoðana, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna þeirra eða stöðu eða athafna foreldra þeirra.

## **3. grein Það sem barninu er fyrir bestu**

Allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu. Setja á lög og reglur sem tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Aðildarríki eiga að sjá til þess að stofnanir og þjónusta sem annast börn uppfylli reglur sem stjórnvöld hafa sett, sérstaklega um öryggi, heilsuvernd, fjölda og hæfni starfsmanna og yfirumsjón.

## **6. grein Réttur til lífs og þroska**

Sérhvert barn á meðfæddan rétt til lífs og skulu aðildarríkin tryggja að það megi lifa og þroskast.

## **12. grein Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif**

Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börnum skal veitt tækifæri til að tjá sig um eigin málefni við málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi.“ (Rafnsdóttir, án dags.)

Eins og sést á upptalningunni er gætt að sérstökum rétti barna til þroska og umönnunar, ásamt því að tekið er á þáttum sem varða vernd barna gegn ofbeldi hvort heldur sem er af hendi stjórnvalda eða annarra.

Ekki er unnt að öðlast skilning á mannréttindahugtakinu og hvað það merkir með því að skoða barnasáttmálann einvörðungu. Rétt er að skoða einnig Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna og velja einnig fyrir sér hvað menn hafa fyrir sér þegar þeir segja að mannréttindi nái yfir menningarleg landamæri sem og landamæri einstakra ríkja.

## **Mannréttindasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna**

### **„Inngangsorð**

*þar sem viðurkenning þess að allir séu jafnbornir til virðingar og óafsalanlegra réttinda er undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum,*

*þar sem mannréttindi hafa verið vanvirt og smánuð hefur það leitt til siðlausra óhæfuverka, sem ofboðið hafa samvisku mannkynsins, og þar sem því hefur verið yfir lýst sem æðsta markmiði mannsins að lifa í heimi þar sem allir fá notið tjáningar- og trúfrelsis, séu óttalausir og þurfi ekki að líða skort,*

*þar sem brýnt er að vernda mannréttindi með lögum svo eigi verði gripið til þess örþrifaráðs að rísa upp gegn harðstjórn og kúgun,*

*þar sem brýnt er að efla vinsamleg samskipti þjóða,*

*þar sem trú á grundvallarmannréttindi, göfgi og gildi mannsins og jafnrétti kvenna og karla hefur verið staðfest í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og þar sem samtökin hafa einsett sér að stuðla að félagslegum framförum og betri líf skjörum við aukið frelsi,*

*þar sem aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa heitið því að efla, sjálf og í samvinnu við samtökin, almenna virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi í orði og verki,*

*þar sem sameiginlegur skilningur á réttindum þessum og frelsi er forsenda þess að slík fyrirheit verði að veruleika,*

*kunngjörir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna mannréttindayfirlýsingu þessa sem sameiginlegt markmið allra þjóða og ríkja með það fyrir augum að sérhver einstaklingur og allar stofnanir samfélagsins hafi yfirlýsinguna ávallt í huga og kappkosti með fræðslu og menntun að stuðla að virðingu fyrir réttindum þessum og frelsi með framsæknum aðgerðum, heima fyrir og á alþjóðavettvangi, svo að tryggja megi um heim allan að ákvæði yfirlýsingarinnar séu viðurkennd og þeim sé framfylgt í raun, bæði meðal þjóða aðildarríkjanna sjálfra og þjóða á yfirráðasvæðum þeirra.*

## **1. grein**

*Allir eru bornir frjálsir og jafnir öðrum að virðingu og réttindum. Allir eru gæddir skynsemi og samvisku, og ber að breyta bróðurlega hverjum við annan.*

## **2. grein**

*Allir eiga kröfu á réttindum þeim og því frelsi, sem fólgin eru í yfirlýsingu þessari, og skal þar engan greinarmun gera vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna. Eigi má heldur gera greinarmun á mönnum fyrir sakir stjórnskipulags lands þeirra eða landsvæðis, þjóðréttarstöðu þess eða lögsögu yfir því, hvort sem landið er sjálfstætt ríki, umráðasvæði, sjálfstjórnarlaust eða á annan hátt háð takmörkunum á fullveldi sínu.*

### **3. grein**

*Allir eiga rétt til lífs, frelsis og mannhelgi.*

### **4. grein**

*Engum skal haldið í þrældómi eða þrælkun. Hvers konar þrældómur og þrælaverslun skulu bönnuð.*

### **5. grein**

*Enginn skal sæta pyndingum, grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.*

### **6. grein**

*Allir eiga rétt á viðurkenningu að lögum, hvar í heimi sem er.*

### **7. grein**

*Allir skulu jafnir fyrir lögnum og eiga rétt á jafnri vernd þeirra, án nokkurrar mismununar. Ber öllum jafn réttur til verndar gegn hvers konar mismunun, sem í bága brýtur við yfirlýsingu þessa, svo og gagnvart hvers konar áeggjan til slíkrar mismununar.*

### **8. grein**

*Hver sá sem sætir meðferð sem brýtur í bága við grundvallarréttindi þau, sem tryggð eru í stjórnarskrá eða lögum, skal eiga rétt á raunhæfu úrræði fyrir lögbærum dómstólum landsins.*

### **9. grein**

*Enginn skal að geðþótta handtekinn, sviptur frelsi eða gerður útlægur.*

### **10. grein**

*Allir skulu jafnir fyrir dómstólum og njóta réttlátrar, opinberrar málsmeðferðar fyrir óháðum og óhlutdrægum dómi, þegar skorið er úr um réttindi þeirra og skyldur eða sök sem þeir eru bornir um refsivert brot.*

### **11. grein**

*1. Hvern þann, sem borinn er sökum fyrir refsivert brot, skal telja saklausan, uns sekt er sönnuð að lögum í opnu réttarhaldi, enda hafi verið tryggð öll nauðsynleg úrræði til að halda uppi vörnum.*

*2. Engan skal telja sekan um refsivert brot, vegna athafnar eða athafnaleysis sem var refsilaust að landslögum eða þjóðarétti, þegar athöfnin eða athafnaleysið átti sér stað. Eigi má heldur dæma neinn til þyngri refsingar en lög þá leyfðu.*

### **12. grein**

*Eigi má að geðþótta raska einkalífi, fjölskyldulífi, heimili eða bréfaskriftum nokkurs einstaklings, né heldur ráðast á æru hans eða mannorð. Ber öllum lagavernd gagnvart slíkum afskiptum eða árásum.*

### **13. grein**

*1. Allir skulu frjálssir ferða sinna og dvalar innan landamæra hvers ríkis.*

*2. Allir skulu eiga rétt til að fara af landi burt, hvort sem er af sínu landi eða öðru, og eiga afturkvæmt til heimalands síns.*

### **14. grein**

*1. Allir eiga rétt til að leita og njóta griðlands erlendis gegn ofsóknum.*

*2. Enginn má þó skírskota til slíkra réttinda, sem lögsóttur er með réttu fyrir ópólitísk afbrot eða háttsemi, er brýtur í bága við markmið og grundvallarreglur Sameinuðu þjóðanna.*

### **15. grein**

*1. Allir hafa rétt til ríkisfangs.*

2. Engan má að geðþótta svipta ríkisfangi eða rétti til þess að skipta um ríkisfang.

### **16. grein**

1. Fulltíða konur og karlar hafa rétt til að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu, án tillits til kynþáttar, þjóðernis eða trúarbragða. Þau skulu njóta jafnréttis við stofnun og slit hjúskapar, svo og í hjónabandinu.

2. Til hjúskapar skal ekki stofnað nema með frjálsum og fullu samþykki hjónaefna.

3. Fjölskyldan er í eðli sínu frumeining samfélagsins og ber samfélagi og ríki að vernda hana.

### **17. grein**

1. Öllum skal heimilt að eiga eignir, einum sér eða í félagi við aðra.

2. Enginn skal að geðþótta sviptur eign sinni.

### **18. grein**

Allir skulu frjálssir hugsana sinna, samvisku og trúar. Felur sá réttur í sér frelsi til að skipta um trú eða sannfæringu og enn fremur frelsi til að rækja trú sína eða sannfæringu einslega eða með öðrum, opinberlega eða í einrúmi, með boðun, breytni, tilbeiðslu og helgihaldi.

### **19. grein**

Allir skulu frjálssir skoðana sinna og að því að láta þær í ljós. Felur sá réttur í sér frelsi til að hafa skoðanir óáreittur og að leita, taka við og miðla upplýsingum og hugmyndum með hverjum hætti sem vera skal og án tillits til landamæra.

### **20. grein**

1. Allir hafa rétt til að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög með öðrum. 2. Engan má skylda til að vera í félagi.

### **21. grein**

1. Allir hafa rétt til að taka þátt í stjórn lands síns, beint eða með því að kjósa til þess fulltrúa í frjálsum kosningum.

2. Allir eiga jafnan rétt til þess að gegna opinberum störfum í landi sínu.
3. Vilji þjóðarinnar skal vera grundvöllur að valdi ríkisstjórnar. Skal hann látinn í ljós með reglubundnum, óháðum og almennum kosningum, enda sé kosningarréttur jafn og leynileg atkvæðagreiðsla viðhöfð eða jafngildi hennar.

## **22. grein**

Allir þjóðfélagsþegnar skulu fyrir atbeina hins opinbera eða á grundvelli alþjóðasamstarfs, og í samræmi við skipulag og bjargráð hvers ríkis, eiga rétt á félagslegu öryggi og þeim efnahagslegu, félagslegu og menningarlegu réttindum, sem eru nauðsynleg til þess að virðing þeirra og þroski fái notið sín.

## **23. grein**

1. Allir eiga rétt til atvinnu að frjálsum vali, til sanngjarnra og hagstæðra vinnuskilyrða og til verndar gegn atvinnuleysi.
2. Allir skulu, án nokkurrar mismununar, eiga rétt á sömu launum fyrir sömu störf.
3. Allir sem vinnu stunda, skulu bera úr bótum sanngjarnt og hagstætt endurgjald, er tryggi þeim og fjölskyldum þeirra mannsæmandi líf skjör. Þeim ber og önnur félagsleg vernd, ef þörf krefur.
4. Allir hafa rétt til að stofna stéttarfélag og ganga í þau til verndar hagsmunum sínum.

## **24. grein**

Allir hafa rétt til hvíldar og tómsunda, og telst þar til hæfileg takmörkun vinnutíma og reglubundið orlof á launum.

## **25. grein**

1. Allir eiga rétt á líf skjörum sem nauðsynleg eru til verndar heilsu og vellíðan þeirra sjálfra og fjölskyldu þeirra. Telst þar til fæði, klæði, húsnæði, læknishjálp og nauðsynleg félagsleg þjónusta, svo og réttur til öryggis vegna atvinnuleysis, veikinda, fötlunar, fyrirvinnumissis, elli eða annars sem skorti veldur og menn geta ekki við gert. 2. Mæðrum og börnum ber sérstök vernd og aðstoð. Öll börn,

*hvort sem þau eru fædd innan eða utan hjónabands, skulu njóta sömu félagslegu verndar.*

## **26. grein**

*1. Allir eiga rétt til menntunar. Skal hún veitt ókeypis, að minnsta kosti á grunnskóla- og undirstöðustigum. Grunnskólamenntun skal vera skylda. Starfsmenntun og sérmenntun skal standa öllum til boða og háskólamenntun vera öllum jafnfrjáls á hæfnisgrundvelli.*

*2. Menntun skal beina í þá átt að þroska persónuleika einstaklinganna og auka virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi. Hún skal miða að því að efla skilning, umburðarlyndi og vináttu meðal allra þjóða, kynþátta og trúarhópa og að styrkja starf Sameinuðu þjóðanna í þágu friðar.*

*3. Foreldrar skulu öðrum fremur ráða hvernar menntunar börn þeirra skuli njóta.*

## **27. grein**

*1. Öllum ber réttur til þess að taka frjálsan þátt í menningarlífi samfélagsins, njóta lista, eiga þátt í framförum á sviði vísinda og verða aðnjótandi ábata er af þeim leiðir. 2. Allir skulu njóta verndar þeirra hagsmuna, í andlegum og efnalegum skilningi, er leiðir af vísindaverki, ritverki eða listaverki, sem þeir eru höfundar að.*

## **28. grein**

*Allir hafa rétt til þess samfélags- og alþjóðaskipulags, er hrindi að fullu í framkvæmd þeim réttindum og því frelsi sem í yfirlýsingu þessari eru upp talin.*

## **29. grein**

*1. Allir hafa skyldur við samfélagið, enda getur það eitt tryggt fullan og frjálsan persónuþroska einstaklingsins.*

*2. Við beitingu réttinda sinna og frelsis, skulu allir háðir þeim takmörkunum einum sem settar eru með lögum í því skyni að tryggja viðurkenningu á og virðingu fyrir réttindum og frelsi annarra og til þess að fullnægja réttlátum kröfum um siðgæði, almannareglu og velferð almennings í lýðfrjálsu þjóðfélagi.*

3. Réttindum þessum og frelsi má aldrei beita þannig, að í bága fari við markmið og grundvallarreglur Sameinuðu þjóðanna.

### 30. grein

*Ekkert í yfirlýsingu þessari má túlka á þann veg að nokkru ríki, hópi eða einstaklingi sé heimilt að aðhafast nokkuð það er stefni að því að gera að engu einhver þau réttindi eða frelsi sem hér hafa verið upp talin.“*

(Mannréttindaskrifstofa Íslands og Utanríkisráðuneytið, 2008)

Það er bæði gömul saga og ný að það að vera aðili að sáttmálum um mannréttindi er ekki trygging fyrir því að ríki fari eftir sáttmálanum. Ísland hefur til dæmis átt í verulegum erfiðleikum með að uppfylla ákvæði í barnasáttmálanum að ekki skuli hýsa afbrotamenn undir 18 ára aldri með eldri föngum. Þarna hafa íslensk stjórnvöld forgangsraðað fjármunum réttindum barna í óhag.

Ástæður þess að stjórnvöld brjóta á réttindum fólks geta verið mismunandi, stundum er því borið við að það skorti fé, stundum er það gert að einhverskonar hugsjónaástæðum eða ótta (sjá til dæmis búðirnar í Guantanamo sem bandaríkjastjórn rekur) en oftast er ástæðan einfaldlega sú að það hentar stjórnvöldum bara að gera svo.

Ein af afsökunum sem stjórnvöld bera fyrir sig eru einhverskonar menningar og hefðarrök. Ólík lönd eins og Kína og Bandaríkin hafa bæði dauðarefsingu sem fylgt er eftir af harðfylgi (mismunandi eftir fylkjum í Bandaríkjunum reyndar). Bandarísk stjórnvöld hafa vísað til þess að þeir trúir því að alvarlegum glæpum þurfi að fylgja strangar refsingar og vísa þá í hefðir þar í landi. Kínversk stjórnvöld hafa gert slíkt hið sama og tala gjarnan um sérstöðu kínverskrar menningar í því sambandi. Í raun er frekar auðvelt að svara slíkum rökum, bæði Bandarísk og Kínversk menning er uppfyll af andstæðum og það er auðvelt að finna bæði rök með og á móti innan beggja menningarheima. Eftir stendur að stjórnvöld gera það sem þau telja sig komast upp með í samræmi við þær stjórnsýsluhefðir sem ríkja á staðnum.

Allir þeir sem koma að starfi með fólki, að ekki sé minnst á þá sem starfa með viðkvæmum hópum eins og innflytjendum og flóttamönnum þurfa að hafa réttindi fólks í huga og gæta þeirra. Hafa ber í huga að túlkar eru ekki



hefðbundnir starfsmenn í þessum skilningi og hlutverk þeirra er sértækt (sjá umfjöllum um túlka sem talsmenn skjólstæðinga fyrr í þessu riti).

### **Tilkynningaskylda fullorðinna**

Gamalt máltæki sem er að finna víða um heim í ýmsum útgáfum hljómar eitthvað á þessa leið: „það þarf heilt þorp til að ala upp barn“. Ein túlkun þess og kannski sú augljósasta er sú að velferð barna sé ekki einungis á hendi foreldra þess heldur samfélagsins alls.

Margt í barnalögum á Íslandi er í takt við þessa hugmynd, lögin ætlast til þess að yfirvöld grípi inn í þegar vanhöld eru á börnum. Með vanhöldum er átt við vanrækslu af hvaða tagi sem er auk ofbeldis, bæði andlegs og líkamlegs.

Til þess að yfirvöld geti brugðist við þurfa þau að vita hvað er í gangi. Þess vegna er sú skylda lögð á fólk, bæði almenning og fagmenn að tilkynnt sé um þessi mál þegar fólk verður vart við að misbrestur sé í umönnun barns. Almennigur getur hringt inn og krafist nafnleyndar við tilkynninguna. Fagfólk, s.s. kennarar, sálfræðingar og læknar geta slíkt ekki.

Ekki er beinlínis kveðið á um það í lögnum að túlki ber *fagleg skylda* til þess að tilkynna vanhöld barns (þeir myndu eftir sem áður falla undir almenna tilkynningaskyldu) (Neyðarlínan OHF, án dags.), þannig að þeir gætu trúlega krafist nafnleyndar. Slíkt gæti efalaust komið sér vel samanber umræðuna fyrr í þessu riti um þá erfiðu stöðu sem túlkar geta verið í þegar þeir túlka í litlum samfélögum.

Neyðarlínan tekur við símtölum af þessu tagi frá almenningi og fylgir þar verklagsreglum sem settar hafa verið af barnaverndaryfirvöldum. (Neyðarlínan OHF, án dags.).

### **Umboðsmaður barna**

Nokkurs misskilnings hefur gætt í umræðu manna á milli um embætti umboðsmanns barna, hlutverks þess og tilgang. Umboðsmaður barna er ekki úrskurðaraðli í deilum milli fólks heldur er embættinu ætlað að sinna stefnumótandi hlutverki í samfélaginu með hagsmuni barna að leiðarljósi. Á heimasíðu embættisins stendur:

„Í 3. gr. laganna er að finna almenna skilgreiningu á hlutverki umboðsmanns þar sem fram kemur að honum er ætlað að vekja athygli á réttinda- og hagsmunamálum barna almennt, jafnt á opinberum vettvangi sem og hjá einkaaðilum. Honum ber að vinna að því að tekið sé tillit til hagsmuna barna við lagasetningu, ákvarðanatöku og skipulagningu í þjóðfélaginu.“ (Umboðsmaður barna, án dags.)

og síðar:

„Í 2. mgr. 3. gr. laganna er að finna upptalningu á mikilvægustu verkefnum umboðsmanns barna. Þar kemur m.a. fram að honum er ætlað að hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu um málefni barna en með hliðsjón af hinu almenna hlutverki sínu, þ.e. að tryggja bættan hag barna almennt, metur umboðsmaður sjálfur hvort og þá hvaða mál hann tekur til umræðu hverju sinni. Þá er umboðsmanni barna ætlað að koma með tillögur til úrbóta á réttarreglum og fyrirmælum stjórnvalda, er varða börn sérstaklega. Telja verður að í þessu felist einnig heimild til að koma með tillögur til úrbóta ef framkvæmd þessara reglna og fyrirmæla af hálfu stjórnvalda fer að hans mati í bága við hagsmunum, réttindi eða þarfir barna. Umboðsmanni barna er ætlað að stuðla að því að virtir séu þeir þjóðréttarsamningar sem snerta réttindi og velferð barna og Ísland er aðili að.

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna er öllum heimilt að leita til embættisins með erindi sín en í 4. gr. laganna er mælt fyrir um skyldu umboðsmanns til að leiðbeina þeim er til embættisins leita um leiðir sem færar eru innan stjórnslu og hjá dómstólum. Hefur verið kappkostað frá upphafi að veita börnum greiðan aðgang að embættinu.

Þrátt fyrir að öllum sé heimilt að leita til embættisins er umboðsmanni barna ekki ætlað að taka til meðferðar ágreining milli einstaklinga, t.d. milli barna og foreldra, forsjáraðila og stofnana eða hafa afskipti af málefnum einstakra barna sem eru nú þegar til meðferðar hjá öðrum stjórnvöldum og stofnunum, t.d. barnaverndarmál, lögreglumál, umgengnis- eða forsjármál. Stór hluti þeirra erinda sem berast embættinu varða þó einstaklingsmál og eru því ekki tekin til meðferðar sem slík. Kappkostað er að veita þeim sem leita til skrifstofunnar með sín mál greinargóðar upplýsingar, leiðbeiningar og ráð.“ (Umboðsmaður barna, án dags.)

### **Forsjá barna**

„Skipan forsjár er ákveðin í barnalögum þar sem tiltekið er hverjir skuli fara með

*forsjá barns við hinar ýmsu aðstæður. Meginreglan er sú að foreldrar í hjónabandi eða í skráðri sambúð fari sameiginlega með forsjá barns síns. Sé móðir barns hvorki í hjúskap né skráðri sambúð fer hún ein með forsjá þess nema hún semji um annað við barnsföður sinn. Ef foreldri, sem er ekki í hjúskap fer eitt með forsjá barns síns, gengur í hjúskap með öðrum en hinu foreldrinu, þá geta foreldri og stjúpfareldri samið um að forsjá barns verði sameiginleg. Hið sama á við ef foreldri hefur tekið upp sambúð með öðrum en hinu foreldrinu, enda hafi skráð sambúð í þjóðskrá staðið samfleytt í eitt ár. Þetta á aðeins við ef foreldrarnir fara ekki saman með forsjá barnsins. Ákvæði barnalaga nr. 76/2003 um framangreint eru í V. kafla laganna.*

### **Forsjá við skilnað eða sambúðarslit foreldra**

*Meginreglan við skilnað eða sambúðarslit foreldra er sú að þeir fari áfram sameiginlega með forsjá barns síns. Þessi regla var sett í barnalög þegar þeim var breytt árið 2006 en áður var sameiginleg forsjá valkostur sem foreldrar gátu samið um en meginreglan var sú að forsjáin væri hjá öðru foreldrinu. Reyndin hefur verið sú að æ fleiri foreldrar ákveða að fara saman með forsjá barns síns eftir skilnað og var því talið tímabært að gera þá skipan að meginreglu. Samkvæmt upplýsingum **Hagstofu Íslands** kusu foreldrar um 85% barna sameiginlega forsjá við lögskilnað árið 2009. Sameiginleg forsjá er einnig algengust eftir sambúðarslit en árið 2009 var sameiginleg forsjá valin í um 92,4% tilvika. „ (Umboðsmaður barna, án dags.)*

### **Að fara með barn úr landi**

Af og til kemur það fyrir að forsjárfareldri ákveði að flytja með barn úr landi eða ferðast erlendis og hafa barnið með í för. Í slíkum tilfellum á það foreldri sem ekki fer með forræði eða fer ekki með í ferðina ríkan rétt. Í barnalögum frá árinu 2003 er að finna eftirfarandi ákvæði:

*„Í 51. gr. barnalaga er kveðið á um það að þegar annað foreldra á umgengnisrétt við barn samkvæmt samningi, úrskurði, dómi eða dómsátt ber hvoru foreldri að tilkynna hinu með minnst sex vikna fyrirvara ef foreldri hyggst flytja lögheimili sitt og/eða barnsins hvort sem er innan lands eða utan. Ef foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns er öðru foreldrinu óheimilt að fara með barnið úr landi án samþykkis hins, sbr. 28. gr. a.*

Í 51. gr. a barnalaga er fjallað um ágreining um utanlandsferðir barna. Þar segir að ef foreldrar sem fara sameiginlega með forsjá barns greinir á um utanlandsferð barns úrskurðar sýslumaður, að kröfu foreldris, um rétt til að fara í ferðalag með barn úr landi. Við mat á úrlausn máls skal sýslumaður m.a. horfa til tilgangs ferðar, tímalengdar og áhrifa á umgengni. „ (Umboðsmaður barna, án dags.)

## Sjálfræði barna

Samkvæmt íslenskum lögum mynda fjárræði og sjálfræði saman svokallað lögræði. Lögráða einstaklingur ræður sjálfur fé sínu og eigin málum; er með öðrum orðum laus undan foreldravaldi og ákvæðum barnalaga (Haraldsson, 2001).

Einstaklingar verða lögráða 18 ára. Það merkir eins og fjallað hefur verið um í kaflanum um framhaldsskólann að viðkomandi ræður sjálfur yfir eigin upplýsingum. Þess vegna ber túlki að virða trúnað við viðkomandi, einnig gagnvart fjölskyldumeðlimum sem fram að 18 ára aldri hefðu átt rétt á að fá upplýsingar um viðkomandi.

## Félagsþjónustan

Félagleg aðstoð er á hendi sveitarfélaga á Íslandi, en velferðarráðuneytið fer með eftirlit og umsýslu með málaflokknum í heild sinni. Með félagslegri þjónustu er átt við:

*„þjónustu, aðstoð og ráðgjöf við einstaklinga og fjölskyldur þar sem sérstök áhersla er lögð á málefni barna, ungmenna, fatlaðra og aldraðra. Þjónusta í heimahúsum og nærumhverfi einstaklinga og fjölskyldna er lykilorð og ber sveitarfélaginu meðal annars að beita úrræðum eins og félagslegri ráðgjöf, félagslegri heimaþjónustu og stuðningi vegna húsnæðis-, vímuefna- og fjárhagsvanda, sbr. meginmarkmið laganna í 1. grein laganna. Félagþjónustunni ber að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar. Sveitarfélaginu ber að setja sér reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar.“ (Velferðarráðuneytið, 2014)*

Á vef fjölmeningarseturs er að finna eftirfarandi upplýsingar:

„Sveitarfélögum er skylt að veita íbúum sínum aðstoð svo að þeir lendi ekki í þeirri aðstöðu að geta ekki ráðið fram úr sínum málum. Félagsmálanefndir eða félagsmálaráð sveitarfélaganna fara með framkvæmd félagsþjónustunnar og ber þeim einnig að bjóða upp á félagslega ráðgjöf.

Einstaklingar ættu að byrja á því að leita til síns sveitarfélags ef þeir lenda í vandræðum og sækja um þangað áður en þeir leita annað. Ef umsókn er synjað má kæra niðurstöðuna til úrskurðarnefndar félagsþjónustu innan fjögurra vikna frá því niðurstaða var kynnt.

Þeir sem ekki eiga rétt á fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélaginu geta leitað til annarra aðila eða félagasamtaka (sjá lista hér að neðan).

Íbúi sveitarfélags er hver sá sem á lögheimili í sveitarfélaginu og skiptir þá engu hvort viðkomandi er íslenskur eða erlendur ríkisborgari. Erlendir ríkisborgarar hafa því sömu réttindi og íslenskir ríkisborgarar til félagsþjónustu (svo lengi sem þeir eiga lögheimili í sveitarfélaginu). Hver sá sem dvelst eða ætlar að dvelja á Íslandi í sex mánuði eða lengur skal eiga hér lögheimili.

Erlendir ríkisborgarar sem lenda í fjárhags- eða félagslegum erfiðleikum og eru ekki með lögheimili á Íslandi geta einnig leitað til viðkomandi [sendiráðs eða ræðismanns](#).

Hafa ber í huga að fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi getur haft áhrif á umsókn um framlengingu dvalarleyfis, umsókn búsetuleyfis og ríkisborgararéttar. „ (Fjölmeningarsetur, 2015)

## Ýmsar stofnanir

Eftirfarandi upplýsingar eru teknar af vef útlendingastofnunar: [www.utl.is](http://www.utl.is) .

### Útlendingastofnun

Útlendingastofnun er ein af undirstofnunum Innanríkisráðuneytisins og starfar samkvæmt [lögum nr. 96/2002 um útlendinga](#), [reglugerð um útlendinga nr. 53/2003](#) og [reglugerð um vegabréfsáritanir nr. 1160/2010](#). Útlendingalöggjöfin

gildir um heimild útlendinga til að koma til landsins og dvelja hér á landi, en útlendingur telst hver sá sem ekki er íslenskur ríkisborgari samkvæmt lögum um íslenskan ríkisborgararétt.

Umfangsmesti þátturinn í starfsemi Útlendingastofnunar er útgáfa dvalarleyfa. Útlendingastofnun afgreiðir allar umsóknir um dvalarleyfi, hvort sem um er að ræða dvalarleyfi á grundvelli atvinnuþátttöku eða t.d. fjölskyldusameiningar, námsvistar eða vistráðningar, áritanir og umsóknir hælisleitenda. Þar fyrir utan sinnir Útlendingastofnun margvíslegum verkefnum á sviði útlendingamála og á þar af leiðandi mikið og gott samstarf við stofnanir á hinum ýmsu sviðum.

### **Innanríkisráðuneyti**

Ráðherra fer með yfirstjórn útlendingamála. Ráðuneytið setur þær reglur er Útlendingastofnun starfar eftir og gilda um heimild útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér á landi. Ákvarðanir Útlendingastofnunar eru einnig kærnanlegar til innanríkisráðuneytisins.

### **Fjölmeningarsetur**

Fjölmeningarsetur hefur það hlutverk að greiða fyrir samskiptum fólks af ólíkum uppruna og efla þjónustu við innflytjendur sem búsettir eru á Íslandi. Þar er starfræktur upplýsingasími á pólsku, serbnesku/króatísku, taílensku, spænsku, litháísku og rússnesku. Svarað er í upplýsingasímann á viðkomandi tungumáli og samskipti eru bundin trúnaði. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir í tölvupósti.

Fjölmeningarsetur er staðsett á Ísafirði en þjónustar allt landið. Á heimasíðunni má finna mikið af hagnýtum upplýsingum ásamt orðskýringum á 8 tungumálum; [www.mcc.is](http://www.mcc.is).

### **Ríkislögreglustjóri**

Alþjóðadeild ríkislögreglustjóra samræmir störf lögreglunnar í landinu við eftirlit með útlendingum og landamæragæslu. Alþjóðadeildin kemur með ýmsum hætti að málefnum hælisleitenda og útlendinga sem koma ólöglega til landsins. Hún rannsakar feril þeirra og reynir að bera kennsl á útlendinga með margs konar samskiptum við erlend yfirvöld og stofnanir. Alþjóðadeildin sér einnig um undirbúning og framkvæmd brottvísunar útlendinga af landinu.

## **Lögreglan**

Lögreglan kemur að útlendingamálum á ýmsan hátt, bæði að hælismálum og útlendingamálum almennt. Eitt hlutverk lögreglunnar í útlendingamálum er að hafa eftirlit með því hvort útlendingar séu í lögmætri dvöl hér á landi. Hún hefur eftirlit með því að útlendingar séu með dvalarleyfi, og einnig atvinnuleyfi þegar það á við. Einnig sér lögreglan um landamæragæslu, skýrslutökur af hælisleitendum og frávísanir útlendinga.

## **Vinnumálastofnun**

Vinnumálastofnun hefur með höndum veitingu atvinnuleyfa fyrir útlendinga. Starfandi er samráðsnefnd Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar og er slík samvinna afar mikilvæg, þar sem Útlendingastofnun gefur út dvalarleyfi samkvæmt lögum um útlendinga og Vinnumálastofnun atvinnuleyfi samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Útlendingur getur ekki fengið útgefið atvinnuleyfi nema fyrir liggja dvalarleyfi frá Útlendingastofnun. Það leiðir af hlutarins eðli að þessi starfsemi er nátengd og því verður að telja mikilvægt að stofnanirnar eigi skipulagt og gott samstarf.

## **Utanríkisráðuneytið**

Tvö íslenskt sendiráð veita vegabréfsáritannir, þ.e. sendiráðið í Peking (Beijing) og sendiráðið í Moskvu. Utanríkisráðuneytið semur um fyrirsvar fyrir Íslands hönd vegna afgreiðslu vegabréfsáritana

## **Rauði krossinn**

Rauði krossinn kemur að málefnum útlendinga með ýmsum hætti og sinnir m.a. málsvarahlutverki og réttindagæslu fyrir hælisleitendur. Einnig veitir Rauði krossinn þeim útlendingum er á þurfa að halda, aðstoð við að nálgast upplýsingar um rétt sinn og skyldur í íslensku þjóðfélagi, og þar með talið í samskiptum við Útlendingastofnun.

## **Mannréttindaskrifstofa Íslands**

Texti þessi er tekinn af vef Mannréttindaskrifstofu Íslands:

[www.humanrights.is](http://www.humanrights.is) .

Mannréttindaskrifstofa Íslands var stofnuð í Almannagjá á Þingvöllum hinn 17. júní 1994, á fimmtíu ára afmæli íslenska lýðveldisins. Skrifstofan er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum og fræðslu og efla umræðu um mannréttindi á Íslandi. Skrifstofan gegnir einnig ákveðnu eftirlitshlutverki en hún veitir umsagnir um lagafrumvörp og skilar skýrslum til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Skrifstofan kemur fram fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi (Mannréttindaskrifstofa Íslands, 2015).

Mannréttindaskrifstofan vinnur að því að gera upplýsingar um mannréttindi aðgengileg til almennings með því að skipuleggja ráðstefnur og námskeið um mannréttindamál og með því að hafa almenna fræðslu um mannréttindi. Skrifstofan vill enn fremur efla lagabreytingar og rannsóknir á sviði mannréttinda og hefur komið upp sérstöku mannréttinda bókasafni. Skrifstofan vinnur umsagnir um lagafrumvörp sem lögð eru fram á Alþingi og gefur álit á mannréttindamálum til stjórnvalda sé þess óskað. Skrifstofan vinnur enn fremur svokallaðar skuggaskýrslur um stöðu mannréttindamála hér á landi til alþjóðlegra mannréttindastofnana.

Samkvæmt samningi við velferðarráðuneytið sér Mannréttindaskrifstofa Íslands um lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur. Ráðgjöfin er í húsnæði skrifstofunnar að Túngötu 14 og er opin á þriðjudögum frá 14-20 og á föstudögum frá 9-15. Rétt er að taka fram að aðeins er um ráðgjöf að ræða og skjólstæðingum er ekki vísað áfram til einstakra lögmanna eða lögmannsstofa þar sem einhver ráðgjafa hefur hagsmuna að gæta. Þó er heimilt að veita upplýsingar um hvaða lögmenn sérhæfa sig á tilteknum réttarsviðum. Þanta má tíma hjá skrifstofunni í síma 5522720 eða á [info@humanrights.is](mailto:info@humanrights.is). (Mannréttindaskrifstofa Íslands, 2015)

## Hluti 4, samfélagstúlkun í réttarkerfinu

### Viðhorf til réttarkerfisins víða um veröld

Ekkert samfélag finnst í víðri veröld sem hefur ekki einhverskonar reglur, annað hvort skrifaðar, óskrifaðar eða þá hvoru tveggja sem veita fólki aðhald varðandi



hegðun, bæði í daglegu lífi sem óvenjulegum aðstæðum. Í kringum þessar reglur fyrirfinnast ýmiskonar aðferðir, formlegar og óformlegar sem hjálpa fólki að leysa deilumál eða refsar einstaklingum sem hafa brotið reglur samfélagsins.

Því flóknari sem samfélagið er, því flóknari verða þessi viðfangsefni og nú er svo komið að það þarf sérfræðinga til þess að feta sig innan þeirra kerfa samfélagsins sem koma lögnum á framfæri, túlka þau og sjá til þess að þeim sé fylgt. Það er ekki svo auðvelt fyrir venjulegt fólk sem er svo óheppið að eiga sitt undir afgreiðslu réttarkerfisins að skilja það sem fram fer, tungutak lögfræðinnar og lögfræðilegar röksemdafærslur. Afleiðing alls þessa er að fólk ber almennt séð lítið traust til réttarkerfisins og gagnrýnir það mikið (Mikkelson, 2000).

Lögfræðingar eru víða um heim álitnir ganga annarlegra erinda eins sést best á þeim fjölmörgu niðrandi viðurnefnum sem lögmannastéttin má þola á hinum ýmsu tungumálum eins og sjá má á listanum hér á eftir:

Enska: *Shyster, pettifogger, ambulance chaser, mouthpiece og shark.*

Spænska: *Buscapleitos, leguleyo, picapleitos, rábula, tinterillo, abogado og firmón.*

Franska: *avocassier, chicaneur, avocat marron* og svo framvegis (Mikkelson, 2000).

Og ef menn skyldu halda að það sé sérstaklega vestrænt fyrirbæri að bera lítið traust til lögmannna og efast um heilindi þeirra þá þurfa menn ekki nema að líta til Kína og Japan til að sannfærast um hið gagnstæða. Í Kína er það viðhorf landlægt að lögfræðingar séu vandræðagemlingar og jafnvel svikulir (Leng & Chiu, 1985).

Hefðbundin viðhorf Japana ganga jafnvel enn lengra:

*„Practicing attorneys were looked upon as intruders, meddling uninvited in disputes which otherwise could have been resolved in the traditional spirit of „harmony“. Even in criminal cases. A practicing attorney was viewed not as an agent charged with the grave responsibility of protecting the civil rights of the accused but as an apologist begging for mercy, or even worse, as a schemer bent on thwarting the law“ (Tanaka, 1976, p. 265).*

Ein af ástæðum fyrir þessum viðhorfum er vafalaust sú að fólk kemst oftast í kast við réttarkerfið þegar það er ásakað um glæpi, er fórnarlamb glæps eða stendur í deilum sem ekki hefur leyst úr með öðrum hætti en fyrir dómi.

Önnur ástæða fyrir þessum viðhorfum gæti verið það orðspor sem gjarnan fer af lögmönnum um að þeir þvæli mál. Réttarkerfi flestra landa er sprottið upp úr aldagömlum hefðum sem mótast hafa af trú og stjórnámálum viðkomandi lands og í sumum tilfellum þess nýlenduveldis sem landið tilheyrði. Tungutak lögfræðinnar er því undirorpið allskyns fáséðum frösum, orðtökum og lögskýringar flóknar og akademískar í eðli sínu.

Lagabætur víða um heim hafa þess vegna tekið á tungutaki lögfræðinnar samanber „plain English“ hreyfinguna í Bandaríkjunum og Bretlandi sem gekk út á að gera lagatexta þannig úr garði að venjulegt fólk ætti þess kost að skilja þá. Það sama má segja um ýmis Asíuríki, í Kína til dæmis, á tímum menningarbyltingarinnar voru gefnar út tilskipanir þess efnis að lagatextar skyldu ritaðir á læsilegum og aðgengilegum texta (Ladany, 1992).

Þrátt fyrir þetta reynist mörgum leikmanninum erfitt að skilja hvað fram fer þegar hann þarf að eiga samskipti við réttarkerfið, hvað þá þegar viðkomandi deilir ekki þeirri menningu sem fyrir er á svæðinu né talar tungumálið almennilega. Í þessum kringumstæðum þarf túlkurinn ekki einungis að brúa hið merkingarlega bil sem er á milli framandi menningar og tungumáls heldur einnig bilið milli mismunandi réttarkerfa landanna. Af þessari ástæðu eru túlkar sem túlka innan réttarkerfisins hvattir til að kynna sér mismunandi réttarkerfi og hefðir innan þeirra.

Þótt hvert og eitt land hefur sínar eigin hefðir og venjur innan síns réttarkerfis þá eiga réttarkerfi í mismunandi löndum samt sem áður eitt og annað sameiginlegt. Í fyrsta lagi má greina þau niður í annars vegar Rómarlög / borgaraleg lög (civil law) og hins vegar sameiginleg lög (common law). Hér á eftir verður fjallað lítillega um þessa tvo flokka, en einnig um aðra áhrifapætti sem geta haft áhrif á mismunandi réttarkerfi.

### **Rómarlög (civil law)**

Eins og nafnið gefur sterklega til kynna má rekja hefð hinna borgaralegu laga aftur lagabálksins „corpus juris civilis“ hins Rómverska heimsveldis.

Lagabálkurinn var fyrst birtur um 450 fyrir krist. Rómarlög voru í gildi hvarvetna í hinu Rómverska heimsveldi og þar af leiðandi breiddist grundvallarhugsun Rómverskra laga úr í Evrópu, Mið-Austurlönd og Norður- Afríku.

Síðar meir þegar Evrópuveldin fóru að breiða út heimsveldi sín víða um heim fluttist hefð hinna Rómversku laga út um heiminn, til afgangins af Afríku, Asíu og Ameríku, þar sem Evrópuveldin settu á stofn réttarkerfi og aðrar stofnanir sem lifðu áfram eftir að nýlendurnar voru orðnar sjálfstæðar.

Til viðbótar við þetta er rétt að nefna að alþjóðlegir sáttmálar eins og Þjóðabandalagið (hinn sálugi forveri Sameinuðu Þjóðanna), Sameinuðu Þjóðirnar sjálfar, Evrópubandalagið og fleiri sáttmálar eru einnig gerðir undir áhrifum Rómarlaga.

Fall Rómar markaði ekki endalok Rómverskra laga í Evrópu. Á meðan á miðöldum stóð breiddust Rómarlög út meðal hinna Germönsku þjóðflokka sem höfðu skömmu áður lagt Róm sjálfa í rúst. Germanarnir bættu sínum eigin lagahefðum við hina Rómversku og áhrifa af kristinni trú gætti einnig.

Síðan skall Endurreisnin á og í kjölfarið Upplýsingastefnan sem gætti 1685-1815 (History.com Staff, 2009). Á meðan á Upplýsingunni stóð betrubættu fræðimenn þess tíma; heimspekingarnir, þau lögmál sem þeir töldu duga best til framfara, bæði hvað samfélagið varðar og svo réttarkerfið. Lögmálin sem þeir settu fram eru fyrir löngu orðin að almennt viðurkenndum sannindum en voru byltingarkennd á þeim tíma þegar þau voru sett fram.

Lögmálin sem þeir settu fram eru meðal annars af tvennu tagi, annars vegar hugmyndir um **réttarríkið** og hins vegar um **náttúru rétt**.

Hugmyndin um réttarríkið gengur út á að allar reglur og öll lög skuli vera skrifleg og að allir skyldu vera jafnir fyrir lögnum. Þetta verndi einstaklinga og lögaðila fyrir því að vera fórnarlamb duttlunga þess sem fer með völdin í samfélaginu hverju sinni. Hugmyndir þessar voru fyrst settar fram í ritgerðunum „*nullum crime sine lege*“ (enginn glæpur án lagastoðar) og „*nullum poena sine lege*“ (engar refsingar án lagastoðar) sem birtust í bók Cesare Beccaria frá 1764: Af glæpum og refsingum (Mikkelson, 2000). Í kjölfarið fóru ríki sem vildu vera í fararbroddi nýmóðins stjórnarhátta að skrifa niður lög

með miklu skipulegri hætti heldur en áður í samræmi við pólitískar og réttarheimspekilegar hugmyndir þess tíma.

Á sama tíma voru heimspekingar þess tíma, rétt eins og í samtíma okkar, að velta fyrir sér muninum á því sem er löglegt og því sem er siðferðilega rétt. Þeir héldu því fram að til séu reglur um mannlega breytni sem ná til allra, undir öllum kringumstæðum og á öllum tímum. Undirstaða þessara reglna væri eðli okkar sem mannlegar verur. Reglur þessar nefndu þeir náttúrurétt (natural law). Höfundar bæði Frönsku og Bandarísku stjórnarskráanna sem settar voru eftir byltingar í þessum tveim ríkjum byggja að verulegu leyti á hugmyndum um náttúrurétt og sögðu í berum orðum: allar mannlegar verur hafa tiltekin réttindi sem ekki má af þeim taka undir neinum kringumstæðum. Hugmyndir okkar um almenn mannréttindi eru þráðbeint komnar úr þessum hugmyndaheimi (The United Nations General Assembly, 1948).

Upptaka almennra borgaralega laga merkti að það var ekki lengur á ábyrgð fórnarlamba glæpa að elta uppi brotamenn heldur var ríkisvaldinu falin sú ábyrgð að ábyrgjast framgang réttlætisins. Til viðbótar var dómurum nú falið það vald að safna saman sönnunargögnum bæði til sýkna og sektar (slíkir dómarar nefnast oft **rannsóknardómarar** á íslensku, en fyrirfinnast ekki innan íslensks réttarkerfis). Til að byrja með var hvíldi leynd yfir slíkri söfnun sönnunargagna og jafnvel ferlinu öllu, en síðar, eftir að ljóst var að fyrirkomulagið bauð upp á misbeitingu valds var leyndinni að mestu aflétt og sakborningar / réttindagæslumenn sakborninga tóku að taka meiri þátt í ferlinu, meðal annars með andmælarétti. Þrátt fyrir þetta eru dómarar mjög miðlægir í öllum réttarkerfum sem byggja á rómarlögum enn þann dag í dag.

Miklar umbætur á lagabálkum voru framkvæmdar í Frakklandi 1804 og í Þýskalandi 1896 og áttu eftir að hafa mjög mikil áhrif á löggjöf nánast um allan heim. Umbætur þessar voru mjög í anda Rómarlaga. Franska löggjöfin var skrifuð á einföldu máli sem almúgi manna átti að geta skilið. Þýska löggjöfin var óhemju flókin og einungis á valdi sérfræðinga að lesa sig í gengum hana, en báðar áttu það sameiginlegt að vera frjálsslyndar, þ.e. í báðum tilfellum var lögð áhersla á fjölskylduna, sjálfsákvörðunarrétt einstaklinga, frelsi til að gera samninga og eignarrétt (Glendon, Gordon, & Carozza, 1999).

Réttarkerfi sem í dag eru kennd við Rómarlög einkennast því af því að öll lög og reglur eru skrifaðar niður og þau innihalda skýrt afmörkuð ferli sem leiða til fyrirsjáanlegrar niðurstöðu. Innan þessa stranga ramma stjórna dómarnir því sem fram fer, þeir hafa mikil völd varðandi söfnun og túlkun sönnunargagna og túlkun lagana. Dómarnir eru samt sem áður ekki uppspretta laga, nokkuð sem aðskilur hefð Rómarlaga frá hefð **sameiginlegra laga** (Mikkelson, 2000).

### Sameiginleg lög (common law)

Hefð hinna sameiginlegra laga á uppruna sinn í Englandi og er rakin aftur til ársins 1066 þegar Normanar réðust inn í landið sem á þessum tíma var byggt Söxum. Sameiginleg lög byggja á allt annars konar hugsun heldur Rómarlög, þau byggja ekki á niðurnjörvuðum texta og túlkun á honum heldur fyrst og fremst á hefð. Hefðin mótast síðan fyrst og fremst á þeim dómum sem hafa fallið áður í samskonar málum, eða fordæmum.

Lagalegt umhverfi í Englandi á snemmiöldum var mjög sundurlaust. Lögin voru fyrst og fremst staðbundin. Á 12. öld kom Henry II fram með breytingar á lagaumhverfinu sem fólust fyrst og fremst í því að í stað þess að lögin væru staðbundin urðu þau nú sameiginleg öllum þegnum ríkisins, samanber hið enska heiti „common law“.

Vegna þess hversu stórt Breska heimsveldið var á 19. og 20. öld hefur hefð hinna sameiginlegra laga breiðst út um heiminn, í Bandaríkjunum Norður Ameríku, Ástralíu, Nýja Sjálandi, Kanada, Írlandi er hefð hinna sameiginlegra laga ríkjandi í réttarkerfinu og réttarkerfi hinna fyrrverandi nýlenda Breta í Afríku og Asíu hafa einnig mótast af hefðinni af verulegu leyti (Mikkelson, 2000).

Enn þann dag í dag eiga Englendingar sér ekki stjórnarskrá heldur er stjórnskipun landsins byggð á hefð. Önnur lög, sem sett hafa verið af þinginu eru af sjálfsgöðu skrifuð niður, en dómarnir og hvernig þeir hafa dæmt áður eru enn mikilvæg uppspretta lagana.

Vegna þess að innan hefðar hinna sameiginlegra laga gildir lögmálið „stare decisis“ (ákvörðunin stendur) í merkingunni að dómara ber að fylgja ákvörðunum sem aðrir dómarnir hafa tekið í svipuðum málum eru sameiginleg lög stundum nefnd „judge made law“ á enskri tungu (hugtakið er snúið í þýðingu en það merkir einfaldlega að uppruni laganna er hjá dómsvaldinu).

Annað einkenni á hefð hinna sameiginlegu laga er kviðdómurinn. Þar tíðkast að í þeim málum sem fara fyrir dóm úrskurði kviðdómur sem skipaður er almennum borgurum úr um sekt eða sýknu. Til samanburðar úrskurða dómara um sekt og sýknu þar sem stuðst er við hefð Rómarlaga. Skiptar skoðanir eru um hvort fyrirkomulagið fyrir sig, margir benda á að snjallir lögmenn geta fengið kviðdóma á sitt band og eins að almennir borgarar eigi stundum erfitt með að leggja mat á flókna sönnunarbýrði. Aðrir benda hins vegar á að það að notast við kviðdóma færir dómsvaldið nær hinum almenna borgara og verndar almenning þannig fyrir hugsanlegri valdniðslu sérfræðinga.

Nokkur atriði í viðbót eru einkennandi fyrir hefð hinna sameiginlegu laga: Í fyrsta lagi má nefna það að sönnunargögn eru lögð fram í einu lagi: í réttarhöldunum. Í öðru lagi má nefna það að dómari sér og heyrir vitnisburði milliliðalaust í réttarsalnum. Í þriðja lagi eru vitnisburðir fluttir munnlega fyrir framan kviðdóm og dómara og réttarhöld eru opin almenningi. Síðast en ekki síst er eitt af megineinkennum réttarfars í löndum þar sem hefð sameiginlegra laga er sterk að mikil áhersla er lögð á ákærvaldið sem slíkt frekar en að dómara séu að safna saman sönnunargögnum. Þannig takast á fyrir rétti saksóknari og lögmaður þess ásakaða sem hvor um sig reynir að sannfæra kviðdóm og dómara um réttmæti síns málstaðar (Merryman & Clark, 1978).

Réttarkerfi hvers lands fyrir sig tekur þó alltaf mið af menningu hvers lands fyrir sig, trúarbrögðum, heimsmynd, stjórnámálum og réttlætiskennd. Þó að flest ríki hafi í dag einhverja blöndu af Rómarlögum og Sameiginlegum lögum þá eiga mörg menningarsvæði sér sína eigin hefðir. Lítum aðeins nánar á ýmsar lagahefðir víða að:

## Lagahefðir víða um veröld

### Afríka

Víða í Afríku má segja að réttarkerfið hafi mótast að 3 grundvallarþáttum: A. Þeim hefðum sem mótast hafa af þeirri menningu sem fyrir er. B. Trúarlegum þáttum eins og til dæmis Íslam og C. Því réttarkerfi sem fyrrum nýlenduherrar settu á stofn á nýlendutímanum.

Sumar af þjóðunum hafa fléttað þessar hefðir inn í eitt kerfi, en aðrar hafa þróað hliðstæð kerfi, til dæmis eitt fyrir fjölskyldurétt en annað fyrir

hegningarlög. Í nokkrum af síðarnefndu löndunum gerur fólk valið að einhverju leyti undir hvaða kerfi mál þess hlýtur umfjöllun.

Nánast öll afríkulönd hafa víðtæka lagasetningu þar sem fjallað er um viðskipti, fjölskyldumál ásamt hegningarlögum. Fornar hefðir hafa samt enn mikil áhrif, sumstaðar er meiri áhersla lögð á sættir og milligöngu frekar en að sækja mál af hörku og einnig fyrirfinnast hugmyndir um víðtækari ábyrgð í þeirri merkingu að fjölskyldan eða jafnvel ætt einstaklings beri ábyrgð á gjörðum hans.

Einnig er sifjaréttur nokkuð frábrugðin því sem menn eiga að venjast á Vesturlöndum, fjölkvæni er víða viðurkennt og einnig þekkt að ætt manna og stórfjölskylda séu lögaðilar (Adei, 1981).

## **Hindúaismi**

Lagabálgar Hindúaismans eru byggðir á svokölluðu „*dharmasastra*“ lögmáli (eða „vísindum réttlætisins“ í lauslegri þýðingu) sem er samofið innra lífi, fjölskyldu og félagslegu lífi þeirra sem aðhyllast hindúaisma. Þeir sem aðhyllast Hindúaisma fara eftir þessum reglum/lögmálum í sínu persónulega lífi (hjóaband, erfðir og samskipti kynja) sem og í sínu daglega lífi (matarræði og fatnaður).

Þarna er því um víðtækara fyrirbæri að ræða en „einfalda“ dýrkun á guðlegu fyrirbæri, hefð Hindúaismans tekur á félagslegum þáttum, andlegum þáttum og því hvernig fólki beri að haga lífi sínu, þ.e. lögunum. Sterkt einkenni á lagahefð hindúaismans er að lögð er áhersla á að einstaklingurinn er hluti af heild og reynt er að ná sáttum innan þeirra heildar frekar en að reyna að stuðla að því að einn sigri annan í deilum þeirra á milli.

Á Indlandi þar sem 80% íbúa eða þar um bil eru hindúatrúar fjallar hið opinbera réttarkerfi (sem er undir miklum áhrifum af Bresku réttarkerfi) um mál sem varða viðskipti, afbrot og opinbera stjórnsýslu. Hvað fjölskyldurétt varðar virðist sem „hefðbundið réttarkerfi þorpsins“ hafi vinninginn gagnvart hinu opinbera kerfi. Afleiðing þess er að aðaláherslan er á að viðhalda jafnvægi og samstöðu innan þorpsins og fjölskyldanna frekar heldur en að halda uppi lögum sem varða jafnrétti kynja, hvort fólk hafi aldur til að gifta sig, skilnaði og misrétti gagnvart lægri stéttum. Lög sem varða slík mál hafa tilhneigingu til þess að vera hunsuð (Derret, 1963) (Mikkelson, 2000).

## Íslam

Sharia lög Íslam taka til allra þátta samfélags múslima:

*The reformative principles of Islam are concerned with a system of directions for human welfare (seeking justice, good deeds, equality, human rights and brotherhood and aimed at forbidding aggression and providing defence thereto), improving the status of the weaker sex and the weak, upholding the sanctity of private ownership, fulfilling contracts and outlawing deceit, and distinguishing the public and private rights in penal matters (Hassan, 1981).*

Í nútímavæddum samfélögum fylgja trúaðir einstaklingar sannfæringu sinni í persónulegum málum. Það á einnig við þá sem aðhyllast Íslam. Menn láta hinu opinbera réttarkerfi eftir að fylgja efir málum sem varða afbrot, viðskipti og opinbera stjórnsýslu.

Í löndum þar sem múslimar eru í meirihluta leikur Íslam miklu stærra hlutverk í opinberu lífi heldur en á Vesturlöndum. Sharia lögin eru því áhrifamikil í löndum hins Íslamska heims. Pakistan er til dæmis stofnað á trúarlegum grunni og Íran er klerkaveldi.

Sharia lögin eiga samt margt sameiginlegt með Rómarlögum og sameiginlegum lögum hvað varðar eignarrétt manna og frjálsa samninga. Í afbrota og málum sem varða siðferðisbrot er munurinn meiri. Enn er litið á manndráp sem afbrot gagnvart fjölskyldu fórnarlambins og það er þeirra að refsar fyrir slíkt (þetta kemur til dæmis fram við ákvörðun refsingar) og konur eru ekki taldar marktækar sem vitni til jafns við karla (Mikkelson, 2000).

## Gyðingdómur

Gyðingleg lög eru í heiðri höfð meðal gyðinga um allan heim, en einungis hvað varðar persónuleg mál svo sem giftingar, ættrakningu, matarræði og helgidaga. Þó að gyðingleg lög hafi verið við líði í meira en 3000 ár þá er einungis eitt ríki í heimi, Ísrael, þar sem gyðingar eru í meirihluta. Meira segja í Ísrael þá eiga trúarleg lög einungis við í persónulegum málum og þegar fólk fer með sín mál af frjálsum vilja til rabbínaréttar til að fá lausn sinna mála. Rabbínarétturinn er í þessum tilvikum einskonar gerðardómur.

## Lög í sósíalískum ríkjum



Hin sósíalíska lagahefð á uppruna sinn í októberbyltingunni í Rússlandi 1918, og þannig séð er saga hennar ekki mjög löng í samanburði við margar aðrar. Á vissum stöðum í heiminum fyrir lok kalda stríðsins og nokkrum löndum enn þann dag í dag skiptir hefðin þó miklu máli.

Segja má að grunnurinn liggja í rómarlögum, en með mikilvægum undantekningum þó. Undantekningarnar eru fólgnar í því að hugsjónir sósíalísmans eru raungerðar í lögum, þ.e. einkaeign er afnumin og alræði öreigana (kommúnistaflokksins) er tekið upp.

Þær hefðir sem fyrir eru hafa þó einatt haft mikil áhrif á sósíalísk lög, sem dæmi má nefna að í mörgum Asíuríkjum varð grunnur hinna sósíalísku laga ekki Rómarlög heldur lagabálkar byggðir á grunni Konfúsíusarismans jafnvel þótt að leiðtogar þeirra eins og Maó hafi verið mjög tortryggir á lög almennt og kallað þau „vopn einræðissins“ (Ladany, 1992).

Kína er reyndar svolítið sérstætt dæmi vegna þess að ólíkt Sovétríkjunum sem héldu við flestum af sínum lagabálkum og réttarkerfi þá var réttarkerfi Kína nánast rífið niður í frumeindir sínar. Enn í dag hljómar önnur grein hegningarlaga Kína þannig að meginmarkmið laganna sé að vernda hið sósíalíska þjóðfélagskerfi Kína og í öðru lagi að vernda rétt einstaklingsins (Mikkelson, 2000). Sumu hélt Kínverski kommúnistaflokkurinn þó eftir, eins og þeirri reglu að aðalsmenn væru að mestu undanþegnir hegningarlögum nema hvað í þeirra meðförum breyttist aðalsmaður í „mann í innsta hring flokksins“. Í heildina hefur réttarkerfi Kína verið lýst sem:

*„The Chinese variety of a socialist justice system with the blending of both Soviet and indigenous experiences. Western influences are also quite evident“* (Leng & Chiu, 1985).

## **Konfúsíusarismi**

Kenningar Konfúsíusar komu fyrst fram um árið 500 fyrir Krist. Enn í dag njóta þær virðingar um alla Suð Austur og Austur Asíu. Kenningar hans (ef einn einstaklingur er þá ábyrgur fyrir þeim textum sem við hann eru kenndir) fjalla um ýmis svið mannlegrar tilveru og byggja lagalegar hefðir víða í heimshlutanum á kenningunum.

Sumt það sem við tökum sem sjálfstöðum hlut þegar kemur að lögum á uppruna sinn í Konfúsískum lögum, eins og til dæmis ákvæði um vanrækslu, endurtekin brot og að taka tillit til bakgrunns ásakaðs manns við ákvörðun refsingar.

Konfúsíusarismi er að sama marki brenndur og margar aðrar fornar lagahefðir að því marki að fyrst og fremst er leitast við að ná samstöðu milli fólks og jafnvægi í samfélaginu. Samkvæmt Konfúsíusi er besta leiðin til þess að tryggja frið í samfélaginu ekki sú að setja lög um alla skapaða hluti heldur að hvetja fólk til þess að taka ígrundaðar siðrænar ákvarðanir.

Japanska réttarkerfið er að verulegu leyti byggt á hugmyndum Konfúsíusar, en er einnig undir miklum vestrænum áhrifum, frönskum, þýskum og bandarískum. Japönsku réttarkerfi hefur verið lýst sem rómarlagakerfi sem byggir að nokkru leyti á sama fyrirkomulagi fyrirfinnist innan bandaríska réttarkerfisins þegar kemur að hegningarlögum (þetta merkir með öðrum orðum að ákveðnir hlutar japansks réttarkerfis sækja í hefð rómarlaga á meðan aðrir hlutar þess sækja í hefð sameiginlegra laga) (Tanaka, 1976).

Jafnvel þótt að allt regluverk sé til staðar hvað varðar hegningarlagabrot og lögsóknir einkaaðila eru Japanir almennt tregir til að nýta sér slík úrræði heldur kjósa þeir frekar að leysa málin með sáttagerð, enda eru þeir eins og aðrar þjóðir, réttarkerfi þeirra er sambland af innlendum hefðum og stefnum og straumum sem komið hafa erlendis frá.

## Hlutleysi túlksins

Túlkar sem starfa innan réttarkerfisins, og sérstaklega túlkar sem koma að réttarhöldum þurfa að gæta vel að hlutleysi sínu, reyndar má segja að mantran „ég hef ekki myndað mér skoðun á því“ eigi fullkomlega við, og það sem meira er hún þarf að vera sönn. Túlkar sem starfa í réttarsal skulu forðast að öllum mætti að mynda sér skoðun á sekt og sakleysi meðal annars til þess að forðast að láta slíkar vangaveltur hafa áhrif á túlkun sína, meðvitað eða ómeðvitað, enda er það hlutverk réttarins; dómans og kviðdómenda (ekki á Íslandi) að ákveða með sýknu eða sekt sakborninga.

Það eru nokkrir kostir þess að túlkar haldi hlutleysi sínu til hins ýtrasta. Það er til að mynda miklu auðveldara að einbeita sér að því sem túlkastarfið snýst raunverulega um: að koma merkingu til skila og stuða að samskiptum milli aðila þegar hugrenningar um sekt eða sýknu eru fjarri. Í annan stað þá geta lögmenn, sakborningar, dómarmar og aðrir lesið í líkamstáknmál túlka rétt eins allra annara. Ef að túlkur er fyrir sitt leyti búinn að ákveða að sakborningur sé sekur og sýnir það á afgerandi hátt með líkamstáknmáli sínu er það vísasta leiðin til þess að skipt verði um túlk. Túlkar eiga nóg með sitt til þess að hafa áhyggjur af niðurstöðu réttarhalds, það skiptir engu máli hver réði túlkinn hann þarf alltaf að gæta hlutleysis.

### **Ekki dragast inn í málin**

Það að vera hlutlaus getur virkað nánast eins og varnarskjöldur gagnvart því að dragast inn í málin, sem er nokkuð sem túlkar þurfa að forðast eins og heitan eldinn. Túlkar skyldu aldrei hafa nokkur tengsl við mál, eða málsaðila. Ef túlkurinn er tengdur málsaðilum vináttu eða fjölskylduböndum skal hann segja sig frá málinu.

Það er á ábyrgð túlksins að láta ekki draga sig inn í málið. Þegar hefur verið talað um hlutleysi sem vörn gegn því að láta draga sig inn í mál á þeim forsendum að túlkurinn hafi samúð með málstað eins eða annars. Það að láta ekki draga sig inn í málið þýðir líka að maður hjálpar ekki aðilum; það er ekki hlutverk túlksins að redda hlutum (Edwards, 1995).

Það kemur mjög oft fyrir að spurningar eru óskýrar, svo óskýrar að vitni eða sakborningur getur ekki svarað þeim eða kys að svara þeim ekki. Það er ekki hlutverk túlksins að skýra út fyrir viðkomandi við hvað lögmaðurinn / lögreglumaðurinn átti. Það er heldur ekki hlutverk túlksins að skýra út fyrir

þeim sem spyr með hvaða hætti hann á að setja spurningu sína fram þannig að sakborningur eða vitni skilji spurninguna. Lögmenn og lögreglumenn verða að finna út úr slíku sjálfir.

Stundum spyrja lögmenn viljandi villandi eða óskýrra spurninga. Í máli einu, eftir flókna og agressíva spurningu lögmanss greip dómariinn inni áður en túlkurinn náði að þýða spurninguna og sagði:

*„Lögmáður, þessi spurning er svo flókin að túlkurinn kemur ekki til með að skilja hana, vitnið kemur ekki til með að skilja hana og rétturinn ekki heldur“*

(Edwards, 1995, p. 66).

Dæmi eins og það sem lýst er hér að ofan er nokkuð sem rétturinn sjálfur þarf að takast á við. Túlkurinn þarf vegna hlutleysis síns að gæta sín á því að hjálpa ekki til undir slíkum kringumstæðum. Það er aldrei við hæfi að túlkar taki að sér að vera einhverskonar málsvari skjólstæðings síns þegar um réttartúlkun er að ræða, aðilar máls eiga sér þegar slíka málsvara, þeir eru kallaðir lögmenn.

### **Að ræða við vitni og sakborninga**

Það getur verið vandasamt að ræða við vitni og sakborninga. Fólk vill stundum sannfæra túlkinn að það sé saklaust, eða hafi verið í fullum rétti þegar það gerði eða gerði ekki það sem það er sakað um. Túlkurinn á ekki að temja sér að hafa áhuga á málinu sem slíku, heldur einungis að skilja aðstæðurnar til fulls, til þess að geta túlkað hratt og vel það sem er sagt. Til þess að það sé hægt þarf túlkurinn stundum að ræða stuttlega við vitni áður en til réttarhalda eða yfirheyrslu kemur, bara til þess að átta sig lítillega á því hvernig viðkomandi talar, er hann eða hún með sterkan hreim o.s.frv. Þegar rætt er við sakborninga og vitni áður en formleg túlkun byrjar skal túlkurinn forðast að ræða málið, og spurningin „ertu virkilega sekur?“ (í öllum sínum formum og dulargerfum) er algjörlega óviðeigandi (Edwards, 1995).

Vitni og sakborningar eru oft hrædd, spennt og taugaóstyrk. Þetta hefur áhrif á tal þeirra, fólk talar oft mjög hratt, er óskýrt og samhengislaust í tali. Þessir aðilar eru auðvitað einnig ólíkir innbyrðis eins og gengur og gerist, og þessi atriði eiga einnig við um suma þeirra án þess að stress réttarsalarins og yfirheyrsluherbergisins komi til. Af þessum sökum er gott að hafa rætt aðeins við þann sem á að þýða fyrir áður.

Það getur einnig skapað vandamál fyrir túlkinn að mismunandi aðilar málsins hafa mismunandi hagsmuni að verja. Lögmaður sakbornings hefur ekki sömu sýn á mál og lögregla eða réttargæslumaður þolenda ef slíkt er fyrir hendi. Það er einungis náttúrulegt og eðlilegt að túlkurinn vilji hjálpa til og aðstoða, en túlkar þurfa að standast slíkar freistingar, að öðrum kosti geta lögmenn eða lögreglan litið svo á að túlkurinn sé að skipta sér af málinu. Ekki hjálpa til, þannig gagnast túlkurinn málsaðilum best.

Samfélagstúlkar sem starfa í íslenskum réttarsölum þurfa ekki að hafa áhyggjur af kviðdómi, en í þeim löndum þar sem kviðdómar tíðkast hafa kviðdómarar ströng fyrirmæli um það að tala ekki við aðila máls (um neitt) eða þá sem koma að málinu með öðrum hætti. Þetta á einnig við um túlka.

Tvö atriði í viðbót er vert að nefna. Hið fyrra varðar blaðamenn. Sum af þeim málum sem túlkar starfa við verða blaðamatur. Ekki svara blaðamönnum að neinu leyti nema minna þá á að hlutverk túlks sé ekki að tala við blaðamenn.

Seinna atriðið varðar ráðgjöf. Þannig er að túlkar stunda ekki lagalega ráðgjöf og þeir svara ekki sjálfir spurningum sem eru lagalegs eðlis. Flestir túlkar eru ekki löglærðir og þeir sem eru það, eru ekki í því hlutverki að vera lögmenn viðkomandi heldur túlkur. Þetta þýðir að túlkar eiga ekki að svara spurningum sem fjalla um lagaleg atriði né heldur að gefa viðkomandi ráð. Það er á milli viðkomandi aðila og lögmans hans hvað hann gerir og segir. Túlkur getur túlkað á milli aðila, en hann reynir ekki að hafa áhrif á niðurstöðu slíkra samtala (Edwards, 1995).

### **Skilningur aðila á hlutverki túlka**

Lögmenn, hvort heldur saksóknarar eða verjendur ásamt lögreglumönnum hættir til að misskilja hlutverk túlka og umgangast þá sem aðstoðarmenn sína. Þetta er í flestum tilfellum ekki gert viljandi, viðkomandi er „bara“ að biðja túlkinn um smá greiða. Dæmi um þetta er þegar lögreglumaður biður túlkinn að skreppa inn í yfirheyrsluherbergi með myndir og spyrja vitni hvort að hún eða hann þekki einhvern á myndunum.

Túlkur sem samþykkir þetta er farinn út úr hlutverki sínu og orðin rannsakandi í málinu. Þess í stað á túlkurinn að segja eitthvað á þá leið að „því miður get ég ekki orðið við því, það er brot á siðareglum. En ég skal með mikilli ánægju fara

með þér inn í yfirheyrsluherbergið og túlka fyrir þig á meðan þú spyrð að þessu sjálfur“ (Edwards, 1995).

Svona hlutir gerast í hita augnabliksins. Ekki gera smá greiða. Ekki gera stóra greiða. Með því að hafa svona hluti á hreinu sinna túlkar hlutverki sínu best.

## Ferill máls í réttarkerfinu

Eftirfarandi kafli fjallar um þá ferla sem fara í gang innan réttarkerfa víða um veröld, bæði í einkamálum og sakamálum. Áhersla verður lögð á að skýra út hvað gerist innan íslensks réttarkerfis og það sett í samhengi við hina réttarkerfi víða um heim.

Þeir samfélagstúlkar sem starfa innan réttarkerfisins þurfa að kunna skil á því umhverfi sem þeir starfa innan. Ekki til þess að vera neitt að útskýra fyrir skjólstæðingum (sjá umræðu í fyrr í þessum kafla) heldur til þess að vera sjálfir betur í stakk búnir til þess að starfa innan kerfisins og séu tilbúnir til þess að þýða þau hugtök sem um ræðir. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef margir túlkar koma að málinu og fólk þarf að stökkva til á meðan málið er á fullu gasi.

Í kaflanum er farið yfir hvernig bæði einkamál og sakamál eru flutt fyrir rétti og hvernig aðdragandi þess er, auk þess sem hlutverk túlksins er skoðað á hverju stigi fyrir sig, í ljósi mismunandi lagahefða.

En hvaða grundvallarmunur er á einkamáli og sakamáli? Loewy hefur eftirfarandi um það að segja:

*„Almennt séð ganga einkamál út á að finna út að (1) hvort og þá hvernig varnaraðili hefur valdið sóknaraðila skaða og (2) hvort og þá með hvaða hætti varnaraðili getur bætt sóknaraðila skaðann. Sakamál aftur á móti ganga út að (1) hvort og þá með hvaða hætti sakborningur hafi valdið samfélaginu skaða og (2) hvort og þá hvernig beri að refsa honum fyrir það (Loewy, 1987, p. 1).“*

Flestir hafa mjög takmarkaða reynslu af réttarkerfinu, og reyndar hefur það komið í ljós að mest að hugmyndum okkar um það eru ættaðar úr bío myndum og sjónvarpi sem getur leitt til misskilnings. Komið hefur í ljós að mjög margir hafa séð að fólki er kynntur svokallaður „Miranda réttur“ þegar það er handtekið og heldur að það eigi einnig þennan rétt í löndum utan

Bandaríkjanna (Mikkelson, 2000). Til þess að átta sig betur á þessu verður farið yfir ferli bæði sakamála og einkamála víða um heim og á Íslandi.

### **Sakamál – rannsóknarstig**

Undir venjulegum kringumstæðum eru mál tilkynnt til lögreglu eða lögregla verður vör við lögbrot í störfum sínum. Tilkynnendur eru oftast brotþoli (fórnarlamb) eða fjölskylda hans. Í mörgum löndum tíðkast að lögregla megi taka það upp hjá sjálfri sér að rannsaka sum afbrot en önnur verði að tilkynna sérstaklega til þeirra. Þannig er það til dæmis á Íslandi, lögregla tekur það ekki upp hjá sjálfri sér að rannsaka nauðgunarmál til dæmis, en fíkniefnamál rannsakar hún ef hún hefur grun um að fíkniefni séu til staðar.

Hvort heldur sem er safnar lögregla saman gögnum og vitnisburðum og leggur fyrir saksóknara. Saksóknari ákveður síðan hvort rannsaka skuli málið frekar. Þegar búið er að ákveða a rannsaka skuli mál frekar skiptir máli hvort rannsóknin fer fram í landi þar sem stuðst er við Rómarlagahefðin eða hefð sameiginlegra laga (á Íslandi er hefð Rómarlaga við lýði).

Þar sem hefð Rómarlaga er við lýði framkvæmir lögreglan rannsóknina undir yfirumsjón saksóknara eða sérstaks rannsóknardómara. Rannsóknardómarar þessir stýra sumstaðar eigin lögregluliði. Á Íslandi er lögreglan tiltölulega sjálfstæð en þarf samt sem áður að starfa í nánú samstarfi við saksóknara. Rannsóknardómurum og saksóknurum í löndum þar sem þetta skipulag er við lýði ber að kanna og skoða öll sönnunargögn, hvort sem þau benda til sýknu eða sektar grunaðs manns.

Þar sem menn styðjast við hefð sameiginlegra laga sjá saksóknarar algjörlega um yfirstjórn rannsóknarinnar, dómarar koma ekki nærri henni nema til þess að fá úrskurði fyrir húsleitum og fleira því líkt. Saksóknurum er ekki skylt að horfa sérstaklega til sönnunargagna sem benda til sýknu hins grunaða. Þetta er vegna eðlis réttarkerfisins sjálfs sem byggist eins og rakið hefur verið í fyrri kafla á því að tveir aðilar takist á frammi fyrir hlutlausum dómara / kviðdómi.

Þegar nægilega sterk sönnunargögn liggja fyrir að mati saksóknara eða dómars er gefin út handtökuskipun. Á þessu stigi er hinn grunaði ákærður formlega. Hér á landi gerist þetta með sérstakri tilkynningu. Sakborningur hefur í flestum löndum þann rétt að þurfa ekki að tjá sig, að hafa lögmann viðstaddan

yfirheyrslur og að fá sakarefnið uppgefið. Í mörgum löndum má einungis viss tími vera liðinn áður en sakborningur er leiddur fyrir dómara eða honum sleppt. Þannig er það einnig á Íslandi, í stjórnarskránni stendur að einungis sólarhringur (24 tímar) megi líða áður en slíkt er gert. Lögregla hefur um 3 kosti að velja hvað varðar vörslu sakborninga. Þeir geta sleppt viðkomandi eftir að yfirheyrslum er lokið (reyndar er það svo að sú er raunin í flestum tilfellum), þeir geta krafist farbanns yfir aðilum (sem er oft gert þegar um fólk af erlendum uppruna er að ræða) eða þeir geta krafist gæsluvarðhalds yfir viðkomandi. Í síðari tilfellunum tveimur þarf dómaraúrskurð til.

Erlendis tíðkast víða að sakborningur getur gefið upp veð eða tryggingu sem á að hindra að hann hlaupist á brott, og verði þannig látinn laus. Einnig geta aðilar máls, í minniháttar málum, sæst á að viðkomandi sé látinn laus gegn loforði um að hlaupast ekki á brott. Hvorugt tíðkast á Íslandi. Einnig tíðkast víða erlendis að sakborningar séu hafðir í haldi í forvarnarskyni, til þess að þeir spilli ekki sönnunargögnum, losi sig við vitni osfrv. Slík úrræði eru einnig til staðar á Íslandi, hægt er að dæma fólk í gæsluvarðhald til þess að ná fram slíkum markmiðum.

Í sumum málum innan hefðar Rómarlaga tíðkast að líta á þolendur sem sjálfstæða málsaðila og er þeim skipaður sérstakur réttargæslumaður (lögmaður). Þetta tíðkast einnig á Íslandi til dæmis í málum þar sem fjallað eru um meint kynferðisbrot gegn barni.

Sumstaðar tíðkast, þegar mál eru af alvarlegu tagi, að leiða sakborning fyrir sérstakan kviðdóm (grand jury), leggja sönnunargögnin fyrir hann og láta hann ákveða hvort viðkomandi verði formlega ákærður. Á öðrum stöðum tíðkast að láta dómara leggja mat á sönnunargögnin. Hvorugt tíðkast á Íslandi, þar liggur ákærvaldið í höndum ríkissaksóknara sem metur hvort málið sé líklegt til sakfellingar. Minna alvarleg mál fara yfirleitt beint fyrir rétt í þeim löndum þar sem það tíðkast að leggja sönnunargögn fyrir kviðdóm eða dómara.

### **Sakamál - áður en réttarhöld hefjast**

Flestu lönd hafa réttarkerfi sem er lagskipt. Það á einnig við um Ísland, en að mörgu leyti er Íslenska kerfið einfaldara en á mörgum öðrum stöðum. Til að byrja með er fjallað um minniháttar mál fyrir sérstökum rétti. Slíkt nefnist „Court of limited jurisdiction“ eða dómstóll með takmarkað umboð. Sumstaðar



tíðkast einnig að láta slíkan dómstól skera úr um hvort að mál fari áfram til dómstóls með víðtækara umboð.

Þar sem þetta fyrirkomulag er við lýði fjalla dómstólar með víðtækt umboð (Courts of general jurisdiction, crown court, superior court, district court) um alvarlegri mál. Í löndum þar sem stuðst er við hefð Rómarlaga eru dómstólar sem hafa víðtækt umboð gjarnan fjölskipaðir (fleiri en einn dómari) (Mikkelson, 2000).

Á Íslandi tíðkast ekki að vera með dómstóla með takmarkað umboð, fjallað er um öll mál fyrir héraðsdómi, en í stærri málum er hann gjarnan fjölskipaður eins og tíðkast erlendis.

Afbrot eru gjarnan sett í flokka eftir því hversu alvarleg þau teljast. Algeng flokkun er að setja þau í þrjá flokka: 1 flokkur, ekki mjög alvarleg brot (í Bandaríkjunum nefnis þessi flokkur „Infraction“ og í Frakklandi „Contravention“. Til þessa flokks teljast afbrot eins umferðarlagabrot eða smáþjófnaður. 2 flokkur tekur til afbrota eins innbrota og minniháttar líkamsárása og nefnist „Misdemeanor“ í Bandaríkjunum eða „Délit“ í Frakklandi. Flokkur 3 tekur síðan til alvarlegstu afbrotanna, nauðgana, morða og mannrána og nefnist „Felony“ í Bandaríkjunum eða „Crime“ í Frakklandi.

Íslensk hegningarlög flokka afbrot ekki á þennan hátt, heldur er fjallað um þau í mismunandi flokkum eins og til dæmis „brot gegn valdsstjórninni“ eða „auðgunarbrot“.

Þegar sakborningur kemur fyrir rétt er byrjað á því að staðfesta hver hann sé, hver verjandi hans sé, hvaða sökum hann er borinn og mjög oft er farið yfir réttindi hans sem sakbornings.

Í löndum þar sem sameiginleg lög gilda þarf sakborningur að taka afstöðu til sakarefnisins á þessu stigi. Hann getur sagt að hann sé sekur, ekki sekur eða lýst sig „nolo contendre“, þ.e. hann dregur ekki lýsingu saksóknara í efa en vill skýla sér fyrir einkalögsóknum í framtíðinni. Það er rétt að hafa í huga að ekki er hægt að lýsa sig saklausan á þessu stigi vegna þess að dómstóllinn **gerir ráð fyrir því að sakborningur sé saklaus** þar til annað er sannað. Í löndum sem taka mið af hefð Rómarlaga er þessu háttað eð öðrum hætti, þ.e. viðkomandi lýsir

kemur ekki með yfirlýsingu um sekt eða ekki sekt, en hann má gera grein fyrir afstöðu sinni til ákærunnar.

Eftir þessa formlegu ákæru eða fyrirtöku eins og þetta nefnist á Íslensku byrjar tímabil sem í mörgum löndum, sem starfa í hefð Rómarlaga, er álitnið eitt mikilvægasta skrefið í allri vinnu dómstóla.

Í löndum sem notast við sameiginleg lög þá hittast sakborningur, verjandi og saksóknari af og til frammi fyrir dómaranum á þessu stigi, menn leggja fram beiðnir og kröfur fyrir réttinn varðandi sönnunargögn, hvernig menn deila með sér gögnum, frestanir osfrv. Þarna hafa verjandi og skjólstæðingur hans einnig tækifæri á því að semja við saksóknarann (og öfugt) um málalok, að sakborningur lýsi sig sekan gegn því að fá afslátt af refsingu. Ef ekki er samið um slíkt þá fer málið fyrir rétt.

Í Rómarlaga - löndum geta málin verið svolítið flókin á þessu stigi máls. Í Frakklandi er undirbúningurinn fyrir réttarhöldin álitin vera mikilvægasta stig saksóknar í afbrotamálum. Rannsóknardómarinn safnar saman vitnisburðum og efnislegum sönnunargögnum. Málið tekur hann síðan saman og setur í skýrslu (dossier). Rannsókn dómans er leynileg og yfirleitt eru hvorki verjendur né saksóknarar viðstaddir þessar yfirheyrslur. Skýrsla dómans er síðan yfirfarin af sérstakri nefnd (Chambre d'Accusation) til að tryggja hlutleysi og góð vinnubrögð. Í Rómarlaga – löndum sem styðjast ekki við rannsóknardómara eins og Japan, Þýskaland og Ísland þá er undirbúningurinn undir hin eiginlegu réttarhöld opnari, verjendur og saksóknarar hafa meiri aðgang að bæði ferlinu sjálfu og svo þeim sönnunargögnum sem verið er að safna á báða bóga. Þrátt fyrir að það sé ekki samið um útkomu mála eins og tíðkast innan sameiginlegra laga þá er eigi að síðar til staðar ferli sem nefnist „consensual disposal“ og felst í því að aðilar ná saman um að hraða ferlinu. Þetta ferli er ekki til staðar innan íslenskra dómstóla.

### **Sakamál – Réttarhöld**

Réttarhöld fara fram á mjög mismunandi hátt eftir því hvort löndin eru Rómarlagalönd eða nota sameiginleg lög. Hér á eftir verður farið yfir muninn á réttarhöldum undir Rómarlögum og sameiginlegum lögum.

Dæmigerð réttarhöld í landi sem styðst við Rómarlög fer þannig fram að fyrst eru ákærurnar lesnar upp og síðan kynnir dómari eða dómsformaður hinum ákærða réttindi sín. Eftir það fá bæði verjendur og sækjandi í málinu að kynna sjónarmið sín. Vitni eru síðan kölluð til. Í sumum löndum fá verjandi og saksóknari að spyrja vitni, en í öðrum er það dómari sem gerir það. Oftar en ekki þá tekur dómari saman helstu atriði í vitnisburðinum og verjendur og sækjandi fá tækifæri til þess að gera athugasemdir. Tilbrigði við þetta er til dæmis að finna í Japan þar sem saksóknari gerir samantektina ef verjandi felst á það, annars eru vitni kölluð til (Supreme Court of Japan, 1999). Stundum eru efnisleg sönnunargögn skoðuð einnig á þessu stigi réttarhaldanna (Mikkelson, 2000).

Eftir að búið er að skoða sönnunargögn og fara yfir vitnisburði halda saksóknari, verjendur og réttargæslumenn fórnarlamba (sú þeir til staðar) lokaræður sínar. Sumstaðar ávarpa sakborningar einnig réttinn, en slíkt tíðkast alls ekki í öllum löndum, reyndar er það svo sumstaðar að sakborningar bera ekki vitni undir eið (eins og vitni myndu gera).

Þegar öllu þessu er lokið er dæmt í málinu, dómari taka sér oftast tíma til að úrskurða um mál, en sumstaðar (sérstaklega í löndum sem notast við rannsóknardómarakerfi) er dæmt strax í málinu. Dómurinn tekur bæði til úrskurðar um sekt / sakleysi og svo refsingar.

Víkjum nú að réttarhöldum undir sameiginlegum lögum. Slík réttarhöld eru trúlega miklu þekktari alþjólega heldur er það form réttarhalda sem kynnt var hér á undan; réttarhöld undir sameiginlegum lögum eru nefnilega það form sem við sjáum í Bandarískum og Breskum sakamálaþáttum og kvikmyndum (þótt auðvitað sé það mjög mismunandi hversu raunsanna mynd slíkt efni gefur af réttarhöldum).

Réttarhöld í löndum sem styðjast við sameiginleg lög hafa yfirleitt kviðdóm. Það er reyndar möguleiki að halda svokölluð „bench trial“ eða „dómariaréttarhöld (þýðing höfundar)“ þar sem dómari gegnir svipuðu hlutverki og dómari gera í rómargalöndum en langflest réttarhöld í þessum löndum styðjast við kviðdóm. Almennir borgarar sem hafa verið dregnir út eða valdir til að sitja í kviðdómnum eru spurðir nokkurra spurninga sem þeir verða að svara og eru þeir eiðsvarnir á meðan. Kviðdómari sem hafa einhverskonar tengsl við málið,

hafa verið fórnarlömb svipaðra glæpa eða er í nöp við fólk með svipaðan lífstíl og sakborningurinn eru síðir frá enda eru þeir ekki hæfir til að dæma í málinu. Sakborningar hafa rétt á því að vera viðstaddir val á kviðdómi og geta gefið álit sitt með því að ræða við lögmann sinn. Sumstaðar (til dæmis í Bandaríkjunum) hafa bæði sakborningur og saksóknari rétt á því að hafna einstaklingum sem kviðdómendum án þess að þurfa að gera grein fyrir því (þeir hafa þó ekki rétt á því að hafna nema tilteknum fjölda á þennan hátt) (Mikkelson, 2000).

Réttarhöldin sjálf byrja með því að saksóknari og verjandi halda opnunarræður þar sem hvor um sig reynir að sannfæra kviðdóminn um réttmæti síns málstaðar. Sönnunarbyrði um sekt hvílir á saksóknaranum og hann þarf þess vegna að byrja á því að kalla til sín vitni og leggja fram sín sönnunargögn í málinu. Vitnin hafa yfirleitt margfarið yfir vitnisburð sinn en þetta er oftast í fyrsta skipti sem vörnin heyrir vitnin segja frá. Þegar saksóknari hefur lokið sér af í að spyrja vitnið hefur verjandinn einnig tækifæri til þess, síðan aftur saksóknari og aftur verjandi þar til báðir eru sannfærðir um að allt sem skipti máli sé komið fram. Bæði verjandi og saksóknari hafa tækifæri til þess að mótmæla hvernig mótaðilinn leggur fram spurningar sínar og leggur dómariinn mat á slíkt í hvert skipti. Svipaða sögu er að segja um efnisleg sönnunargögn, báðir aðilar geta lagt þau fram og báðir hafa tækifæri til þess að mótmæla því að sönnunargagnið sé gilt fyrir dómi.

Þegar saksóknari hefur lokið sér af er komið að verjanda að kalla vitni fyrir dóminn og er þar um sama ferli að ræða. Sakborningar hafa rétt á því að ákveða sjálfir hvort þeir bera vitni eða ekki. Kviðdómendum er bent á þeir skulu ekki leggja neina sérstaka merkingu í það hvort sakborningur ber vitni eða ekki.

Þegar öllu þessu er lokið flytja bæði saksóknari og verjandi lokaávörp og gera þar lokatilraun til þess að sannfæra kviðdóminn um réttmæti síns málstaðar.

Því næst gefur dómariinn kviðdómnum leiðbeiningar um það að fara fyrst og fremst eftir staðreyndum málsins. Yfirleitt er þetta lesið beint upp úr bók sem útskýrir ýmis lagaákvæði fyrir kviðdómendum. Þessar leiðbeiningar eru svolítið torf fyrir hinn almenna kviðdómara og mjög erfiðar í túlkun.

Þessu næst lokar kviðdómurinn sig af og ræðir málið sín á milli. Ef kviðdómur kemst ekki að samræmdri niðurstöðu þarf dómariinn að lýsa því yfir að

réttarhöldin hafi mistekist (hugtakið „mistrial“ er notað á ensku) og þá þarf að byrja upp á nýtt.

Eins og áður sagði eru refsingar ákveðnar sem hluti af dómsuppkvaðningu í löndum sem styðjast við Rómarlög en í þeim löndum sem notast við sameiginleg lög er ferlið tvískipt; annars vegar eru menn dæmdir sekir eða saklausir af kviðdómi og í framhaldi af sektardómi hittir dómariinn sakborning, verjendur og saksóknara aftur til að ákvarða refsingu. Áður en það gerist er dómari venjulega búinn að afla sér gagna um bakgrunn sakbornings og jafnvel fá álit fangelsismálastofnunar (málinu er vísað til svokallaðs „*probation officer*“) viðkomandi lands varðandi refsingu (Mikkelson, 2000).

Refsingar eru að mestu leyti áþekkar í löndum sem notast við hvort kerfi fyrir sig, þ.e. oftast eru um sektir, fangelsisrefsingar eða blöndu af þessu að ræða. Fangelsisrefsingar geta verið skilorðsbundnar að hluta til eða að öllu leyti. Síðustu áratugi hafa komið fram nýjungar í þessum málum, eins og heimarefsivist með rafrænu ökklabandi sem lætur vita ef viðkomandi er ekki á réttum stað, samfélagsþjónusta og fleira. Dauðarefsingar tíðkast ekki á Vesturlöndum lengur nema í sumum ríkjum Bandaríkjanna. Dómarar þar ákveða ekki slíkar refsingar heldur eru haldin sérstök réttarhöld um það hvort beri að taka viðkomandi af lífi eða dæma í ævilangt fangelsi. Dauðrefsingum er sjálfkrafa áfrýjað og getur það ferli jafnvel tekið áratugi.

Nánast öll ríki í heimi hafa fleiri en eitt dómstig þar sem fólk getur áfrýjað málum ef það kys svo til æðra dómstigs. Gríðarlega mismundandi er eftir löndum á hvaða forsendum fólk getur áfrýjað málum.

Í löndum sem styðjast við sameiginleg lög er allt sem sagt er skrifað upp orðrétt og er stuðst við þau gögn fyrir áfrýjunarrétti. Áfrýjunarrétturinn fer einungis yfir hinn lagalega hluta réttarhaldanna, ekki staðreyndir málsins sjálfar. Ef rétturinn kemst að þeirri niðurstöðu að mistök hafi verið gerð við réttarhöldin getur hann sent málið til baka og fyrirskipað önnur réttarhöld. Í sakamálum hefur einungis sakborningur rétt á að áfrýja.

Í Rómarlagalöndum hafa bæði sakborningur og saksóknari rétt á að áfrýja. Áfrýjunarrétturinn fer yfir bæði málsmeðferðina og málið sjálft. Mjög mismunandi er eftir löndum hvernig málsmeðferðin er, sumstaðar bera er

borði vitni fyrir framan réttinn en annarsstaðar er einungis farið yfir skrifleg gögn. Hið síðara á við á Íslandi.

### **Sakamál – réttarhöld á Íslandi.**

Eftirfarandi upplýsingar eru teknar af heimasíðu héraðsdómstólanna á Íslandi:

*„Um réttarstöðu ákærða (sakbornings) eftir að sakamál hefur verið höfðað gegn honum er fjallað í lögum um meðferð opinberra mála nr. 19, 1991.*

*Sakamál á hendur manni hefst með útgáfu ákæru á hendur honum. Ákæru eru gefnar út ýmist af ríkissaksóknara eða lögreglustjórum og fer það eftir alvarleika máls hver gefur út ákæru. Eru ákæru í alvarlegri málum gefnar út af ríkissaksóknara en í hinum smærri af lögreglustjórum. Sérstakar reglur gilda um ákæruvald ríkislögreglustjóra.*

*Aðalreglan er sú að ákæruvaldið höfðar sakamál fyrir dómstóli í því dómsumdæmi sem brot er framið. Frá þessu er heimilt að víkja.*

*Þegar ákæra hefur borist dómara gefur hann út svonefnt fyrirkall þar sem sakborningur er boðaður til þinghalds á ákveðnum stað og stundu þar sem málið verður þingfest. Fyrirkall og ákæra eru síðan send til lögreglustjórans í því umdæmi sem sakborningur hefst við, til birtingar. Á þessu stigi er sakborningur nefndur ákærði. Oftast sér lögregla um að birta ákærða fyrirkall og ákæru.*

*Í fyrirkalli er skorað á ákærða að sækja dómþing. Sinni hann því ekki má lögregla færa hann fyrir dóm með valdi ef með þarf og er þess getið í fyrirkallinu. Er aðalreglan sú að nauðsynlegt er að sakborningur komi fyrir dóm og lýsi afstöðu sinni til ákærunnar til að málið nái fram að ganga.*

*Frá þessari meginreglu er gerð sú undantekning að í minni háttar málum, þar sem refsing fer ekki fram úr sektum og að öðrum skilyrðum fullnægðum, sem getið er í 1. mgr. 126. gr. laganna, er heimilað að dæma mál án þess að ákærði hafi komið fyrir dóm. Telji dómari skilyrði til slíkrar meðferðar vera fyrir hendi gefur hann út svonefnt útivistarfyrirkall þar sem þess er getið að mæti ákærði*

ekki til dóms í samræmi við fyrirkallið verði litið svo á að hann játi brotið og að málið verði dæmt í samræmi við það að honum fjarstöddum.

Ákærði á alltaf rétt á að taka til varna í sakamáli. Með örfáum undantekningum á ákærði rétt á að verja sig sjálfur. Óski hann ekki að verja sig sjálfur á hann rétt á að sér verði skipaður verjandi, oftast úr hópi starfandi lögmanna. Yfirleitt fer dómari að vilja ákærða við val á lögmanni til starfans.

Þegar ákærða er birt fyrirkall og ákæra er hann spurður um hvort hann óski eftir skipun verjanda og getur hann þá þegar ákveðið hvort svo skuli gert eða ekki. Hann á einnig rétt á að fresta því að taka ákvörðun um skipun verjanda þar til mál verður þingfest.

Ef ákærði mætir við þingfestingu máls ber honum í upphafi að gera grein fyrir sér, þ.e. gefa upp nafn sitt og kennitölu. Þá ber dómara að inna ákærða eftir því, hvort hann óski eftir að sér verði skipaður verjandi hafi verjandi ekki áður verið skipaður. Óski ákærði eftir verjanda skipar dómari hann þegar í þinghaldinu. Sé verjandi ekki viðstaddur á ákærði rétt á fresti til að ráðfæra sig við verjandann áður en hann tjáir sig um sakaratriðin.

Að framangreindu loknu ber dómara að benda ákærða á að honum sé ekki skylt að svara spurningum sem til hans verði beint og varðar sakarefnið.

Að þessu loknu kynnir sækjandi (þ.e. fulltrúi ákæruvaldsins) ákærða ákæruna, þ.e. hvað honum er þar gefið að sök og gegn hvaða lagagreinum hann er talinn hafa brotið. Einnig kynnir hann ákærða önnur gögn sem fram eru lögð eftir því sem tilefni er til.

Þegar ákærða hafa verið kynnt framangreind gögn leitar dómari eftir afstöðu ákærða til sakarefnis, t.d. með því að spyrja hann hvort hann viðurkenni brot það eða þau sem honum eru gefin að sök eða hvort hann neiti sök í málinu. Ef ákærði viðurkennir sök og refsing getur ekki orðið meiri en 8 ára fangelsi er málið þegar í þessu fyrsta þinghaldi tekið til dóms án frekari flutnings og dómur strax kveðinn upp eða skömmu eftir dómtöku. – Sé um minni háttar mál að ræða þar sem refsing fer ekki fram úr sektum og önnur skilyrði sem getið er

um í 124. gr. laga um meðferð opinberra mála eru fyrir hendi getur sækjandi gefið ákærða kost á að ljúka málinu án dómsmeðferðar með því að undirgangast greiðslu sektar að viðlögðu fangelsi sem vararefsingu ef sektin greiðist ekki innan þeirra tímamarka sem jafnframt eru ákveðin. Með sama hætti má leysa úr kröfu um sviptingu ökuréttar og upptöku eigna. Ákærði getur alltaf hafnað slíkum málalokum og krafist dóms í málinu. Neiti ákærði sök fer fram svonefndur aðalflutningur, þar sem teknar eru skýrslur af ákærða og vitnum og hugsanlega lögð fram frekari gögn í málinu.

Við aðalflutning leitast ákærvaldið við að sanna sök ákærða og lýkur flutningi með því að sækjandi heldur sína sóknarræðu og verjandi (eða ákærði sjálfur) varnarræðu sína. Báðir aðilar eiga rétt á að taka aftur til máls og gera athugasemdir við ræður hvor annars.

Að loknum þessum flutningi er málið dómtekið og ber dómara að jafnaði að kveða upp dóm innan þriggja vikna. Eftir að dómur gengur geta bæði ákærvaldið og dómfelldi áfrýjað dómi til Hæstaréttar Íslands ef annar hvor unír ekki dómi. Nokkrar undantekningar eru frá því að dæmdur maður geti áfrýjað dómi, t.d. þegar mál hefur verið dæmt að ákærða fjarstöddum, sbr. það sem að framan er sagt um útivistardóma. „ (Héraðsdómstólar Íslands, 2006)

## Einkamál

Að mörgu leyti er meðferð einkamála keimlík meðferð sakamála eða opinberra mála. Til einkamála teljast til dæmis mál eins og skilnaðir, skaðabótamál af ýmsu tagi, deilur um samninga, skuldamál, vinnumarkaðsmál og svo mætti lengi telja.

Flest lönd hafa svipað kerfi til að takast á við einkamál og sakamál og sumstaðar tíðkast að þegar tekist er á um skaðabætur í málum sem snúast um saknæmt athæfi eins og keyra drukkin og vera valdur að slysi er réttað samtímis í sakamálinu og einkamálinu.

Eins og í sakámálum þá er sumstaðar fjallað um minniháttar mál fyrir dómstól með takmarkað umboð. Stærri mál er þá fjallað um fyrir dómstól með víðtækt umboð, en rétt er að taka fram að aldrei er hægt að dæma fólk í fangelsi í málum sem höfðuð eru sem einkamál.



Ferlið byrjar yfirleitt með því að mál er höfðað gegn einhverjum og viðkomandi er tilkynnt um málhöfðunina með skriflegri tilkynningu sem afhent er í eigin persónu.

Síðan skilur leiðir. Ferli málanna er mjög svipaður sakamálum í löndum sem notast við sameiginleg lög annars vegar og Rómarlög hins vegar. Í Rómarlagalöndunum leggja lögmenn málsaðila fyrir skýrslur og sönnunargögn fyrir dómara eða jafnvel fjölskipaðan dóm yfir ákveðin tíma rétt eins og í sakamáli. Dómari málsins getur einnig tekið það upp hjá sjálfum sér ef honum sýnist svo að yfirheyra vitni og safna gögnum til þess að veða upp á móti því að fólk hefur kannski ekki alltaf ráð á góðri lögfræðilegri ráðgjöf. Yfirleitt er ekki boðið upp á það að fara með mál fyrir rétt í einkamálum í Rómarlagalöndum, heldur má líta á málsmeðferðina sem langar og strangar samningaviðræður frammi fyrir dómara.

Í löndum sem notast við sameiginleg lög safna lögmenn málsaðila saman gögnum ýmist skriflega eða sem eiðsvarinn vitnisburður (þó í fjarveru dómara). Á þessu stigi máls reyna þeir að semja og get ef þeim sýnist svo lagt málið fyrir sáttasemjara. Slíkur sáttasemjari gerir síðan bindandi sátt með aðilum. Ef þeir fara með málið alla leið fyrir rétt geta málsaðilar valið hvort að dómari dæmir einn í málinu eða það er lagt fyrir kviðdóm.

## Hlutverk túlks í réttarsal

Hvert hlutverk túlksins er í réttarsalnum fer mikið eftir því hvernig réttarhöldin eru framkvæmd. Í löndum þar sem mikið af vitnaleiðslunum eru framkvæmdar skriflega og einungis samantekt flutt í réttarsalnum er yfirleitt ætlast til að túlkurinn túlki með venjulegu flæði, þ.e. þegar viðkomandi geri hlé á máli sínu. Hugsanlega er ætlast til að túlkurinn túlki munnlega skjöl sem lögð eru fram á meðan réttarhaldinu stendur. Það að gera samantekt á flóknu réttarhaldi er gífurlega erfitt og mjög auðvelt að gera villur. Slíkar samantektir ættu því að vera gerðar af dómurum eða lögmönnum og túlkaðar í heild sinni.

Í löndum þar sem skýrslutaka fer fram í réttarsal og allt skrifað niður orðrétt er oftast farið fram á það að túlkað sé samtímis fyrir sakborning á meðan á

réttarhaldinu stendur. Það getur einnig verið gífurlega stressandi að túlka samtímis fyrir sakborning ef viðkomandi er að gefa skýrslu fyrir rétti.

Það er einnig erfitt að halda hlutleysi sínu þegar menningarlegur misskilningur er á ferðinni. Freistandi er að kasta fram upplýsingum um siði, venjur og annað slíkt þegar túlkurinn hefur þekkingu á slíkum málum. Hættan er á að túlkurinn lendi í að virðast vera á bandi annars aðilans eða þá að hann setji sig í hlutverk vitnis. Ef rétturinn þarfnast upplýsinga um siði og venjur í tilteknu landi er betra að hann fái slíkar upplýsingar frá utanaðkomandi sérfræðingi, til dæmis háskólakennara eða samlanda viðkomandi.

## Nokkrar æfingar

Í kaflanum hér á eftir er ætlunin að gefa lesandanum tækifæri til þess að æfa sig í túlkun á ýmsum sviðum. Flestar æfingarnar eru teknar úr kennslubókum á sviði samfélagstúlkunar, en sumar af netinu. Æfingunum er skipt niður í þrjú svið. Fyrsta sviðið fjallar um verslun og viðskipti, það næsta fjallar um heilbrigðismál og það þriðja um túlkun í réttarkerfinu.

## Verslun og viðskipti

**Æfing 1.** Guðrún frá fyrirtækinu „Heima-Pasta“ eru nýkomin til Parma á Ítalíu. Þau eru komin á fund hjá hr. Norberto, markaðstjóra hjá Parilla, einum stærsta pastaframleiðanum þar í borg. Æfingin gengur út á að nemandinn velur sér að túlka fyrir annað hvort Guðrúnu eða herra Norberto.

N: Góðan dag frú Guðrún og velkomin til Parma. Ég sé að þú ert með aðstoðarmann þinn, hann Jón með þér. Hvernig var ferðalagið?

G: Góðan dag. Við áttum gott ferðalag frá Reykjavík, þakka þér fyrir.

N: En hvað það var gott. Við hittumst fyrst í Reykjavík, í yndislegu búðinni sem þú átt. Mér er sönn ánægja að taka á móti þér hér í Parma.

G: Takk kærlega fyrir, en hvað það er sætt af þér. Þegar við hittumst síðast í maí, ræddum við saman um möguleikanna á því að eiga viðskipti, mér þætti gott ef við myndum halda áfram að ræða það í dag.

N: Mig myndi langa til að fara með ykkur í skoðunarferð eftir fundinn, þrátt fyrir að vera yfir 30 ára gamalt fyrirtæki þá öfum við algerlega endurnýjað verksmiðjuna og eins og þú munt sjá eru öll tækin ný. Hvað framleiðslugetu varðar framleiðum við 3000 kíló af gæðapasta á dag. Alls eru það 32 tegundir af pasta sem við framleiðum.

G: við myndum mjög gjarnan sjá verksmiðjuna. Við höfum verið að bjóða viðskiptavinum okkar upp á prufur frá ykkur síðustu 30 daga og viðtökurnar hafa verið mjög góðar. Salan á pasta hefur verið að aukast mikið á Íslandi síðustu ár, en viðskiptavinir okkar gera sífellt meiri og meiri kröfur til þess pasta sem þeir neyta.

N: Já ég veit að þú hefur mjög kröfuharða viðskiptavinum, en segðu mér fyrir forvitni sakir, hvaða pastategund eru þeir hrifnastir af?

G: Þeir voru hrifnastir af spakhettínu þínu. Eins og þú trúlega veist vorum við með pasta frá öðrum framleiðanda til sölu, Lazzi frá Napólí sem sérhæfir sig í makkaróní, og þrátt fyrir að pastað frá þeim sé gott voru okkar viðskiptavinir okkar hrifnari af ykkar.

N: Það er frábært! Og eins og þú hefur vafalaust tekið eftir að meðan á 30 daga prufutímabilinu stóð höfum við á boðstólum pasta af ýmsum stærðum og gerðum og með mismunandi bragði einnig. Við höfum til dæmis dökkt pasta og spínatpasta. Einnig hefur pastað okkar mismunandi suðutíma.

G: já, og eins og þú gerir þér grein fyrir þá borða Íslendingar allt öðruvísi mat heldur en Ítalir, við erum til dæmis ekki eins vön að borða pastað okkar „al-dente“ eins og þið, við sjóðum pastað oftast lengur.

N: Já ég veit. Ég bara hreinlega skil ekki hvernig þið getið borðað ofsoðið pasta.

G: Það er svolítið annað sem mig langar að ræða við þig, okkur langar að koma með línu af fersku pasta, vegna þess að ferskt pasta og ítölsk matargerð almennt er orðin svo vinsæl á Íslandi. Ég hef til dæmis rekist á nokkur námsskeið í pastagerð í Reykjavík. Viðskiptavinir okkar eru byrjaðir að skilja að ferskleiki og gæði eru mikilvægir þættir.

N: Það gleður mig að heyra. Þetta nýja viðhorf hjá neytendum opnar marga möguleika hjá okkur í sambandi við samstarf í framtíðinni, sérstaklega ef okkur tekst að fá nægilega mikla hlutdeild í markaðnum. Markaðsskrifstofan okkar er með útibú í Reykjavík, má ég setja þig í samband við þau?

G: Já takk það kæmi sér vel.

N: Jæja, eigum við ekki að demba okkur í þetta? Mig langar aðeins að segja þér frá fyrirtækinu okkar og byggja upp traust. Hvernig líst þér á það?

G: Samþykkir þetta með höfuðhreyfingu.

N: Við höfum 9 verksmiðjur hérna á Ítalíu, og þar af 70 starfsmenn, bæði í framleiðslu og stjórnun hér í Parma. Veltan er í kringum einn og hálfur milljarður króna á ári. Við framleiðum um 20 vöruflokka og um 16 vörulínur í

hverjum flokki. Í síðasta bréfi þínu sagðist þú ætla að leggja fram stóra pöntun í dag?

G: Já það er rétt, eruð þið tilbúnir til að bjóða okkur magnafslátt?

N: Auðvitað, ég get boðið þér 10% magnafslátt ef þú pantar meira en 2000 pakkningar af pasta. Hver pakkning inniheldur 1000 sölueiningar.

G: Frábært, ég ætla að fá 2000 pakkningar strax og ef pastað selst vel sem ég á von á, þá aukum við magnið.

N: Flott, eigum við að tala um sendingarmáta og skilmála?

G: Já takk, segðu mér, hvenær geturðu sent fyrstu sendinguna af stað? Og hvenær myndi hún koma til Reykjavíkur?

N: Við gætum til dæmis sent sendingu af stað í hverjum mánuði? Sem myndi koma til ykkar þann fyrsta hvers mánaðar?

G: Já það er gott. Flutningadeildin ykkar myndi þá setja sig í samband við okkur. Hvaða hátt hafið þið á sendingunum?

N: Innan Evrópu flytjum við vörurnar okkar með okkar eigin bílum. Við myndum setja ykkar pöntun í skip í Hanover sem tæki sendinguna á einni viku til Reykjavíkur. Það er mjög mikilvægt að vörur eins og tagliatelli verði ekki fyrir hnjaski á leiðinni og að umbúðirnar rofni ekki.

G: Já auðvitað. En hvað með þær vörur sem skemmast? Fáum við endurgreitt fyrir þær?

N: Já það er ekkert mál, við höfum samning við tryggingafélag sem tryggir allar vörur. En varðandi borgunina. Þar sem þetta er fyrsta sending verð ég að biðja um bankaábyrgð.

G: Það er ekkert mál, við getum útvegað slíka ábyrgð.

N: Já við töluðum við umboðsmann okkar á Íslandi, ég veit að þið hafið gott orð á ykkur og hafið gott lánstraust. Eftir að fyrsta sendingin hefur verið greidd getum við breytt þessu fyrirkomulagi.

G: Það er allt í góðu. Síðasti birgir sem við unnum með var ekki mjög áreiðanlegur, það er ein af ástæðunum sem við viljum frekar skipta við ykkur.

Það virtist alltaf allt loga í verkföllum og það var oft misræmi milli þess sem við pöntuðum og þess sem við fengum.

N: Því miður getum við ekki útilokað verföll, þau eru einfaldlega stór hluti af umhverfinu hér á Ítalíu. Við getum heldur ekki gert neitt við töfum í tollinum. En við höfum mjög gott orð á okkur þegar kemur að því að standa okkur í réttum pöntunum.

G: Það eru góðar fréttir. Síðast þegar við pöntuðum þá vantaði mikið af vörum og allar umbúðirnar höfðu rofnað þannig að sendingin var ónýt.

N: Þurftir þú að senda allt til baka?

G: Já það gerðum við. Sem betur fer erum við tryggð fyrir tjóni eins og þessu, en mikil viðskipti töpuðust. Ég vona að ég geti treyst á ykkur.

N: Ég er handviss að við munum standa okkur!

G: Það er ég handviss um. Vertu sæll herra Norberto, það er sönn ánægja að eiga viðskipti við þig.

N: Vertu sæl.

**Æfing 2:** Einar, markaðsstjóri hugbúnaðarfyrirtækisins Pixus tekur á móti 2 mönnum (Jakub og Szymon) frá hugbúnaðarfyrirtækinu Klucz. Þeir eru að reyna að koma á viðskiptum sín á milli.

E: Góðan dag, ég heiti Einar og er markaðsstjóri hér í Pixus. Mig langar að bjóða þig velkominn hingað til okkar Jakub. Er þetta ekki hann Szymon sem er með þér? Velkomnir!

J: Þakka þér fyrir. Já þetta er Szymon, framkvæmdastjórinn okkar. Ég var sá sem svaraði fyrirspurnunum og bréfunum frá þér, en hann Szymon mun skrifa undir alla samninga sem vonandi takast með okkur, fyrir okkar hönd.

E: Gaman að hitta ykkur. Við höfum verið í stífum viðræðum þessa 2 síðustu mánuði ekki satt; fyrst í gegnum síma, síðan með tölvupósti. Þakka ykkur sérstaklega fyrir að vera komnir alla þessa leið til Reykjavíkur.

S: Tak kærlega fyrir að bjóða okkur. Já, við ákváðum bara að skella okkur hingað, okkur fannst mjög mikilvægt að koma hingað og reyna að berja samninginn saman, enda erum við spenntir fyrir verkefninu.

E: Við eru líka spenntir, alveg síðan að við sáum vörurnar frá ykkur á upplýsingatækniráðstefnunni í London fyrir nokkrum mánuðum. Síðan þá höfum við látið okkur dreyma um samstarf. Okkur finnst að forritið ykkar sameini bæði verð og gæði sem við erum að leita að.

J: Það er fínt, eruð þið búnir að skoða verðlistann sem við sendum ykkur, ásamt tæknilegu upplýsingunum?

E: Já, og við erum mjög spenntir fyrir að þýða og staðfæra hugbúnaðarlausnirnar ykkar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Sérstaklega nýjustu útgáfuna sem þið kynntuð á ráðstefnunni í London.

S: Þetta er auðvitað Beta-útgáfan. Við vitum betur eftir nokkra mánuði hvernig hún reynist nákvæmlega, og hversu vel viðskiptavinir okkar taka uppfærslunni.

E: Við gerðum svolitla þarfagreiningu, og nýja útgáfan virðist hennta þörfum viðskiptavina okkar mjög vel.

J: Það gleður okkur að heyra, gamla útgáfan hefur reynst vel heima í Póllandi, bæði tæknilega og svo hefur hún verið mjög vinsæl. Mig langar að vita hvernig þér líst á verðið sem við settum upp?

E: Verðið er svolítið hátt, og mig myndi langa til að ræða það. Þar sem við höfum stóran hóp viðskiptavina sem skipta reglulega við okkur, þá erum við sannfærðir um það að við getum komið lausnunum ykkar út til þeirra. Við erum vissir um að þið getið boðið aðeins betur. Okkur langar til að vera einkasöluaðili á lausnum frá ykkur.

J: Þetta er athyglisvert, ég held að ég verði að beina þessu til hans Szymons.

S: Takk. Ég er viss um að ef ykkur tekst að gera lausnina það vinsæla að við fáum alla vega 20% markaðsins þá er hægt að kýla verðið verulega niður. Mér skilst að viðtökurnar í könnuninni hafi verið mjög góðar?

E: Já nákvæmlega. Hver einasta ákvörðun sem við tókum er gerð að mjög yfirlögðu ráði og byggð á markaðsrannsóknunum. Enda verðum við að gera það,

viðskiptaumhverfið hér í Reykjavík og reyndar á Íslandi öllu hefur ekki verið mjög hagstætt síðastliðin ár. Kannski færi best á því að þið 2 fenguð tíma til að ræða samninginn ykkar á milli, og þegar við höldum fundinum áfram eftir hádegi þá gætum við komist að niðurstöðu.

S: Já það fer vel á því. Við ætlum að fara í smá göngutúr um fallega miðbæinn ykkar og ræða saman. Við hittumst aftur eftir hádegi. Vertu bless á meðan.

E: Sælir herra menn, við hittumst þá aftur eftir 2 tíma.

**Afing 3:** Sigurlín, þekktur fatahönnuður, hefur boðið David kollega sínum í heimsókn. Þau hafa þekkt lengi. Anna, stílisti Sigurlínar kemur inn í samtalið.

S: Góðann daginn David, velkominn. Hvernig var ferðalagið?

D: Ég átti fínt flug, en ég var lengi að komast hingað af flugvellingnum. Það var rosaleg umferðarteppa.

S: Ég veit það er búið að vera svo mikil hálka á keflavíkurveginum að umferðin hefur verið voða hæg. Má ekki bjóða þér smá kaffisopa? Eða te?

D: Ehh, áttu kannski latte? Þetta er búið að vera svo langur morgun, ég þurfti að vakna snemma til að koma mér út á Heathrow.

S: Mjólk og kaffi? Jú auðvitað. Ég sendi Írasi sem vinnur í búðinn minni niðri bara út í Djús og Kaffi hérna á horninu. Ég ætla að kynna þig fyrir starfsfólkinu, hérna er Sigga sem er stílisti, Barbara sem sér um saumaskap og Elsa sem er í að sníða. Svo hittir þú Kósý, verslunarstjórann minn á eftir.

D: Gaman að hitta ykkur öll. Það er búið að vera svo gaman að vinna með ykkur í gegnum netið.

S: Við hittum Kósý þegar þessi fundur er búinn, svona um klukkan 13. Síðan förum við og fáum okkur eitthvað að borða. Ég fékk borð á Norður.

D; Flott...ahh eru þetta nýju töskurnar, mikið koma þær vel út.

S: Það þykir mér vænt að heyra, við lentum í svo miklu veseni við að finna rétta leðrið í þær. Anna, villtu ekki segja frá því?



A: Já, David þessi græni litur sem átti að vera á leðrinu olli okkur miklum heilabrotum. Manstu líka eftir efninu sem átti að vera með? Það gekk rosalega illa að fá litina til að passa almennilega saman.

D: Ahh, afsakið það! En ég sé að þetta hefur allt gengið upp í lokin. Útkoman er alveg eins og ég hugsaði mér þegar ég hannaði töskuna. Litlu töskurnar eru jafnvel betri en mig hafði grunað. Má ég sjá veskin?

A: Hérna eru þau, við notuðum kálfaskinn. Við erum mjög ánægð með þau: Hvernig líst þér á?

D: Ohh já, þau eru svaka fín! Þið hafið lagt mikið á ykkur sé ég.

S: Áður en við skoðum fötin sem við hönnuðum saman langar mig að sýna þér þessar ferðatöskur. Ég veit að þetta er kannski ekki þitt sérsvið en við erum gasalega stolt af þeim. Hvað finnst þér?

D: Þær eru flottar. Ég hef hitt hönnuðinn sem þið unnuð með í þessu. Frakki ekki satt? Þær virðast vera bæði praktískar og flottar.

S: Við erum sérstaklega ánægð með hjólatöskuna hérna, mjög einfaldar línur í henni, svo lokast hún svona þannig að það fer mjög lítið fyrir henni þegar hún er tóm.

D: Þetta eru flottar vörur allt saman. Hvenær kemur nýja línan á markað?

S: Við vorum að hugsa um að fá að frumsýna þetta allt í tískuvíkunni í Mílan og svo í tískuvíkunni í Reykjavík. Þá ætlum við að vera með mjög stóra sýningu og setja þetta á markaðinn í kjölfarinu.

D: Þetta líst mér vel á.

S: Fáðu þér sæti hérna David, Andrea ætlar að máta nýju fatalínuna fyrir þig. Ég kem síðan og sæki þig á hinn fundinn. Bless á meðan.

D: Bless.

**Æfing 4.** Sendinefnd frá Swakk úraframléiðandandum er í heimsókn á Íslandi til að ganga frá kaupum á framleiðslu GS úra; á úrum með skífu gerða úr eldfjallaösku. Mælendur eru frú Schaffner (S1) og herra Singh (S2), Guðjón úraframléiðandi og Friðrikka túlkur.

G: Góðan dag og velkominn frú Schaffner, gott að sjá þig. Takk fyrir að hafa komið alla þessa leið að hitta mig. Vonandi kemur ferðin til með að skila sér fyrir okkur bæði. Þetta er Friðrikka, túlkurinn okkar í dag.

S1: Þakka þér fyrir. Okkur hafði alltaf langað til að koma til Íslands, okkur langar á tónleika í Hörpunni og sjá svo margt. Við höfum mikinn áhuga á náttúru og sögu landsins. Svo er auðvitað bjórinn og maturinn...

G: Var flugið gott og tímanlega?

S1: Við vorum svolítið sein, aðallega vegna alls seinagangsins í sambandi við vopnaleytingu á flugvelli. En annars bara fínt.

G: Það er nú gott. Þegar við hittumst síðast þá ræddum við efnahagsástandið í Evrópu. Fólk hefur dregið verulega úr kaupum á lúxusvörum eins og sérhönnuðum úrum.

S1: Já. Yfirstjórn fyrirtækisins okkar var mjög spennt yfir því að hitta ykkur síðan að þið tókuð yfirtökutilboðinu okkar. Ég er persónulega mjög glaður með árangurinn. En það eru nokkur atriði sem við þurfum að fara yfir áður en allt verður um garð gengið, atriði sem taka þó nokkurn tíma.

G: Alveg rétt. Ég veit að eftir að hafa keypt fyrirtækið okkar þurfið þið að taka margar ákvarðanir, og þó við höfum verið mikið í sambandi undanfarna mánuði þá er enn margt óunnið. Við erum auðvitað fús til samvinnu um hvað sem er.

S1: Við höfum vissulega margt að ræða. Má ég kynna þig fyrir herra Singh, markaðsstjóranum okkar.

G: Góðan dag herra Singh, gaman að kynnast þér. Hvað eigum við annars að ræða í dag? Og áður en lengra er haldið, kannski þið segið mér meira um fyrirtækið ykkar?

S1: Auðvitað, herra Singh hérna hefur útbúið smá Power Point sýningu fyrir okkur að líta á varðandi fyrirtækið okkar. Þú villt kannski bara byrja á þessu?

S2: Já takk fyrir. Eins og þið vitið er Swakk einn af stærstu úraframléiðendum í heimi með swakk úrið sem okkar þekktasta merki. Fyrirtækið samanstendur af 12 dótturfélögum með höfuðstöðvar í Sviss. Við erum með 9 verksmiður og

aðalskrifstofu í Evrópu. Við erum sífellt að leita að nýjum og ferskum hönnuðum til að hanna fyrir okkur, það að leita að hæfileikafólki er mikil vinna.

G: En hvað með framleiðsluna sjálfa?

S2: Til þess að framleiða upp í pantanir þá ganga verksmiðjurnar okkar allan sólarhringinn á þrískiptum vöktum, 8 klukkustundir í senn. Við framleiðum um 25.000 úr á dag og hagnaður fyrirtækisins hefur verið þokkalegur síðustu ár. Árleg velta okkar er um 20 milljarðar dollara. Eins og þú veist sjálfsagt mætavel er það stefna okkar að framleiða úr sem allir hafa efni á og reyndar er það svo að verðin hafa staðið í stað síðan 2008.

G: Þið komið samt með nýja línu á hverju ári er það ekki?

S2: Já, eins og þú sérð á þessari glæru þá komum við með nýja línu á hverju ári sem venjulega er kynnt á vorin. Það eru um 80 vörunúmer í framleiðslu á hverjum tíma. Þegar ný lína er kynnt þá er hún sett á markað í öllum heimsálfum samtímis. Svo reynum við að fylgjast náið með tískunni á hverjum tíma og erum í samstarfi við marga af fremstu tískuhönnuðum heims.

G: Þakka þér kærlega fyrir þetta herra Singh, þetta var mjög skýrt.

S1: Já þakka þér herra Singh. Eitt af þeim atriðum sem rétt er að nefna eru markaðsmál framtíðarinnar fyrir þitt vörumerki og hugsanleg dreifing á vörunum. Auðvitað er það þannig að Swakk vörumerkið þarfnast allt annarar markaðssetningar en lúxusúrin þín. Við erum til dæmis að beina sjónum okkar að miklu yngra fólki heldur en þú. Dreifikerfin okkar eru líka mjög ólík og þið þurfið áður en langt um líður að gera okkur grein fyrir helstu atriðum þess.

G: Mín er ánægjan, við höfum hingað til selt úrin okkar til lítilla verslanna, bæði sérsverslana með úr en einnig til skartgripaverslana. Einnig hafa stærri verslanir sem þó eru í efri skala markaðarins eins og Barrods, Haks, og Brintemps í París.

S1: Við erum aðvitað með markaðssetningu á heimsvísu en þið eruð meira í afmörkuðu horni markaðarins, viltu segja mér aðeins frá því?

G: Varðandi sölukerfið okkar þá erum við með söluaðila í Evrópu og þá aðallega í Ítalíu, Frakklandi, Þýskalandi og Bretlandi. Fyrir nokkrum árum opnuðum við nokkrar verslanir í Sameinuðu Arabísku Furstadæmunum, Saudi Arabíu og Kuwait. Við höfum þá trúna að markaðurinn á þessu svæði lofi mjög góðu. Að

sjálfsögðu getur efnahagsástand heimsins enn sett strik í reikninginn. Einn viljum við láta reyna á markaði í Japan, Singapúr og Malasíu.

S1: Já varðandi markaðssetninguna, við vorum mjög hrifin af síðustu auglýsingaherferð.

G: Það gleður mig að þið voruð hrifin. Við réðum nýja auglýsingastofu, nýtt og ferskt fyrirtæki. Okkur langaði að ímynd okkar væri svolítið ágengari. Mér fannst herferðin skila miklum árangri, sérstaklega meða yngra fólks.

S1: Hvað með verð? Á hvaða verðbili eruð þið að selja úrin ykkar á?

G: Ódýrustu vörurnar okkar eru að fara á um það bil 2.000 evrur. Dýrustu úrin eru að seljast á allt að 10.000 evrur en þá erum við að tala um sérhönnuð úr og oft með eðalsteinum.

S1: Ykkar helstu keppinautar?

G: Helstu keppinautar okkar eru framleiðendur eins og Bartier, Horex og fleiri. Öll fyrirtækin í þessum geira eru í erfiðleikum vegna samdráttar í sölu, þó þessi tvö sem ég nefndi virðast standa sig betur en flest. Hlutabréfamarkaðurinn tók auðvitað ansi skarpa dýfu. Við stöndum einnig í þeirri trú að flest fyrirtæki í þessum geira verði keypt af stærri framleiðendum eins og við.

S1: Hvað með greiðslufyrirkomulag, þurfið þið ávalt að krefjast staðgreiðslu?

G: Eins og þú getur ímyndað þér þá eiga flestir viðskiptavinir okkar ekki í erfiðleikum með að greiða fyrir það sem þeir kaupa. Það kemur þó fyrir að einstaka ung manneskja sem er að hefja ferilinn í viðskiptum til dæmis þurfi smá greiðslufrest, Við látum þá venjulega skoða viðkomandi með tilliti til fjárhags en oftast er þetta ekkert mál. Aðeins til að bæta við þetta þá tilheyra flestir viðskiptavinir okkar efri lögum samfélagsins og þá skiptir trúnaður miklu máli.

S1: Og afhending vörunnar?

G: Þegar um sérpantanir er um að ræða getur afhendingartíminn verið nokkrir mánuðir. Þegar um venjulega vöru er að ræða þá er afhendingartíminn venjulega 3 vikur ef þær liggja ekki á lager. Allar vörur frá okkar eru tryggðar þar til þær komast í hendur viðskiptavina.

S1: Auðvitað.

G: En nú er framkvæmdastjórinn okkar farinn að bíða eftir ykkur. Ég veit fyrir víst að hann hlakkar til að ræða eitt og annað við ykkur.

S1: Og okkur við hann.

G: Og eftir fundinn þá eigum við pantað borð á Vestur. Hlakka til að hitta ykkur á eftir.

## Heilbrigðismál

### Æfing 1.

Peter, bandarískur ríkisborgari er mættur til Halldórs heimilislæknis. Peter á að fá bólusetningu gegn influensu, en er ekkert sérlega spenntur fyrir því.

H: Góðan dag Peter, hvernig hefur þú það í dag?

P: Góðan dag. Fínt bara.

H: Hvað ertu gamall?

P: 72 ára.

H: Hversu lengi hefur þú búið á Íslandi?

P: Að ég held 4 ár, ég kom hérna þegar ég fór á eftirlaun.

H: Allt í lagi, hvenær gerðist það?

P: Fyrir fjórum árum, þegar ég fór á eftirlaun var ég 68 ára. Ég bý hjá dóttur minni. Hún vildi endilega að ég kæmi hingað, en mér er illa við sjúkrahús og lækna.

H: Ég skil.

P: Af hverju ætti ég líka að fá influensu? Mér líður vel.

H: Ég sé að þú er í frekar góðu formi og líður vel, þannig að kannski er það erfitt að skilja hvers vegna þú þarft bólusetningu. En trúðu mér, dóttir þín hefur rétt fyrir sér. Á hverju hausti, og það er þegar kominn október, kemur nýtt afbrigði af flensu (influensu) sem fólk þarf að verja sig fyrir. Þú ert líka með slæman hósta og dóttir þín sagði að þú hefðir greinst með vott af astma.

P: Ég held að hún ætti að hætta að vera með nefið ofan í hvers manns koppi.

H: Ef þú er eldri en 65 ára – sem þú ert - eða þú ert með undirliggjandi sjúkdóma eins og astma, hjartasjúkóma, önnur vandamál tengda öndun eða minna ónæmi vegna steranotkunar eða krabbameinsmeðferðar þá ættir þú að láta bólusetja þig. Þú tilheyrir þessum hópi vegna astmans.

P: Ég hef reykt í 45 ár. Ég er 72 ára núna, hver vegna ætti ég að hafa einhverjar áhyggjur?

H: Ekki gleyma því að bólusetning er öflugasta aðferðin sem við eigum til þess að koma í veg fyrir alvarleg veikindi.

P: En kemur þetta til með að koma í veg fyrir að ég veikist? Ég hata sprautur!

H: Nei þessi bólusetning kemur bara til með að vernda þig fyrir influensu. Þú gætir samt fengið aðrar veirusýkingar. En influensa getur orsakað slæm vandamál fyrir eldra fólk. Varstu bólusettur í Bandaríkjunum?

P: Ég veit það ekki, ég man það ekki. Ég kem ekki nálægt nálum og nota engin lyf.

H: Ég er ekki sammála þessari sýn. Bólusetning er nauðsynleg fyrir alla sem eru í áhættuhópi eins og börn og eldra fólk með undirliggjandi sjúkdóma.

P: Ég hef aldrei verið veikur á æfi minni, og ég held að þetta sé ekkert öruggt.

H: Þú þarft ekki að hafa áhyggjur Peter, bólusetningin er alveg örugg. Hafðu líka í huga að hár hiti getur haft slæmar afleiðingar fyrir mann á þínum aldri.

P: Iss, mér líður vel og ég er frískur. Hafðu líka í huga að þegar þú varst krakki þá var ég í henum!

H: Ég sé alveg að þú er mikið hraustmenni Peter. Málið er hinsvegar að hár hiti í manni á þínum aldri getur leitt til þess að þú fái bronkítis eða lungnabólgu þannig að þú gætir neyðst til þess að leggjast inn á sjúkrahús hvort eð er. Ég vil auðvitað ekki vera að mála skrattann á vegginn, en mikið af eldra fólk sem fær slæma influensu býr við verulega skerta heilsu eftir það. Ekki gleyma því heldur að influensa er mjög smitandi, hún smitast við það að fólk hóstar og hnerrar sem eru smitberar. Þú átt barnabörn. Þú gætir smitað þau.

P: En það er enginn þörf á því að vera bólusettur núna þegar það er alls ekki svo kalt og sólin skín. En hvenær er það eiginlega sem fólk á það mest á hættu að smitast af þessari flensu sem þú ert að tala um?

H: Flensan kemur á hverjum vetri, það er ómögulegt að segja til um hversu margir smitast eða hversu illvíg hún verður á hverju ári fyrir sig. Hitt vitum við að margir koma til með að smitast á sama tíma og þá verður mikið að gera hjá okkur læknumum.

P: En ef ég fékk sprautu á síðasta ári, þarf ég aftur að fá sprautu núna? Ég hef heyrt að svona flensur breytist á hverju ári.

H: Það er alveg rétt, flensur breytast ár frá ári, þannig að sú sem var í fyrra er ekki sama flensan og kemur í ár. Þess vegna þarf fólk að fá nýja á hverju ári.

P: Hversu lengi verndar þessi sprauta mig?

H: Hún verndar þig í um það bil eitt ár.

P: En fæ ég ekki bara flensu af sprautunni?

H: Nei þú þarft ekki að óttast það.

P: En hvað með aukaverkanir?

H: Það er aldrei hægt að útiloka aukaverkanir. Sumir fá svolítinn hita eftir bólusetningu í svona 2 daga, eða fólk finnur aðeins til í handleggnum eftir sprautuna. Aðrar aukaverkanir eru mjög sjaldgæfar.

P: Og er ég þá 100% öruggur um að fá ekki flensu eftir að hafa verið sprautaður?

H: Ekkert bóluefni er 100% öruggt. En langflestir sem eru bólusettir fá ekki inflúensu.

P: En hvað ef ég fæ hana svo?

H: Ef þú færð hana svo eftir allt saman er langlíklegast að veikindin verði mjög mild.

P: En er ekki alltof seint að fá sprautu núna? Það er komin október og svona...

H: Nei, nei, nei, það er ekkert orðið of seint, þú getur farið í bólusetningu langt fram á haustið og veturinn.

P: Ég fékk einu sinni ofnæmi vegna þess að ég hafði borðað of mörg egg, verður það vandamál?

H: Ef þú hefur alvarlegt ofnæmi gagnvart eggum þá myndi ég ekki ráðleggja þér að verða bólusettur. Hins vegar var þetta einstakt tilfelli sem hefur ekki endurtekið sig. Ég tel ólíklegt að þetta endurtaki sig. Ég get kannski haft samband við heimilislækninn þinn og spurt hana álits?

P: Mér líst vel á það. Ef ég ákveð að fá bólusetningu, kem ég aftur hingað?

H: Já þú getur gert það, þú hefur bara samband við móttökuritarann frammi. Ég vona að þú komir bráðum til að láta bólusetja þig.

## **Æfing 2**

Ung kona (Elena) kemur til Ljós móður (Helga) á kvennadeild vegna samdráttarverkja en unga konan er næstum full gengin með sitt fyrsta barn.

E: Ég heiti Elena Biagi, þú verður að hjálpa mér, ég finn svo til.

H: Andartak, ég er að fletta þér upp í kerfinu, aha hér er þetta, þú ert einni viku fyrir tímann, hversu lengi hefur þú fundið til?

E: Þetta byrjaði fyrir einni klukkustund, alla vega einni klukkustund.

H: Þá höfum við nógan tíma, andaðu djúpt. Voru einhver vandamál á meðan á meðgöngunni stóð? Er þetta þitt fyrsta barn?

E: Það voru engin vandamál, en þeir fylgdust vel með mér í þetta skiptið vegna þess að ég missti fóstur síðast. Ég er með aðeins lágan blóðþrýsting. Ég sé að þú ætlar að taka blóðsýni og athuga blóðþrýstinginn?

H: Já við þurfum að gera það til að vera viss um að engin vandamál séu í uppsiglingu. Hefur þú hugleitt hverskonar deyfingu þú villt fá í fæðingunni sjálfri, eða hvort þú villt yfirleitt nokkra deyfingu?

E: Ég var að vonast eftir því að fá mænudeyfingu, en ef þú leggur til annað form af deyfingu er ég til í að skoða það.



E: Ég er hrædd um að þú þurfir að fá mænudeyfinguna 3 klukkustundum fyrir fæðinguna, ég er ekki viss um að það náist. Á þessum spítala bjóðum við líka upp á gasdeyfingu með svokölluðu hlátursgasi sem tekur mesta broddinn og einnig erum við með nokkurskonar staðdeyfingu með morfíni. Einnig kemur fyrir þótt sjaldan sé að deyfing sé sett í æð, en ég efast um að þess þurfi með þig.

E: Ég vil fá smá gas, ohh þetta er sárt, verkirnir eru sárari núna og styttra á milli, og sjáðu, ég er öll blaut þarna að neðan.

H: Þetta er bara líknarbelgurinn að rofna, eða þú ert að missa vatnið eins og sagt er.

E: Hvað er gerast? Geturðu sagt mér hvað er að gerast?

H: Það sem er að getast er að vatnið sem umlykur fóstrið á meðan meðgöngunni stendur, svokallað legvatn, er að þrýstast niður og það hefur rutt sér út í gegnum pokann sem heldur vatninu inni; svokallaðan líknarbelg, þannig að vatnið lekur út. Þetta merkir að barnið er næstum tilbúið til þess að fæðast, og legið er farið að ýta barninu út í samdráttunum. Reyndu bara að anda rólega og ýta þegar ég segi til.

E: Allt í lagi, ég geri mitt besta.

H: Það sem ég ætla að gera núna er að fara með þig í þægilegra herbergi þar sem svæfingarlæknir kemur og gefur þér deyfingu. Ég verð hjá þér og fylgist reglula með útvíkuninni, það er hvernig legið er opna sig. Síðan kemur fæðingarlæknir bráðum til að skoða þig, ég reikna með að hann vilji vera viðstaddur fæðinguna. Treystir þú þér til að labba smá spöl? Hér styddu þig við okkur.

E: Ég get gengið. Systir mín lenti í því að naflastrengurinn vafðist um höfuðið á barninu og það leit út fyrir að vera að kafna, heldur þú að ég lendi nokkuð í því?

H: Ég vona ekki, en það er samt ekki það óalgengt. Ef það gerist set ég fingur á milli hálsins og naflastrengsins og smeygi honum af hálsinum, það er ekki svo erfitt. Ok, leyfðu mér aðeins að skoða þig...hmmm 7 sentímetrar komnir, bara 3 eftir, þetta er sárasti hlutinn, þú stendur þig vel.

E: OHHH, Kramparnir eru óbærilegir, get ég fengið eitthvað?

H: Hérna, haltu grímunni yfir andlitinu og andaðu djúpt, já svona. Mig grunar að þetta sé óvænt sitjandi fæðing, ég finn ekki fyrir höfðinu og ég held að fæturnir vísi niður.

E: Hvað meinar þú með sitjandi fæðing? Hvers veegna getur þú ekki fundið fyrir höfðinu? Er eitthvað að? Hvert ætlið þið með mig?

H: Við verðum að fara strax með þig inn í fæðingarherbergið, því miður getur túlkurinn þinn ekki verið með þér núna, við verðum bara að reyna að hafa samskipti við þig eins vel og við getum.

### **Æfing 3.**

Jónas hjartalæknir vinnur á bráðamóttökunni. Þangað leita hjón, konan (Harpa) talar, manninum (Guðjón) líður ekki vel.

J: Góðan dag. Ég heiti Jónas og er hjartalæknir, mig langar að vita hvað gerðist?

H: Við sátum niður á strönd þegar Guðjón byrjaði að grípa um brjóstið á sér og virtist finna mikið til.

J: Verkur fyrir brjóstinu? Var þetta mikill verkur?

H: Ég veit það ekki, það virtist vera þannig svo við hringdum á sjúkrabíl. Við vorum ótrúlega heppin með það að það var læknir sem vinnur við þetta sjúkrahús sem var staddur hjá okkur og ég held að hann hafi hringt hingað, sjúkrabílinn var mjög fljótur.

J: Láttu hann leggjast hérna, segðu honum að vera rólegum.

H: Fyrst héldum við að þetta væri bara millirifjagigtin, við hringdum í heimilslæknin okkar og hann sagði að Guðjón ætti bara að taka inn Íbúfen.

J: Og hann finnur enn til? Ég ætla að setja hann í hjartalínurit. Kemur síðan aftur eftir 10 mínútur. Hjartalínuritið hefur staðfest það sem mig grunaði, þetta er kransæðastífla.

H: Hvað er það? Er það hættulegt? Hvað ætlar þú að gera Jónas læknir?

J: Ekki hafa áhyggjur, hann kemur til með að jafna sig, það sem ég kem til með að gera fyrst er að senda hann í kransæðamyndatöku, og síðan í

hjartapræðingu þar sem ég víkka út og hreinsa kransæðarnar. En allra fyrst þarf ég upplýst samþykki fyrir aðgerðinni.

H: Já, Guðjón ég held þú eigir að skrifa undir hér...

J: Ok, ég legg manninn þinn inn núna, hann kemur væntanlega til með að vera inni á spítalanum í 10 daga, meðal annars til að sjá hvort að einhverjar afleiðingar vera af aðgerðinni og til að gera svólítið af prófunum í viðbót. Ef ekkert kemur upp á verður hann útskrifaður eftir þessa 10 daga. Því miður er einginn túlkur á næturvakt, en flest starfsfólkið hérna talar góða ensku.

J: Annars er ég með eina spurningu í viðbót, er maðurinn þinn með einhver ofnæmi?

H: Nei Guðjón hefur aldrei haft nein svoleiðis vandamál.

J: Gott og vel, hjúkrunarfræðingurinn kemur bráðum og fylgir ykkur þangað sem þið eigið að fara.

#### **Æfing 4**

Gunnar er í útvarpsviðtali. Ástæða þess að verið er að taka viðtal við hann er sú að í dag fer af stað beinþynningarvika landlæknisembættisins, en Gunnar þjáist af beinþynningu. Spyrill útvarpsins heitir Elísabet.

E: Góðan dag Gunnar og takk fyrir að koma í þáttinn. Í dag fer af stað sérstakt átak til að vekja athygli á beinþynningu of þeim afleiðingum sem hún getur haft á líf fólks. Gunnar, þú ert með beinþynningu ekki satt, hvernig vildi það til að þú greindist?

G: Það má segja að þetta afi byrjað fyrir um 4 árum síðan. Eg tók nú bara hreinlega eftir því að ég var að stytast! Ég hafði misst um 4 sentímetra á um það bil 12 mánuðum. Ég fór til læknis og fékk að vita að það væri nú bara ómögulegt fyrir mann á mínum aldri, en ég var bara 37 ára gamall. Til að gera langa sögu stutta fékk ég nú bara þá niðurstöðu að ég væri bara að ímynda mér þetta.

E: En þetta var nú enginn ímyndun eða hvað?

G: Nei svo sannarlega ekki! Þetta var beinþynning. Læknarnir greindu þetta bara ekki. Það var ekki fyrr en ég var búinn að brjóta 3 rifbein eftir að hafa rekið

mig utan í hurð að hlutirnir fóru að smella saman ef svo má segja. Þá fóru þeir að tengja saman þau einkenni sem ég var með; ég var að styttest, var að brotna, var með verki í liðum – allt einkenni beinþynningar. En þetta tók tíman sinn að greina rétt.

E: Og varstu þá sendur til sérfræðings?

G: Reyndar var það vegna þrjósku minnar sem heimilislæknirinn minn setti sig í samband við sérfræðing, það tók nánast heilt ár að sannfæra hann um þetta. Ég skammast mín ekkert fyrir að segja þér það að ég var orðinn mjög dapur og örvæntingarfullur yfir þessu.

E: Læknirinn hefur væntanlega verið tregur í taumi vegna bæði kyns þíns og aldurs?

G: Já það er málið, beinþynning leggst yfirleitt ekki á karla með þessum hætti, ég held að læknarnir hafi verið mjög hissa þegar beinþéttmælingar leiddu í ljós að ég var með beinþynningu.

E: Hvað getur þú sagt mér um áhættuþætti?

G: Ég get alla vega sagt þér að hæðartap í svona ungum manni er ekki eðlilegt. Og svo er það að ég hafði farið í gegnum næstum 2 ár af geilsameðferð við eitilfrumukrabbameini (Hodgkins sjúkdómi) sem einnig gæti hafa verið áhrifaþáttur í sambandi við beinþynninguna.

E: Finnst þér nauðsynlegt að breyta listanum yfir áhættuþætti?

G: Já mér finnst það, og bæta við áhættuþáttum eins og meðferðum við krabbameini og lyfjum sem eru veirudrepandi.

E: Og kannski heimilislæknar ættu að vera aðeins opnar fyrir því að karlar á öllum aldri geta fengið beinþynningu.

G: Já ég er sammála því, og ég er feginn því að það er kominn skýring á mínum vandamálum.

E: Hvað fannst þér erfiðast við þennan sjúkdóm?

G: Það sem mér fannst erfiðast var allt þetta stúss í kringum þetta og svo viðmót fólks almennt, fólki fannst eins og ég, karlmaðurinn væri nánast að

ryðjast inn á staði þar sem konur ættu einar að vera, þetta var þó alls ekki svona af hendi starfsfólksins, þetta voru meira svona athugasemdir frá fólki héðan og þaðan.

E: Og þetta eru meginástæður þess að þú tekur að þér að vera andlit átaksins út á við?

G: Já það er rétt, ég er að berjast fyrir því að það verði viðurkenndara að karlmenn þjáist líka af beinþynningu og yngra fólk sömuleiðis. Þetta er ekki vandamál sem leggst eingöngu á eldri konur. Ég held að margir karlmenn í minni stöðu myndu ekki hafa þrýst á úrlausn sinna mála einfaldlega vegna þeirra viðhorfa sem mæta manni. Fólk sem er með einkenni en tilheyrir ekki þessum klassísku áhættuhópum verður einnig að fá að njóta þeirrar þjónustu sem í boði er.

E: Getur þú sagt mér smávegis frá þessum rannsóknum sem þú þurftir að fara í?

G: Jah, ég þurfti að fara í alls 6 beinþéttmælingar, síðast þegar ég fór voru fréttirnar reyndar mjög góðar, beinmassinn hafði aukist nokkuð og það má kannski segja að ég sé við mörkin núna í stað þess að vera langt undir þeim. Meðferðin sem ég hef verið í samanstendur bæði af lyfjagjöf eins og bifosfónöt og svo mataræði sem er ríkt af bæði kalki og magnesíum.

E: En þrátt fyrir meðferðina ertu ekki beint læknaður?

G: Ég held áfram að styttest og finn mikið til í liðum vegna liðagigtarinnar. Ég verð að fara mjög varlega og geng við staf þar sem ég vil alls ekki lenda í því að detta.

E: En hvað með beinbrot?

G: Ég hef ekki brotin nein stór bein, en ég hef tábrotnað reglulega sem er frekar fúlt. Sem betur fer finn ég ekki mikið fyrir því vegna þess hversu taugarnar frammi í fætinum eru illa farnar.

E: Þakka þér fyrir þetta Gunnar, þetta hefur verið mjög upplýsandi. Kæru hlustendur nú er komið að þættinum...

## Réttarfar

### Æfing 1

Hr. Mugabe eru staddur í dómsal. Hann liggur undir grun fyrir alvarlegt afbrot, þ.e. að hafa orðið valdur að dauða ungrar konu. Krafa ákærvaldsins er að hann verði settur í gæsluvarðhald vegna rannsóknarhagsmuna. Mælendur eru: Jónas dómari, Rúnar saksóknari, Hreinn verjandi, Elísabet túlkur og Mugabe sakborningur.

J: Ég ætla að biðja viðstadda að gefa upp fullt nafn.

R: Rúnar Gestsson saksóknari.

H: Hreinn Aðalsteinsson verjandi.

E: Elísabet Tómasdóttir túlkur.

M: Jeremy Mugabe.

J: Herra Mugabe, skilur þú túlkinn þinn?

M: Já það geri ég.

J: Herra Mugabe, tilgangur þessarar skýrslutöku er að komast að því hvað gerðist aðfaranótt laugardagsins 25 ágúst 2014. Atburðarásinni hefur verið lýst þannig í beiðni saksóknara um gæsluvarðhald: Klukkan 5:45 var Ragnar Gíslason á leið til vinnu sinnar, hann var gangandi. Á Kristínarbraut gengur hann fram á unga konu sem virtist í slæmu ástandi líkamlega og var rugluð og meðvitundarlítill. Hann reynir að aðstoða ungu konuna og hringir í kjölfarið á sjúkrahús sem kom eftir því sem gögn sýna eftir um það bil 10 mínútur. Því miður lést unga konan á leið á sjúkrahúsið. Við rannsókn á andláti hennar kom í ljós að í veski hennar var að finna miða með þínu nafni og annars manns, Alfonso Dabti. Á miðanum voru bæði nöfn ykkar, heimilisföng og símanúmer. Saksóknari, ég ætla að biðja þig að hefja skýrslutökuna.

R: Hversu lengi hefur þú átt heima á Íslandi?

M: Ég hef verið á Íslandi í 5 mánuði.

R: og ert Ítalskur ríkisborgari?

M: Já, ég kom hingað með samlanda mínum, Alfonso Dabti, pabbi hans er líka frá Fílabeinsströndinni eins og minn. Hann komst í kynni við mann hér á landi sem vantaði menn í byggingarvinnu, og hann réði okkur í vinnu, við erum vanir slíkri vinnu.

R: Og þú býrð með þessum vini þínum?

M: Já við leigjum saman íbúð í Kópavogi.

R: Þú varst á landinu þann 25 ágúst síðastliðinn? Hvar varstu nákvæmlega?

M: Já ég var á landinu, ég var staddur á skemmtistaðnum Duushús.

R: Og þar hittir þú ungu konuna?

M: Já það er rétt við hittumst þá um kvöldið.

R: Hvernig stóð á því að hún var með miða með nöfnunum ykkar á? Getur þú sagt okkur hvað gerðist þessa nótt?

M: Við hittum hana þetta kvöld. Við höfðum aldrei hitt hana áður. Hún var einnig frá Ítalíu, og dökk eins og við. Hana langaði til að vera vinkona okkar. Hún sagðist vera hér á landi til að stunda vændi. Hún sagðist ekki eiga neina vini hér á landi.

R: Og hún biður ykkur um far? Hvenær var það?

M: Henni leið ekki vel. Hún var með svima. Ég held að hún hafi drukkið of mikið þetta kvöld. Hún bað okkur að skutla sér heim. Klukkan var eitthvað um 3 leytið.

R: Hvað gerðist svo?

M: Við fórum frá skemmtistaðnum. Ég keyrði en var með hræðilegan hausverk þannig að ég keyrði mjög hægt. Ég hafði áhyggjur af því að eitthvað mynd gerast.

R: En það gerðist eitthvað, ekki satt?

M: Jú, hún sagði að sér væri óglatt, hún sagði að hún þyrfti að æla, þannig að ég stoppaði bílinn og hún fór út og byrjaði að kasta upp.

R: Og þið fóruð bara? Hvers vegna keyrðuð þið hana ekki á neyðarmóttökuna?

M: Við vorum áhyggjufullir, vinur minn hafði áhyggjur, við þurfum að senda peninga út til fólksins okkar. Við vildum ekki að fólk héldi að við séum í sama bransa og hún.

R: Svona til þess að taka þetta saman, þið keyrið hana áleiðis heim á leið, hún verður veik og fer út úr bílnum til að æla og þið skiljið hana bara eftir, vitandi það að það er mjög lítil umferð þarna á þessum tíma sólarhrings, manneskju sem er að því virðist alvarlega veik.

M: Við vildum henni ekkert illt, við erum ekki vondir menn. Við þekktum hana sama og ekki neitt. Við vorum nýkomnir til landsins og langaði til að skemmta okkur og það var föstudagskvöld...Og svo byrjaði hún að kvarta og við vissum ekkert hvað við áttum að gera, við höfðum áhyggjur af löggunni.

R: Herra dómari, saksóknari hefur lokið skýrslutöku.

J: Vill verjandi spyrja vitnið?

H: Nei ekki að svo stöddu.

J: Fyrst svo er mun ég taka fyrir kröfu saksóknara og gefa úrskurð minn seinna í dag. Rétti er slitið.

## **Æfing 2**

John sem er frá Bandaríkjunum hefur verið handtekin vegna líkamsárásar. Hann er í yfirheyrslu hjá lögreglu. Sigurður rannsóknarlögregluþjónn er sá sem yfirheyrir.

S: Gefðu fullt nafn og heimilisfang takk, sýndu mér einnig vegabréfið þitteð önnur skilríki, þú skilur líka að það er lögbrot að framvísa fölskum persónuskilríkjum eða neita að gefa upp nafn.

J: John Grosgrrove, ég hef ekkert heimilisfang á Íslandi, ég er hér á ferðalagi. Ég gisti á Hótel Vegamót. Vegabréfið mitt er á hótelinu, hér er ökuskírteinið mitt.

S: Við hvað starfar þú?

J: Ég er lausráðinn blaðamaður.

S: Þú hefur stöðu grunaðs í máli 225895, þú liggur undir grun vegna brots á 218 grein almennra hegningarlaga, þ.e. líkamsárás. Þér er ekki skylt að tjá þig um



sakarefnin, en kjósir þú að gera það ertu áminntur um að segja satt. Þér hefur verð skipaður lögmaður að kostnaðarlausu, en kjósir þú að ráða þinn eigin lögmann er þér frjálst að gera það. Lögmaður þinn Þorsteinn Jóhannesen situr við hlið þér. Þér er þetta ljóst og þú skilur réttindi þín?

J: Já.

S: Segðu mér frá þeim atburðum sem leiddu til þess að Benedikt Símonarson slasaðist.

J: Ég er saklaus! Í gærkvöld þá fóru við nokkur saman á Kringlukrána. Við höfðum fengið okkur svolítið að drekka og ákváðum að fara niður í Nauthólsvík. Við skiptum okkur í tvo hópa, fórum í sitt hvorn bílinn. Ég fékk far með öðrum þeirra.

S: Hvers konar bíll var þetta, og hver keyrði þann bíl?

J: Ég held að þetta hafi verið lítill Wolkswagen, annað hvort Golf eða Póló. Golf held ég, ég held að ökumaðurinn sé Ítalskur og heiti Dario, eftirnafnið er stutt...Fo held ég; Dario Fo.

S: Hvað gerðist svo?

J: Þegar við komum niður á Hringbraut þá byrjuðu bílstjórnarnir að keyra hratt, að því er virtist í kappi hvor við annan. Þegar við vorum komin á framhjá afleggjaranum inn á Snorrabraut svínaði hinn bílstjórinn fyrir bílinn sem ég sat í. Það munaði litlu að það yrði slys. Bílstjórinn í bílnum sem ég var byrjaði að flauta, hann var virkilega reiður, það munaði mjög litlu að við myndum velta bílnum. Hann gerði síðan slíkt hið sama, keyrði fram fyrir hinn og blokkeraði hann. Þá fóru báðir bílstjórnarnir út úr bílunum sínum og fóru að rífast. Ég skildi ekkert hvað þeir voru að segja. Ég sagði við Dario, hann talar fína ensku, ekki vera að þessu, við skulum bara fara. Ég var orðinn svolítið hræddur. En þá fór hann alveg upp að hinum bílstjóranum og þeir byrjuðu að ýta hvor við öðrum. Ég fór til þeirra og reyndi að stía þeim í sundur.

S: Skýrðu frá því hvað gerðist í meiri smáatriðum.

J: Ég fór til að stía þeim í sundur, en svo var ég laminn. Hinn bílstjórinn byrjaði að blóta, eða það held ég alla vega, ég skildi þetta ekki alveg, og ég sagði við Dario að láta hann vera.

S: Hvernig stendur þá á því að Benedikt segir að þú hafir ráðist á sig?

J: Ég var bara að reyna að stíla þeim í sundur, og á sama tíma verja Dario, þann sem ég var í bílnum með.

S: Ég er með hníf hérna í þessum poka. Sérðu? Þetta er 10 sentímetra langur veiðihnífur með brúnu viðarskafti. Átt þú þennan hníf?

J: Já, en ég notaði hann ekkert!

S: Þú veist að það er ólöglegt að vera með svona hníf?

J: Það er ekki ólöglegt að ganga með svona hníf í Bandaríkjunum.

S: Við erum ekki staddir í Bandaríkjunum. Í skýrslutöku fyrr í dag segir Benedikt: „John er sá sem réðist á mig. Hann tók hníf úr jakkanum sínum, veifaði honum framan í mig, síðan sló hann mig með skaftinu á hnífnum“. Hefur þú eitthvað um þetta að setja?

J: Hann hlýtur að vera taka mannavilt. Ég er með hníf vegna þess að ég er einn að ferðast í ókunnu landi og veit geta varið mig. En svo datt hnífurinn úr vasanum á meðan á öllu þessu stóð. En það var Dario sem tók hann upp úr götunni og sló Benedikt með honum.

S: Segðu mér hvað gerðist þegar þú varst handtekin.

J: Þeir mættu á staðinn um það leyti sem Benedikt meiddist. Þeir spurðu mig hvort ég ætti þennan hníf, og ég sagði já, ég var samt ekki sá sem hélt á hnífnum þá. Ég reyndi að útskýra hvað hafði gerst en þeir settu mig bara í handjárn og fórum með mig hingað niður á lögreglustöð. Dario hlýtur að hafa kennt mér um þetta allt, og nýtt sér að ég skil ekki Íslensku.

S: OK, er eitthvað fleira sem þú vilt að komi fram?

J: Bara...ég er bara venjulegur náungi, ekki vondur maður, hnífurinn er bara til sjálfsvarnar. Dario var svolítill drukkinn þegar við lögðum af stað, vinir hans vildu ekki að hann væri að keyra.

S: Hvaða vinir voru það? Gefðu mér nöfnin þeirra og lýstu þeim fyrir mér.

J: Ég man bara eitt nafn, Robbi, hann er grannur og með dökkt hár, svona 185 sentímetrar á hæð.

S: Allt í lagi. Núna verður þú sendur aftur í klefann. Ég held að þú verðir ákærður fyrir líkamsárás og brot á vopnalögum, það sem gerist núna er að þú verður leiddur fyrir dómara, ég held að saksóknarinn vilji krefjast farbanns yfir þér. Viðtalinu er lokið.

### **Æfing 3**

Elana, brasilísk kona hefur verið ákærð fyrir innbrot. Hún á viðtal við lögfræðing sinn, Jón Magna. Viðtalið á sér stað á skrifstofu hans.

J: Samkvæmt þessu skjali hérna ertu ákærð fyrir brot á hegningarlögum, þ.e. innbrot og þjófnað, að þú hafir farið inn á heimili að Flókabraut 42 sem er kjallaraíbúð og tekið þaðan handtösku með veski í sem innihélt debetkort, kreditkort, um 14 þúsund krónur í lausafé, farsíma og græna kortið. Hvernig er það, yfirheyrðu lögreglumennirnir þig?

E: Já þeir gerðu það.

J: og þeir hafa látið þig vita að þú þyrftir ekki að tjá þig um sakarefni, og mættir hafa lögmann viðstaddan yfirheyrslu?

E: Já þeir létu mig skrifa undir einhvern pappír þess efnis.

J: Ég býst við að þeim muni kalla þig aftur til yfirheyrslu einhverja næstu daga eða í næstu viku, þá mun ég verða viðstaddur.

E: Hvað gerist næst? Verð ég sett í gæsluvarðhald? Ég er farin að hafa svolitlar áhyggjur.

J: Þú verður ekki sett í gæsluvarðhald trúi ég, ekki fyrir svona smávægilegt brot og sjálfsagt ekki í farbann heldur.

E: Og hvað svo?

J: Málið verður trúlega tekið fyrir eftir nokkra mánuði.

E: Í Brasilíu geta svona mál tekið marga mánuði og fólk er látið vera í fangelsi á meðan...

J: Segðu mér aðeins frá tildrögum þess að þú fórst þarna inn...

E: Ég var að dreifa auglýsingum, þetta er svona hlutastarf. Ég sá að glugginn var opinn og ætlaði ekki að gera neitt, freistingin við að sjá töskuna þarna á borðinu var bara svo sterk, ég á lítið barn og er alltaf svo blönk.

J: Ég á ekki von á því að réttað verði yfir þér í marga mánuði eða daga. Þú verður kölluð fyrir héraðsdóm og reikna með að þetta standi yfir í um það bil 2 tíma eða svo. Ég ráðlegg þér að lýsa yfir sekt þar sem þú varst handtekin á staðnum. Þetta var ekki skipulagt fyrirfram og þú braust þér ekki leið inn í húsið. Ég mun leggja áherslu á það í vörninni. Líklega færðu nokkurra mánaða skilorðsbundin dóm og fésekt.

E: En hvað með launin þín? Eins og ég sagði á ég næstum enga peninga...

J: Ég er kvaddur til af lögreglu og vinn samkvæmt taxta dómstólaráðs og fæ borgað úr ríkissjóði, nema auðvitað að þú verðir dæmt til borga málsvarnarlaun, en ég á ekki von á því.

## Heimildaskrá

- Adei, C. (1981). *African Law South of The Sahara*. Clayton: International Institute for Advanced Studies.
- Alþingi. (12. Júní 2008). *Grunnskólalög*. Sótt 25. Október 2013 frá Alþingi: <http://www.althingi.is/altext/stjt/2008.091.html#g39>
- Blair, T., & Ramones, D. (1996). Assessing the impact of disasters on helpers. *Journal of psychosocial nursing, 24-30*.
- Derret, D. (1963). *Introduction to Modern Hindu Law*. Oxford: Oxford University Press.
- Deslie, J. (1977). *Les pioners de l'interprétation*. Paris: Meta.
- Edwards, A. (1995). *The Practice of Court Interpreting*. Philadelphia: John Benjamins North America.
- Embætti Landlæknis. (2. September 2013). *Leiðbeiningar um heilsuvernd grunnskólabarna*. Sótt 23. Október 2013 frá Embætti Landlæknis: <http://www.landlaeknir.is/gaedi-og-eftirlit/heilbrigdisstarfsfolk/leidbeiningar-fyrir-heilsugaeslu/heilsuvernd-grunnskolarabarna/>
- Endurmenntun Háskóla Íslands. (2013). *Íslenski þroskalistinn*. Sótt 20. Nóvember 2013 frá Endurmenntu Háskóla Íslands: <http://www.endurmenntun.is/Namskeid/Fyrirstarfid/Skoda/173H13>
- Foldaskóli. (án dags.). *Uppbyggingarstefna*. Sótt 26. Október 2013 frá Foldaskóli: <http://www.skolatorg.is/kerfi/foldaskoli/skoli/default.asp?sidan=undirsida&flsIID=165&typa=67>
- Glendon, M. A., Gordon, M. W., & Carozza, P. G. (1999). *Comparative Legal Traditions in a Nutshell*. St. Paul MN: West Group.
- Guðmundsson, K., & Úlfarsdóttir, L. Ó. (2008). *Inngangur að sálfræði*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Guðmundsson, R. (23. mars 2003). *Spurning: Hversu alvarlegt þarf ástand manns að vera til þess að hann sé sviptur sálfræði?* Sótt 2. október 2013 frá Vísindavefurinn: <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=5727>
- Halldórsson, Á., & Jack, R. (2008). *Heimspeki fyrir þig*. Reykjavík: Mál og menning.
- Halldórsson, V. R. (2011). *Leikskólar - gjaldskrár - reglur*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Haraldsson, H. G. (12. Desember 2001). *Hvað er sálfræði og hver er skilgreiningin á sálfræði einstaklings?* . Sótt 27. Nóvember 2013 frá Vísindavefurinn: <https://visindavefur.hi.is/svar.php?id=2027>
- Hassan, F. (1981). *The concept of state and Law in Islam*. Washington D. C. : University Press of America.

- Héraðsdómstólar Íslands. (29. Mars 2006). *Í dómssalnum - Ákærði*. Sótt frá Vefsíða héraðsdómstólanna: <http://www.domstolar.is/greinar/nr/224/>
- History.com Staff. (2009). *Enlightenment*. Sótt frá History: <http://www.history.com/topics/enlightenment>
- Hjallastefnan. (2011). *Hjallastefnan ehf*. Sótt 20. Nóvember 2013 frá Hjallastefnan: <http://www.hjalli.is/>
- Hjallastefnan. (2011). *Meginreglur Hjallastefnunar*. Sótt 20. Nóvember 2013 frá Hjallastefnan: <http://www.hjalli.is/>
- Hmong people*. (án dags.). Sótt 13. Ágúst 2013 frá Wikipedia, the free encyclopedia: [www.wa.nrcs.usda.gov/news/Footprints/Summer08/Hmong.html](http://www.wa.nrcs.usda.gov/news/Footprints/Summer08/Hmong.html)
- Innanríkisráðuneytið. (1997). *Nauðungarvistun eyðublað*. Sótt 2. október 2013 frá Innanríkisráðuneytið: [http://www.innanrikisraduneyti.is/media/ebl\\_vistun/NV\\_naudungarv\\_ebl\\_2012.pdf](http://www.innanrikisraduneyti.is/media/ebl_vistun/NV_naudungarv_ebl_2012.pdf)
- Jones, R. (1998). *Conference Interpreting Explained*. Manchester: St. Jerome.
- Kant, I. (2003). *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kiemanh, P., Thornton, J., Engelberg, R., Jackson, J., & Curtis, R. (2008). Alterations during medical interpretations of ICU conferences that interfere or enhance communication. *Chest*, 109-116.
- Klébergsskóli. (2013). *Móttaka nýbúa*. Sótt 25. Október 2013 frá Klébergsskóli: <http://www.klebergsskoli.is/index.php/skolinn/hagnytar-upplýsingar/mottaka-nybua>
- Kristjánsson, K. (1992). *Þroskakostir*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ladany, L. (1992). *Law and Legality in China: The Testament of a China Watcher*. Hanolulu: University of Hawaii Press.
- Landlæknisembættið. (30. Júní 2005). *Lífskrá*. Sótt 11. 10 2013 frá Landlæknisembættið: <http://staff.unak.is/not/kk/landlaeknir.htm>
- Landspítalinn. (2013). *Klínískar leiðbeiningar um mat og meðferð sjúklinga á LSH sem eru hættulegir sjálfum sér og öðrum*. Reykjavík: Landspítalinn.
- Leng, S., & Chiu, H. (1985). *Criminal Justice in Post-Mao China: Analysis and Documents*. New York: State University of New York Press.
- Loewy, A. H. (1987). *Criminal Law in a Nutshell*. St. Paul: West Publishing Co.
- Mannréttindaskrifstofa Íslands og Utanríkisráðuneytið. (10. Desember 2008). *Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna*. Sótt 21. Nóvember 2013 frá Mannréttindaskrifstofa Íslands: <http://www.humanrights.is/log-og-samningar/mannrettindasamningar/sameinudutjodirnar/Undirflokkur/>

- Mennta og menningarmálaráðuneyti . (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla - almennur hluti 2011*. Reykjavík: Mennta og menningarmálaráðuneyti .
- Mennta og menningarmálaráðuneyti. (16. September 2003). *Vefrit menntamálaráðuneytisins* . Sótt 26. Október 2003 frá Mennta og menningarmálaráðuneyti:  
[http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf\\_Vefrit/122003.pdf](http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf_Vefrit/122003.pdf)
- Mennta og menningarmálaráðuneyti. (25. Júní 2010). *Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum*. Sótt 25. Október 2013 frá Mennta og menningarmálaráðuneyti: <http://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/>
- Mennta og menningarmálaráðuneyti. (3. September 2010). *Samræmd könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku - Dreifibréf til skólastjórnenda*. Sótt 25. Október 2013 frá Mennta og menningarmálaráðuneyti: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/dreifibref/nr/5593>
- Mennta og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011, almennur hluti*. Reykjavík: Mennta og menningarmálaráðuneyti.
- Mennta og menningarmálaráðuneytið . (2011). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. Reykjavík: Mennta og menningarmálaráðuneytið .
- Menntaskólinn á Ísafirði. (1. Ágúst 2013). *Gjaldskrá 2013-2014*. Sótt 2. Nóvember 2013 frá Menntaskólinn á Ísafirði: <http://misa.is/namid/gjaldskra/>
- Merryman, J. H., & Clark, D. S. (1978). *Comparative Law: Western European and Latin American Legal Systems, Cases and Materials*. Indianapolis & New York: The Bobbs Merrill Co.
- Mikkelson, H. (2000). *Introduction to Court Interpreting*. Manchester: St Jerome Publishing.
- Neyðarlínan OHF. (án dags.). *Barnaverndarmál*. Sótt 26. Nóvember 2013 frá Einn einn tveir:  
<http://www.112.is/neydarlinan/thjonustuverkefni-112/barnaverndarmal/>
- Rafnsdóttir, M. J. (án dags.). *Um barnasáttmálann*. Sótt 21. Nóvember 2013 frá Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna - vefur um réttindi barna, fyrir börn, unglinga og fullorðinna. :  
<http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/umbarnasattmalann.html>
- Roat, C. E. (2010). *Health care interpreting in small bites*. Los Angeles: Trafford Publishing.
- Roberts, R. P. (1995). *The critical link; interpreters in the community*. John Benjamins Publishing Company: Philadelphia.
- Skúlason, P. (1990). *Síðferði*. Reykjavík: Ergo.
- Supreme Court of Japan. (30. Mars 1999). *A Guide to Court Procedures*. Sótt frá Supreme Court of Japan: [www.courts.go.jp/english/procedure/index.htm](http://www.courts.go.jp/english/procedure/index.htm)
- Tanaka, H. (1976). *The Japanese Legal System: Introductory Cases and Materials*. Tokyo: University of Tokyo Press.

The United Nations General Assembly. (10 . Desember 1948). *The Universal Declaration of Human Rights*. Sótt frá United Nations: <http://www.un.org/en/documents/udhr/>

Umboðsmaður barna. (án dags.). *Fjölskyldan*. Sótt 26. Nóvember 2013 frá Umboðsmaður barna: <http://www.barn.is/barn/adalsida/malaflokkar/fjolskyldan/#2>

Umboðsmaður barna. (án dags.). *Hlutverk umboðsmanns barna*. Sótt 26. Nóvember 2013 frá Umboðsmaður barna: [http://www.barn.is/barn/adalsida/um\\_embaettid/](http://www.barn.is/barn/adalsida/um_embaettid/)

Útfararstofa Hafnarfjarðar. (án dags.). *Undirbúningur*. Sótt 12. Október 2013 frá Útfararstofa Hafnarfjarðar: <http://utfararstofa.is/index.php?page=utfoer-skipuloegd>

Valero-Garcés, C. (2012). *Emotional and Psychological Effects on Interpreters in Public Services - A Critical Factor to Bear in Mind*. Sótt 26. september 2013 frá Translation Directory.com: <http://www.translationdirectory.com/article537.htm>

Velferðarráðuneytið. (án dags.). *Almennt um félagsþjónustu sveitarfélaga*. Sótt 27. Nóvember 2013 frá Velferðarráðuneytið : <http://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/fel-sveitarf/almennt/>